

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. bekkur.....	5
2. bekkur.....	19
3. bekkur.....	33
4. bekkur.....	49
5. bekkur.....	65
6. bekkur.....	79
7. bekkur.....	93
8. bekkur.....	111
9. bekkur.....	135
10. bekkur.....	149
Valgreinar í 9. og 10. bekk.....	163

Inngangur

Skólanámskrá Heiðarskóla er unnin af öllu starfsfólki skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins. Hún er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla þar sem dregin er fram sérstaða skólans, verklagsreglur, aðaláherslur og markmið. Skólanámskráin byggir auk þess á skólastefnu, fjölskyldustefnu, starfsmannastefnu og forvarnastefnu Reykjanesbæjar.

Við leggjum áherslu á að skólanámskráin sé annars vegar skoðuð sem stefnumarkandi rit og hins vegar til upplýsinga fyrir alla þá er að skólastarfinu koma eða tengjast því á einhvern hátt.

Skólanámskráin er í þremur hlutum. Fyrst er almennur hluti sem fjallar um hina ýmsu þætti skólastarfsins. Í öðrum hluta eru bekkjarnámskrár sem er þetta rit, en þar er fjallað um námsmarkmið, kennsluhætti og námsmat í hverju fagi. Þriðji hluti er starfsmannahandbók og er sá hluti innanhúsrít.

Í samræmi við umhverfismarkmið skólans er námskráin birt á rafrænu formi á heimasíðu skólans: www.heidarskoli.is. Ef foreldrar hafa ekki aðgang að tölvu er sjálfsagt mál að fá útprentað eintak á skrifstofu skólans. Einnig er hægt að lesa námskrána á bókasafni skólans.

Skólanámskráin var endurskoðuð í ágúst 2007. Ný aðalnámskrá grunnskóla tók gildi 1. ágúst 2007 og á að koma til framkvæmda frá og með skólaárinu 2007 – 2008 eftir því sem við verður komið. Skólar hafa þrjú ár til að aðlaga skólastarfið að nýju námskránni.

Í einstökum námsgreinum hefur nú þegar farið fram nokkur vinna við að aðlaga bekkjarnámskrár að nýrri aðalnámskrá en það er ljóst að mikil vinna verður í skólanum á næstu árum til að koma nýrri aðalnámskrá að fullu til framkvæmda. Vegna þessara breytinga verða allar bekkjarnámskrár endurskoðaðar í janúar 2008 og breytingar sem verða gerðar munu birtast í bekkjarnámskrám á heimasíðu skólans.

Það er von okkar að skólanámskráin reynist upplýsandi fyrir nemendur okkar og foreldra/forráðamenn þeirra svo og alla þá er láta sig skólastarf í Heiðarskóla varða.

Heiðarskóli



Bekkjarnámskrá
1. bekkur
2007-2008



Bakgrunnsupplýsingar

Í fyrsta bekk eru 28 nemendur, 18 drengir og 10 stúlkur sem skiptast í tvær bekkjardeildir. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. Umsjónarkennarar 1. bekkja eru Eva Lilja Ólafsdóttir og Helga Björg Helgadóttir. Helena Ósk Jónsdóttir kennir íþróttir en sundkennari er Elín Gunnarsdóttir. Esther Níelsdóttir sér um danskennslu. Um tónlistarkennslu sér Dagný Jónsdóttir. Í sundi og forskóla er bekkjunum skipt til helminga.

Kennslustundir skiptast sem hér segir:

Íslenska	10 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Samfélagsfræði	2 kennslustundir
Náttúrufræði	2 kennslustundir
Kristinfræði/ lífsleikni	1 kennslustund
Íþróttir	2 kennslustundir
Forskóli/tónmennt	1 kennslustund
Heimilisfræði	1 kennslustund
Mynd- og handmennt	3 kennslustundir
Upplýsingamennt	1 kennslustund
Sund	1 kennslustund

Almenn markmið

- að nemendum líði vel í skólanum og þeir öðlist þá tilfinningu að skólinn sé öruggur og notalegur samastaður í leik og starfi
- að efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmýnd nemenda
- að efla félags, tilfinninga, hreyfi og málþroska, vitrænan þroska og skynjun
- að nemendur fái tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni á fjölbreyttan hátt

Nafnalistar eru aðgengilegir á fjölskylduvef Mentors.

Íslenska

Kennari: umsjónarkennari

Tímafjöldi: 10 kennslustundir á viku

Stuðst verður við markmið með íslenskukennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007 þar sem íslenska er í eðli sínu margþætt námsgrein og miklu skiptir að öll íslenskukennsla taki mið af því. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra flokka: **1) talað mál og hlustun, 2) lestur og bókmenntir, 3) ritun og 4) málfræði.**

Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

„Ekki er gert ráð fyrir að nemendur vinni að mörgum markmiðum í sérhverju viðfangsefni. Hins vegar þurfa þeir að átta sig á hvernig viðfangsefnin tengjast innbyrðis. Því þarf að ræða um tilgang íslenskunámsins og stuðla að því að nemendur setji sér markmið í náminu. Gildi góðrar íslenskukunnáttu þarf að skýra og setja í samhengi við námið og málnotkun nemenda.”
(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

„Góð samvinna skóla og heimila um máluppeldi og móðurmálskennslu er lykilatriði. Foreldrar og aðrir forráðamenn gegna veigamiklu hlutverki í að rækta móðurmálið og efla áhuga nemenda á því.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

„Stuðningur foreldra við heimanám nemenda er mikilvægur fyrir nemendur á öllum stigum grunnskóla.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

Íslenska verður unnin að hluta til í hópastarfi þar sem öllum árganginum er blandað saman.

Markviss málörvun

Markmið

Stefnt er að því að

- þjálfa undirstöðuatriði lestrar- og skriftarnáms svo sem heyrnar- og sjónskyn
- efla málþroska nemenda
- efla hugtakaskilning
- efla eftirtekt og einbeitingu
- nemendur læri að tjá sig og hlusta á aðra

Námsefni

Markviss málörvun, þjálfun hljóðkerfisvitundar.

Kennslutilhögun:

Kennslan fer fram í gegnum leik í 15 – 20 mínútur í upphafi skóladagsins. Leikurinn er notaður til að ná athygli barnanna, vekja áhuga þeirra um leið og leikþörf þeirra er mætt. Áhersluatriði eru þulur, romsur, hlustunarleikir, rím, orð, setningar, samstöfur og hljóð.

Lestur

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri heiti og hljóð allra bókstafanna
- nái að tengja bókstafina og mynda orð
- verði færir um að lesa léttan texta
- fái lesefni við hæfi

Námsefni

- Það er leikur að læra og vinnubækur 1 og 2, ásamt úrklippubók
- Stafahefti, eitt fyrir hvern staf (heimatilbúið ljósritað efni)
- Listin að lesa og skrifa (1 – 14)
- Ýmsar léttlestrarbækur
- Það er leikur að læra, ljósritað hefti frá Ísaksskóla
- Við lesum A ásamt vinnubók
- Leikur að orðum 1
- Ljósrituð hefti af Skólavef (1-11)
- Ýmis kennsluforrit t.d. Stafaleikir Búa og Bínu, Orðakistur Krillu, Glói geimvera og Glói á lestrareyju, A - Ö 1. og 2. þrep
- Hljóðsögur Hildar Guðmundsdóttur af Skólavefnum

Kennslutilhögun

Við lestrarkennsluna er stuðst við hljóðaaðferð en einnig fléttast fleiri aðferðir inn í kennsluna s.s. heildstæð móðurmálskennsla og LTG (lestur á talmálsgrunni). Stafainnlögn hefst í byrjun september. Einn bókstafur er kenndur á viku, bæði heiti og hljóð en einnig heilar orðmyndir. Þegar nemendur hafa náð tengingu fá þeir léttlestrarbækur sem stigþyngjast. Um leið og börnin geta lesið fá þau lestrarbækur við hæfi og lesa heima daglega. Flesta stafi munu bekkjarkennarar leggja inn fyrir sinn bekk en tvo til þrjá stafi munum við leggja inn saman fyrir allan hópinn og munu þá verða skemmtilegar uppákomur tengdar því. Við munum leggja sérstaka áherslu á að lesa fyrir nemendur í nestis og næðisstundum og einnig að þeir lesi sjálfir í skólanum þegar færni þeirra eykst.

Talað mál og framsögn

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- þjálfist í að segja frá
- taki virkan þátt í umræðum
- þjálfist í að tjá skoðanir sínar
- þjálfist í að koma fram fyrir aðra
- temji sér skýran og áheyrilegan framburð

Námsefni

- Markviss málörvun,
- Sögubækur barnanna

Kennslutilhögun

Nemendur fá tækifæri til að tjá sig fyrir framan bekkjarfélaga sína og segja frá eigin reynslu og upplifun. Jafnframt eru þeir hvattir til að tala skýrt og segja skipulega frá. Nemendum er gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig. Tvisvar yfir veturinn fá nemendur tækifæri til að koma fram á Menningarstund á sal. Einnig munum við markvisst vinna í því að fá nemendur til að koma fram og tjá sig meðal árgangsins.

Hlustun og áhorf

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- þjálfist í að hlusta á aðra
- þjálfist í að taka tillit til annarra
- geti hlustað á fyrirmæli/útskýringar og farið eftir þeim
- þjálfist í að hlusta á upplestur ýmiss konar efnis
- þjálfist í að fylgja söguþræði

Námsefni

- Ótrúleg eru ævintýrin og annað efni sem kennari velur s.s. sögur, ævintýri, leikrit, ljóð, myndbönd, hljóðsnældur

Kennslutilhögun

Nemendur hlusta á sögur, ljóð og leikrit ýmist inni í skólastofunni, á bókasafni eða í sal. Einnig verður notast við hljóð- eða myndbönd. Lögð er áhersla á að nemendur hlusti með athygli og sýni

flytjendum tillitssemi. Þjálfun í þessum þáttum fer fram í kennslustundum, Menningarstundum á sal skólans, árshátíðum og við heimsóknir rithöfunda, leikhópa, tónlistarmanna o.fl.

Ritun

Markmið

Stefnt er að því að

- þjálfra fín- og grófhreyfingar
- nemendur þekki skriftaráttina
- nemendur hafi rétt grip á skriffæri
- nemendur temji sér réttar líkamsstillingar
- nemendur læri að draga rétt til stafs
- nemendur temji sér vandvirkni og góðan frágang
- nemendur uppgötvi smá saman að það sem sagt er megi yfirfæra í ritað mál
- örva frásagnargleði nemenda
- kveikja löngun hjá nemendum til að skrifa
- efla tilfinngu fyrir rituðu máli og hlutverki þess

Námsefni

- Svona geri ég
- Það er leikur að læra og vinnubækur 1 og 2, ásamt úrklippubók
- Stafahefti, eitt fyrir hvern staf – ljósrituð hefti.
- Við lesum A ásamt vinnubók
- Það er leikur að læra, ljósritað hefti frá Ísaksskóla
- Leikur að orðum 1
- Ýmis ljósrituð hefti
- Sögubækur barnanna
- Atburðabók

Kennslutilhögun

Þjálfuð eru frumatriði skriftar svo sem réttar líkamsstillingar, rétt grip á skriffæri, grunnform stafa/talna og frágangur. Kennd er ítölsk skrift með tengikrókum. Nemendur læra að skrifa bókstafina um leið og þeir eru lagðir inn. Hvað ritunarferlinu viðkemur skrifar kennari fyrir nemendur til að byrja með. Þegar færni þeirra eykst fara þeir sjálfir að skrifa. Nemendur vinna hliðstæð ritunarverkefni heima í sögubók aðra hverja viku. Einnig vinna nemendur í atburðabók og dagbók um ýmsa atburði í daglegu lífi þeirra s.s. vettvangsferðir, menningarstundir og heimsóknir.

Bókmenntir

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri vísur og ljóð
- fái tækifæri til að lesa bækur miðað við lestrargetu og áhuga
- kynnist þekktum ævintýrum og bókmenntum
- kynnist hugtökunum höfundur, sögupersóna
- auki við orðaforða sinn
- öðlist betri tilfinningu fyrir málinu

Námsefni

- Ótrúleg eru ævintýri
- Bækur af bókasafni
- Sögur af geisladiskum

Kennslutilhögun

Daglega er lesið fyrir nemendur þeim til skemmtunar og fróðleiks. Einnig hafa nemendur greiðan aðgang að bókum við sitt hæfi í skólastofunni sem þeir geta skoðað eða lesið.

Málfræði

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- þekki hugtökin bókstafur, lítill og stór stafur, tölustafur
- þekki hugtökin, hljóð, orð og setning
- kynnist hugtökunum sérhljóði og samhljóði

Námsefni

- Málfræðin samþættist öðrum þáttum móðurmálskennslunnar.

Námsmat í íslensku

Kennari fylgist með framförum nemenda. Stafakönnun lögð fyrir reglulega. Þar er kannað hvort nemandi þekki heiti og hljóð bókstafa sem hafa verið lagðir inn og geti tengt tveggja stafa orð, þriggja stafa orð o.s.frv. Niðurstöður kannana eru kynntar í einstaklingsviðtölum við foreldra þrisvar á vetri. Að vori eru nemendur prófaðir í lestri. Þeir nemendur sem geta, fara í raddlestrarpróf (hraðapróf). Lesskilningspróf lagt fyrir að vori. Vitnisburður er birtur í einkunnabók í lok skólaárs.

- Stafakannanir - allan veturinn
- Lestrarkannanir - allan veturinn
- Tove Krogh – að hausti
- Ritmálsvitund barna 1 (lagt fyrir að hausti)
- Læsi – lestrarskimun. (1-3)
- Raddlestrarpróf að vori
- Lesskilningspróf á vorönn

Stærðfræði

Kennarar: Umsjónarkennari

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Markmið:

Stuðst verður við markmið stærðfræðikennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007. Samkvæmt námskránni er stærðfræðinámi í 7. bekk skipt í 10 þætti: **1) stærðfræði og tungumál, 2) lausnir verkefna og þrauta, 3) röksamhengi og röksmedafærslur, 4) tengsl við daglegt líf og önnur svið, 5) tölur, 6) reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat, 7) hlutföll og prósentur, 8) mynstur og algebra, 9) rúmfræði og 10) tölfræði og líkindafræði.**

„Með kennslu í stærðfræði í skólum er stefnt að því að nemendur

- öðlist næga kunnáttu til að takast á við stærðfræðileg verkefni sem upp koma í daglegu lífi og geti notað stærðfræði við margs konar störf í þjóðfélaginu
- öðlist nægilega kunnáttu til að þeir geti stundað framhaldsnám í ýmsum greinum
- kynnist stærðfræði sem hluta af menningararfi og almennri menntun“(Aðalnámskrá 2007)

Markmiðin eru:

- Að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem getur nýst nemendum í daglegu lífi og námi.
- Að efla vitsmunaproska þeirra, skipulagningu og skapandi hugsun á þeim sviðum sem tengjast stærðfræðinni.

Stærðfræðin verður unnin að hluta til í hópstarfi þar sem öllum árganginum er blandað saman.

Stærðfræði og tungumál

Stefnt er að því að nemendur

- Skrái upplýsingar
- Búi til súlurit
- Safni gögnum og vinni úr þeim
- Vinni saman í hópum og ræði viðfangsefnin
- læri ýmis hugtök og tákni sem tengjast stærðfræðinni

Lausnir verkefna og þrauta

Stefnt er að því að nemendur

- þjálfist í að leysa þrautir.
- glími í samvinnu við aðra við verkefni sem gera kröfur til frumkvæðis og hugkvæmni
- geti sett upp dæmi á sinn hátt og túlkað niðurstöður
- reyni margvísleg vinnubrögð og nálganir við lausn verkefna

Röksamhengi og röksemdafærslur

Stefnt er að því að nemendur

- þekki grunnformin (hring, þríhyrning, ferhyrning, ferning og sexhyrning)
- flokki smáhluti eftir eiginleikum og rökstyðji flokkun sína

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Stefnt er að því að nemendur

- leysi verkefni sem tengjast daglegu lífi
- mæli með óstöðluðum einingum
- kynnist tímatali (vika, mánuðir ár)
- læri á klukku (heill tími)

Tölur

Stefnt er að því að nemendur

- að nemendur þekki heiti og tákni talnanna, 0 – 20 og það sem að baki býr
- kynnist tölum upp í hundrað
- vinni með runur, vísur og þulur sem tengjast tölum
- telji áfram og afturábak

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

Stefnt er að því að nemendur

- læri stærðfræðitákni (+ - > = <)
- leysi verkefni úr daglegu lífi þar sem þarf að leggja saman, draga frá , margfalda eða deila
- læri einfaldar reikniaðgerðir

Mynstur og algebra

Stefnt er að því að nemendur

- leyti að mynstrum í umhverfi sínu
- vinni með talnamynstur

Rúmfræði

Stefnt er að því að nemendur

- beri saman form og flokki eftir eiginleikum
- beri saman flatarmyndir s.s. þríhyrninga, ferhyrninga, hringi

Tölfræði og líkindafræði

Stefnt er að því að nemendur

- noti áþreifanlega hluti til að gera súlurit og skoði niðurstöður
- ræði hvort eitthvað er líklegt eða ólíklegt

Námsefni

- Kátt er í Kynjadal
- Eining 1 og 2
- Fjölrítuð stærðfræðihefti
- Viltu reyna gulur (rauður og grænn fyrir þá sem lengra eru komnir)
- Ítarefni af vefnum
- Kennsluforrit t.d. Tölustafirnir, Skiptu jafnt, Plús og mínusdæmi fyrir 1.-4. bekk og Klukkan (heilir tímar), Bogi blýantur
- Talnavísur eftir Þórarinn Eldjárn

Kennslutilhögun

Unnið er með tölurnar frá 0 – 100. Lögð er áhersla á að tengja stærðfræðina reynsluheimi nemenda, umhverfi og daglegu líf. Jafnframt er leitast við að vinna hlutbundið og í gegnum leik, þannig að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar. Í upphafi vetrar er unnið með námsefnið Kátt er í Kynjadal sem byggist á samnefndu ævintýri. Síðan tekur við námsefnið Eining 1 og 2 auk ítarefnis.

Námsmat

Notuð verða námsmatsverkefni með Kátt er í Kynjadal, Einingu 1 og 2. Einnig verða kannanir lagðar fyrir eftir hverja bók þar sem könnuð er kunnátta og leikni í þeim þáttum sem unnið hefur verið með. Jafnframt verður fylgst með framförum og vinnu nemenda. Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms á samskiptadögum. Að auki er vitnisburður birtur í einkunnabók að vori.

Samfélagsfræði

Kennarar: umsjónarkennari

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Samfélagsfræðin verður unnin að hluta til í hópstarfi þar sem öllum árganginum er blandað saman.

Markmið

Stefnt er að því

- að efla samkennd barnanna og að þau virði hvert annað í leik og starfi
- að nemendur læri helstu umferðarreglur og tileinki sér þær
- að nemendur öðlist þekkingu á sínu nánasta umhverfi
- að nemendur læri að tjá tilfinningar sínar

Námsefni

- Skólabókin mín
- Komdu og skoðaðu umhverfið
- Ýmis kennsluforrit t.d. Komdu og skoðaðu umhverfið, Umferðarleikurinn, Innipúkinn, Húsdýravefurinn og Leikver
- Um mig og þig – ljósritað hefti
- Vettvangsferðir, t.d.berjaferð, haustlitaferð, fjöruferð, minnismerki bæjarins, Stekkjarkot og Íslendingur(fórum ekki)
- Verkefni um fiska: bækur, myndbönd, kennsluvefir og fiskar

Kennslutilhögun

Að hausti er góður tími tekinn í að kynna nemendum skólann og umhverfi hans. Einnig er umferðarfræðsla kennd í samvinnu við lögregluna og verkefni tengd henni. Nemendur taka þátt í að semja umgengnis- og bekkjarreglur til að stuðla að góðum skólaanda. Námi í samfélagsfræði er ætlað að víkka sjónvildarhorning nemenda, byggja upp þekkingu og efla samfélagsvitund þeirra. Vikulega fer allur árgangurinn saman í vettvangsferð og lögð áhersla á að nýta umhverfi nemenda til kennslu.

Samfélagsfræðin er unnin að hluta sem þemavinna og fléttast inn í aðrar námsgreinar. Í kennslunni er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti: einstaklingsvinnu, samvinnu, þemavinnu, vettvangsferðir, tilraunir og samstarf við heimilin.

Á vorönn vinna nemendur stórt verkefni um fiska í hópastarfi.

Námsmat: Foreldrar fá upplýsingar um stöðu nemenda og framvindu náms í foreldraviðtölum.

Náttúrufræði

Kennarar: umsjónarkennari

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Náttúrufræðin verður unnin að hluta til í hópastarfi þar sem öllum árganginum er blandað saman

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- öðlist þekkingu á sínu nánasta umhverfi
- geri sér grein fyrir mikilvægi ábyrgðar umgengni við náttúruna
- þjálfist í vettvangsvinnu
- læri að vinna saman, í stærri og minni hópum
- geri einfaldar tilraunir

A. Eðlisvísindi

- Þekki og vinni með hugtökin frost, hiti, kuldi. Einnig munum við skoða hvernig gufa þéttist og tala um áhrif hita á ýmis efni.
- Ljós og skuggar
- Skoði steina og flokki eftir ólíkum eðliseiginleikum,
- Kanni hvort mismunandi hlutir festast við segul

B. Jarðvísindi

- Áhrif sólarljóssins á umhverfi og lífverur.
- Breytingar í náttúrunni s.s. árstíðir
- Veðurfar, veðurkort og veðurspá

C. Lífvísindi

- að nemendur læri að þekkja eigin líkama, lögð verður áhersla á að nemendur þjálfast í að beita heitum og hugtökum yfir sjánalega líkamshluta. Einnig verður rætt um hollustu matar og tannvernd
- að nemendur læri um hreinlæti og holla lífshætti
- að nemendur þekki algengustu húsdýrin

Námsefni

- Skólabókin mín
- Komdu og skoðaðu umhverfið
- Verkefni unnin úr námsefninu "Um mig og þig"
- Ýmis verkefni af vefnum
- Verkefnablöð frá kennara
- Kennsluvefir t.d Komdu og skoðaðu umhverfið og Komdu og skoðaðu líkamann
- Verkefni um fiska: bækur, myndbönd, kennsluvefir og fiskar

Kennslutilhögun

Námi í náttúrufræði er ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu og efla skynjun á umhverfi. Vikulega fer allur árgangurinn saman í vettvangsferð og lögð verður áhersla á að nýta umhverfi nemenda til kennslu, þannig að nemendur læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og skynji samspil manns og náttúru. Eftir áramót verður fjallað um líkamann og útbúa nemendur bók sem nefnist Um mig og þig, stuðst verður að hluta til við samnefnt kennsluefni. Náttúrufræðin er unnin að hluta sem þemavinna og fléttast inn í aðrar námsgreinar. Í kennslunni er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti: einstaklingsvinnu, samvinnu, þemavinnu, vettvangsferðir, tilraunir og samstarf við heimilin.

Á vorönn vinna nemendur stórt verkefni um fiska í hópastarfi.

Námsmat

Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum. Mat á hópastarfi, markmiðum náð.

Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Kennarar: umsjónarkennarar

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Stefnt er að því

- að efla með nemendum siðferðislegan, félagslegan og trúarlegan þroska

- að nemendur temji sér samskiptareglur sem byggja á kristilegum kærleik og sáttfýsi
- að nemendur læri bænir, vers og söngva
- að nemendur þekki sögu og aðdraganda helstu hátíða kristinna manna
- að nemendur geri sér grein fyrir því að einstaklingar hafi ólíkan bakgrunn
- að nemendur fáist við siðræn viðfangsefni

Námsefni

- Undrið
- Bænakver
- Ýmis verkefni frá kennara
- Fæðing Jesú - myndband

Kennslutilhögun

Áhersla verður lögð á samskipti, vináttu og að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Fjallað er um helstu kirkjuhátíðir þ.e. jól, páska og hvítasunnu. Námsefnið er samþætt við íslensku og mynd- og handmennt.

Námsmat

Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum.

Lífsleikni

Kennari: Umsjónarkennari

Tímafjöldi: 1 tími á viku

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri að bera virðingu fyrir hver öðrum
- læri að engir tveir eru eins og allir einstakir
- reyni að setja sig í spor annarra
- efli með sér samkennd
- þjálfist í að koma fram fyrir aðra
- efli eftirtekt og einbeitingu
- læri að tjá sig og hlusta á aðra

Námsefni

- Spor 1
- Um mig og þig
- Litla lirfan ljóta (myndband)
- Ýmis verkefni frá kennara
- Verkefni tengd eineltisáætlun
- Ýma tröllastelpa – ég vil fá að vera ég sjálf
- Skessan sem átti enga vini
- Ýmis kennsluforrit t.d. Álfur
- Leiksyningar

Kennslutilhögun

Námi í lífsleikni er ætlað að efla siðferðisvitund, samskiptafærni og sjálfstraust. Unnið er eftir Olweus áætlun gegn einelti. Kennslan fer meðal annars fram í formi umræðna/funda og verkefnavinnu. Bekkjjarfundir eru haldnir einu sinni í viku. Einnig fá nemendur danskennslu. Í vikulegum vettvangsferðum verður lögð áhersla á að samþætta lífsleikni og náttúrufræði.

Námsmat

Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum

Heimilisfræði

Kennari: Umsjónarkennari.

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Stefn er að því að nemendur

- læri um mikilvægi hreinlætis
- læri um mikilvægi hollrar fæðu
- útbúi einfalda rétti
- læri um mikilvægi tannverndar

Námsefni

- Heimilisfræði fyrir byrjendur
- Karíus og Baktus, myndband
- Kennsluforrit - heimilisfræði fyrir yngsta stig

Kennslutilhögun:

Bókin Heimilisfræði fyrir byrjendur er kennd og vinna nemendur verkefnin í bókinni. Kennsla fer fram í heimilisfræðistofu skólans og í kennslustofum nemenda.

Námsmat: Foreldrar fá upplýsingar um stöðu nemenda og framvindu náms í foreldraviðtölum.

Mynd- og handmennt

Kennarar: Umsjónakennari

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku.

Mynd- og handmennt verður unnin að hluta til í hópastarfi þar sem öllum árganginum er blandað saman

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- þjálfist í að klippa, líma og mála
- vinni með ýmiss konar efnivið og liti
- þjálfri fínhyfingur og samhæfingu
- skilji mikilvægi þess að ganga frá verkefnum, eignum og áhöldum
- vinni að skapandi verkefnum
- vinni myndræna frásögn úr nánasta umhverfi

Námsefni

- vefstóll
- saumaverkefni, javi og garn
- lyklahús
- glermynd
- dúskar
- ýmis kennsluforrit t.d. Bogi blýantur og Paint

- Verkefni um fiska: bækur, myndbönd, kennsluvefir og fiskar

Kennslutilhögun

Mynd- og handmennt er samþætt við aðrar námsgreinar og sér umsjónarkennari um kennsluna. Unnin verða bæði einstaklings- og hópverkefni.

Á vorönn vinna nemendur stórt verkefni um fiska í hópastarfi.

Námsmat

Foreldrar fá upplýsinga um framvindu náms í foreldraviðtölum.

Upplýsingamennt

Kennarar: umsjónarkennari

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku.

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- kynnist tölvum og læri að umgangast þær
- læri að nota “tölvumúsina”
- kynnist kennsluforritum er hæfa aldri og getu
- uppgötvu að tölvun sé þekkingarmiðill

Kennslutilhögun

Nemendur 1. bekkjar eiga fasta tíma í tölvuveri einu sinni í viku. Notuð verða kennsluforrit sem hæfa aldri og tengjast öðru námsefni. Umsjónarkennari sér um kennsluna.

Námsmat

Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum.

Íþróttir

Kennarar: Helena Ósk Jónsdóttir

Tímafjöldi: 2 tímar í viku

Markmið: Á þessum aldri hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Leikir og markvissar hreyfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhyfingar, eru þættir sem eiga að skipa stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur leysi af hendi verkefni sem þroska jafnvægis-, sjón-, heyrnar-, snerti-, vöðva- og liðamótaskyn. Nemendur þjálfasta í grunnhreyfingum (ganga, hlaupa, skriða, hoppa o.fl.) og læra að tengja mismunandi hreyfingar saman. Þeir taka þátt í ýmsum leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og spennu. Farið verður í leiki og gerðar æfingar sem efla líkamsþol, hraða, kraft og viðbragð.

Kennslutilhögun: Til að ná þessum markmiðum verða gerðar æfingar og farið í ýmsa leiki, s.s. eltingaleiki, boltaleiki, einfalda ratleiki, staðarleiki o.fl.

Námsmat: Í formi umsagnar í lok annar og að vori þ.e. fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum.

Sund

Kennari: Elín Gunnarsdóttir.

Tímafjöldi: 1 tími í viku

Leiðir að þrepamarkmiðum Aðalnámskrá grunnskóla.

Skyn- og hreyfiþroski:

Nemendur þjálfá skyn- og hreyfiþroska í gegnum:

- mismunandi leiki (hóp-, eltinga, og samvinnuleiki)
- stöðvaþjálfun
- ýmsar léttar æfingar (aðlögun t.d. beygja hné, kreppa ökkla, fljóta, busla, blása o.fl.)
- ýmsar æfingar með áhöld, t.d. bolta , gjarðir, flár, kúta o.fl.

Líkams- og fagurþroski:

Nemendur þjálfá líkams- og fagurþroska gegnum;

- mismunandi leiki (hóp-, eltinga-, samvinnuleiki)
- æfingar og leiki með tónlist
- frjálсан leik í vatni

Félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroski:

Nemendur þjálfá félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska gegnum:

- æfinga sem krefjast samvinnu (t.d. kasta bolta á milli sín)
- reglur sem gilda á sundstað í upphafi og lok tímans
- ýmsa leiki, þar sem þau þurfa að aðstoða hvert annað og taka tillit til annarra

Vitsmunapróska:

Nemendur þjálfá vitsmunapróska í gegnum:

- þær reglur sem gilda á sundstað og sundtíma
- fyrirmæli frá kennara
- kynnist og þekki helstu hugtök sem notuð eru í byrjendakennslu í sundi

Eftir 1. bekk á nemandi að geta:

- staðið í botni og andað að sér, andlitið fært í kaf og andað frá sér endurtekið 10x
- flotæfing á bringu og baki, með eða án hjálpartækja
- bringusundsfótatökum við bakka, með eða án hjálpartækja
- skriðsundsfótatök við bakka með eða án hjálpartækja
- göngu með andlit í kafi, s.s. 2-2,5 m eða lengra

Námsmat: Umsögn og upplýsingar gefnar um stöðu nemanda á hverri önn.

Námsmat í formi skriflegrar umsagnar í lok skólaárs.



Heiðarskóli

Bekkjarnámskrá 2. bekkur 2007-2008



Bakgrunnsupplýsingar

Í 2. bekk er 50 nemendur, 24 drengir og 26 stúlkur. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. Í sundi og tónmennt er bekkjunum skipt í hópa. Umsjónarkennarar 2. bekkjar eru Auður Jónatansdóttir, Ingibjörg Pálmadóttir og Sigurbjörg Guðmundsdóttir. Um sérkennslu sér Vigdís Karlsdóttir. Hólmfríður Sigurðardóttir er stuðningsfulltrúi. Helena Ósk Jónsdóttir kennir íþróttir en sundkennari er Elín Gunnarsdóttir. Um tónlistarkennslu sér Sigrún Gróa Magnúsdóttir.

Kennslustundir skiptast milli námsgreina sem hér segir:

Íslenska	9 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Samfélagsfræði	2 kennslustundir
Náttúrufræði	2 kennslustundir
Íþróttir	2 kennslustundir
Forskóli	2 kennslustundir
Myndmennt	1 kennslustund
Textílmenn	1 kennslustund
Upplýsingamennt	1 kennslustund
Lífsleikni	1 kennslustund
Kristinfræði	1 kennslustund
Heimilisfræði	1 kennslustund
Sund	1 kennslustund

Almenn markmið

- að nemendum líði vel í skólanum og þeir öðlist þá tilfinningu að skólinn sé öruggur og notalegur samastaður í leik og starfi
- að efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda
- að efla félags, tilfinninga, hreyfi og málþroska, vitrænan þroska og skynjun
- að nemendur fái tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni á fjölbreyttan hátt

Nafnalistar eru aðgengilegir á fjölskylduvef Mentors.

Íslenska

Kennari: umsjónarkennari

Tímafjöldi: 9 kennslustundir á viku

Stuðst verður við markmið með íslenskukennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007 þar sem íslenska er í eðli sínu margþætt námsgrein og miklu skiptir að öll íslenskukennsla taki mið af því. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra flokka: **1) talað mál og hlustun, 2) lestur og bókmennir, 3) ritun og 4) málfræði.**

Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

„Ekki er gert ráð fyrir að nemendur vinni að mörgum markmiðum í sérhverju viðfangsefni. Hins vegar þurfa þeir að átta sig á hvernig viðfangsefnin tengjast innbyrðis. Því þarf að ræða um tilgang íslenskunámsins og stuðla að því að nemendur setji sér markmið í náminu. Gildi góðrar íslenskukunnáttu þarf að skýra og setja í samhengi við námið og málnotkun nemenda.”

(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

„Góð samvinna skóla og heimila um máluppeldi og móðurmálskennslu er lykilatriði. Foreldrar og aðrir forráðamenn gegna veigamiklu hlutverki í að rækta móðurmálið og efla áhuga nemenda á því.” (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

„Stuðningur foreldra við heimanám nemenda er mikilvægur fyrir nemendur á öllum stigum grunnskóla.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

Íslenska verður unnin að hluta til í samkennslu.

Lestur

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- ná í betra valdi á lestrartækninni
- örvist til lestrar með fjölbreyttum verkefnum
- auki orðaforða sinn og efli málskilning
- auki lestrarhraða og lesskilning
- hafi greiðan aðgang að bókum og lesefni í skólastofu/bókasafni

Kennslutilhögun

Við skipulag lestrarnámsins þarf að taka mið af þroska og getu hvers nemanda og velja viðfangsefni við hæfi. Nemendum er því skipt í lestrarhópa eftir lestrargetu. Í upphafi vetrar eru rifjaðir upp bókstafir sem kenndir voru síðasta vetur. Hver nemandi fær lesefni við hæfi úr bókasafni kennarans sem eru léttlestrarbækur afhentar í þyngdarröð. Nemendur lesa heima daglega með aðstoð foreldra. Nemendur velja sér að auki bækur á skólabókasafni. Stefnt er að því að nemendur lesi í hljóði í 10 til 15 mínútur á dag. Að auki fara nemendur í tölvuver einu sinni í viku þar sem þeir æfa sig í hinum ýmsu lestrarforritum.

Námsefni

- Við lesum A + vinnubók
- Við lesum B + vinnubók
- Bras og þras á Bunulæk + vinnubók
- Lesum og lærum + vinnubók
- Davíð og fiskarnir + vinnubók
- Lesum saman + vinnubók
- Hvíti kjólinn + vinnubók
- Pabbi Labbakútur (lestur og vinnubók, ljósritað hefti)
- Vinnubók AB 1-2-3
- Fjölbreytt úrval léttlestrarbóka
- Ýmis kennsluforrit svo sem Búi, Bína, A – Ö, Glói geimvera og Glói á lestrareyju, Orðakistur Krillu t.d. stafrófið ofl, Ritfinnur, Ritþjálfri, Bogi blýantur

Að auki fá allir nemendur vinnubækur í skólanum þar sem hver og einn vinnur einstaklingsmiðað samkvæmt getu. Meðal vinnubóka eru:

- Það er leikur að læra
- Leikur sá er mér kær
- Vita meira og meira
- Meira í dag en í gær
- Leikur að orðum 1, 2 og 3
- Stafir og hljóð 1B
- Ás
- verkefni með smábókum af vef Námsgagnastofnunar
- lesskilningsverkefni af Skólavef

- margvíslegt heimatilbúið efni

Námsmat

Á haustönn og vorönn er lagt fyrir yfirlitspróf í lestri og skrift. Læsi fyrir 2. bekk er lagt fyrir bæði haust og vor. Í lok hvernar annar er prófað í lestri og oftast ef með þarf (raddlestrarpróf).

Lesskilmingspróf lagt fyrir að vori. Niðurstöður kannana eru kynntar í einstaklingsviðtölum við foreldra. Vitnisburður er birtur í einkunnabók í lok skólaárs.

Talað mál og framsögn

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- þjálfist í að segja frá
- taki virkan þátt í umræðum
- geti tjáð skoðanir sínar
- temji sér skýran og eðlilegan framburð
- fái tækifæri til að syngja algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng

Kennslutilhögun

Nemendur fá tækifæri til að tjá sig fyrir framan bekkjarfélaga sína, segja frá eigin reynslu, endursegja og lesa upp eigin texta og annarra. Jafnframt eru þeir hvattir til að tala skýrt og áheyrilega og segja skipulega frá. Nemendum er gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu og læri að fara eftir þeim. Þjálfun í þessum þáttum fer fram í kennslustundum, árhátíðum o.fl. Sérstakar Menningarstundir eru reglulega á sal skólans þar sem nemendur koma fram og skemmta skólasystkinum sínum.

Hlustun og áhorf

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- þjálfist í að hlusta á aðra og taka tillit til annarra
- geti hlustað á fyrirmæli/ útskýringar og farið eftir þeim
- þjálfist í að hlusta á upplestur ýmiss konar efnis og fylgi söguþræði
- horfi á leikþætti og söngatriði ýmist af sviði eða af myndbandi

Kennslutilhögun

Nemendur hlusti á upplestur á sögum og ljóðum bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t. d. á hljóð- eða myndbandi. Lögð er áhersla á að nemendur hlusti með athygli og sýni flytjendum tillitssemi. Þjálfun í þessum þáttum fer fram í kennslustundum, Menningarstundum á sal skólans, árhátíð og eins þegar rithöfundar, leikhópar, tónlistarmenn og fl. koma í heimsókn.

Ritun

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- hafi rétt grip á skriffæri og temji sér réttar líkamsstillingar
- dragi rétt til stafs
- nái tókum á ótengdri grunnskrift með tengikrókum
- temji sér vandvirkni og góðan frágang
- geti skrifað nokkuð læsilega og hafi eðlilegt bil á milli orða
- átti sig á að málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti
- geti skrifað einfaldar setningar eftir réttum texta og upplestri
- semji texta við eigin myndir og annarra
- þjálfist í að semja sögur og ljóð og skrifa sjálfir eða með aðstoð

- átti sig á að frásögn hefur upphaf, meginmál og endi

Kennslutilhögun

Kennd er ótengd grunnskript með tengikrókum. Áfram er haldið að þjálfar frumatriði skriftar svo sem rétt grip á skriffæri, réttar líkamsstillingar, snyrtileg vinnubrögð og góðan frágang. Þá er lögð áhersla á að nemendur kynnist grunnþáttum ritunar, þ.e. læri að gera uppkast, hreinrita og gefa út verk sín. Nemendur halda dagbók sem þeir skrifa í vikulega. Einnig vinna þeir ýmiss konar ritunarverkefni í skóla tengd eigin reynslu og annarra og nota þá meðal annars atburðabók. Kennt er að setningar hafa upphaf og endi, byrji á stórum staf og enda á punkti. Jafnframt er nemendum kennt að sérnöfn byrja á stórum staf. Nemendur skrifa reglulega heima. Einnig vinna þeir í sögubók með aðstoð foreldra.

Námsefni

- Ljósrituð skriftarhefti
- Sögubók
- Dagbók
- Atburðabók
- Sögurnar mínar (ljósrituð hefti)

Námsmat

Kennari fylgist með vinnubrögðum og framförum nemenda. Skriftarpróf verður lagt fyrir að vori auk þess sem verkefnabækur verða skoðaðar með tilliti til framfara. Að auki fá foreldrar munnlegan vitnisburð í foreldraviðtölum. Vitnisburður birtur í einkunnabók að vori.

Bókmenntir og ljóð

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri vísur og ljóð
- semji sögur og ljóð
- þekki hugtökin kvæði, ljóð, vísa, rím
- kynnist þekktum sögum og ævintýrum
- þekki hugtökin kafli, persóna, söguhetja, höfundur
- þjálfist í að fá bækur að láni á skólasafni

Kennslutilhögun

Daglega er lesið fyrir nemendur þeim til skemmtunar og fróðleiks. Samhliða er sagt frá barnabókahöfundinum og öðrum verkum hans. Einnig hafa nemendur greiðan aðgang að bókum í skólastofunni sem þeir geta skoðað eða lesið.

Námsefni

- Þekktar barnabókmenntir
- Ljóða- og vísnaþætur
- Ótrúleg eru ævintýrin
- Ljóðsprotar sem nemendur fá til eignar eftir 4. bekk.

Málfræði

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri stafrófið
- átti sig á mun sérhljóða (rauðir stafir) og samhljóða (grænir stafir).
- þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð, og setning
- átti sig á að málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti

- kynnist hugtökunum samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn
- geri sér grein fyrir að orð eru til í mismunandi beygingarmyndum

Kennslutilhögun

Kennsla í málfræði er samofin kennslu í öðrum þáttum móðurmálsins á yngsta stigi.

Námsefni

- Pínulitla Ritrún
- Vinnubækur með lestrarbókum
- Fjölbreytt heimatilbúið efni.

Námsmat

Fylgst með framförum nemenda og þær ræddar við foreldra og nemendur á samskiptadegi.

Stærðfræði

Kennari: umsjónarkennari

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Markmið:

Stuðst verður við markmið stærðfræðikennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 1999. Samkvæmt námskránni er stærðfræðinámi í 2. bekk skipt í 8 þætti: **1) stærðfræði og tungumál, 2) lausnir verkefna og þrauta, 3) röksamhengi og röksemdafærslur, 4) tengsl við daglegt líf og önnur svið, 5) tölur, 6) reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat, 7) rúmfræði og 8) tölfræði og líkindafræði.**

„Með kennslu í stærðfræði í skólum er stefnt að því að nemendur:

- öðlist næga kunnáttu til að takast á við stærðfræðileg verkefni sem upp koma í daglegu lífi og geti notað stærðfræði við margs konar störf í þjóðfélaginu
- öðlist nægilega kunnáttu til að þeir geti stundað framhaldsnám í ýmsum greinum
- kynnist stærðfræði sem hluta af menningararfi og almennri menntun“ (1999)

Markmiðin eru:

- Að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem getur nýst nemendum í daglegu lífi og námi.
- Að efla vitsmunaproska þeirra, skipulagningu og skapandi hugsun á þeim sviðum sem tengjast stærðfræðinni.

Stærðfræði og tungumál

Að nemendur:

- ✓ geti samið stærðfræðisögur
- ✓ lesi texta um stærðfræðileg viðfangsefni
- ✓ geti útskýrt hvernig þeir leysi verkefni sem tengjast stærðfræði

Lausnir verkefna og þrauta

Að nemendur:

- ✓ þjálfist í að leysa þrautir í samvinnu
- ✓ glími í samvinnu við aðra við verkefni sem gera kröfur til frumkvæðis og hugkvæmni
- ✓ geti sett upp dæmi og túlkað niðurstöður

Röksamhengi og röksemdafærslur

Að nemendur:

- ✓ þjálfist í að nota röksemdafærslu við lausn verkefna
temji sér að hugsa rökrétt og geti rökrætt um talnavinnu og rúmfræði

- ✓ læri undirstöðuatriði í skák

Tölur

Að nemendur:

- ✓ þekki oddatölur og sléttar tölur
- ✓ vinni með talnalínu
- ✓ kynnist uppbyggingu tugakerfisins
- ✓ skilji tölugildi talnanna 0-100

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

Að nemendur:

- ✓ geti lagt saman, dregið frá, deilt og margfaldað til að finna lausn
- ✓ geti reiknað á vasareikni og notað önnur mismunandi hjálpargögn við úrlausn verkefna

Rúmfræði

Að nemendur:

- ✓ þekki mismunandi form, eiginleika þeirra og notagildi
- ✓ kynnist speglun
- ✓ kunni að nota mælitæki s.s. reglustiku, málband og geri tilraunir með dl

Tölfræði og líkindafræði

Að nemendur:

- ✓ kynnist gerð súlurita og kunni að lesa úr þeim
- ✓ ígrundi líkur á að atburðir gerist

Kennslutilhögun

Lögð er áhersla á fjölbreytileg vinnubrögð sem gera nemendum kleift að leysa stærðfræðileg viðfangsefni á eigin forsendum. Mikilvægt er að byggja ofan á fyrri reynslu og þekkingu nemenda. Í kennslunni er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti svo sem einstaklingsvinnu, hópavinnu samvinnu, þemavinnu, vettvangsferðir, tilraunir, umræður og samstarf við heimilin. Reynt er að tengja stærðfræðina daglegu lífi barnanna. Helstu inntakspættir námsins eru tölur, reikniaðgerðir, flokkun, röðun, mynstur/algebra, rúmfræði, þrautir, rökleiðsla, tölfræði og tengsl við daglegt líf. Leitast er við að nemendur hafi góðan aðgang að gagnasafni sem gerir þeim kleift að vinna á hlutbundinn hátt.

Unnið er með tölurnar frá 0 – 1000. Lögð verða fyrir verkefni úr daglegu lífi þar sem þarf að leggja saman, draga frá, margfalda eða skipta á milli til að finna lausn. Nemendur fara í tölvuver einu sinni í viku þar sem unnið er með hin ýmsu stærðfræðiforrit. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni heima, einu sinni til tvisvar í viku að meðaltali. Stærðfræðin verður unnin að hluta til í samkenndu innan árgangsins. Jafnframt verður samvinna við nemendur á miðstigi sem munu taka þátt í að kenna nemendum annars bekkjar að tefla.

Námsefni

- Eining 3 og 4
- Lína 3
- Viltu reyna
- Húrrahefti
- Verkefni fyrir vasareikna 1
- Fjölritað stærðfræðiefni
- Ýmis kennsluforrit svo sem Klukkan, Reiknibíllinn, Reikna + og -, Plúsdæmi fyrir 1. – 4. bekk, Mínusdæmi fyrir 1. - 4. bekk, Skiptu jafnt - deiling á einfaldan hátt, Kubbar - telja þá sem sjást o.fl.

Námsmat

Notuð verða námsmatsblöð með Einingu 3 og 4. Stærðfræðikannanir verða lagðar fyrir tvisvar til þrisvar yfir veturinn þar sem könnuð er kunnátta og leikni í þeim þáttum sem unnið hefur verið með. Jafnframt verður fylgst með framförum og vinnu nemenda. Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms á samskiptadegi. Vitnisburður er birtur í einkunnabók í lok skólaárs.

Enska

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- kynnist nokkrum orðum í ensku
- læri að kynna sig á enskri tungu
- læri að syngja lög á ensku

Enskan verður eingöngu unnin í hópavinnu, hluta úr vetri.

Samfélagsfræði

Kennari: umsjónarkennari

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri almennar samskiptareglur og skilji mikilvægi reglna jafnt í skóla sem annars staðar
- öðlist þekkingu á sínu nánasta umhverfi
- kynnist sínu sveitarfélagi
- þekki nokkur örnefni og kennileiti
- kynnist sögum tengdum heimabyggð
- fari í vettvangsferðir og þjálfist í vettvangsvinnu
- skoði þjónustustofnun í heimabyggð og kynnist störfum
- kynnist útilistaverkum í nágrenni skólans
- læri að vinna saman, í stærri og minni hópum
- þekki íslenska fánann, skjaldarmerki Íslands og söguna af landvættunum
- fái þjálfun í að segja frá og skrá atburði

Kennslutilhögun

Námi í samfélagsfræði er ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu, efla skynjun á umhverfi og auðvelda þeim þátttöku í mannlegu samfélagi. Að hausti er góður tími tekinn í að fjalla um umgengnis- og bekkjarreglur og þannig reynt að stuðla að góðum skólaanda. Stefnt er að því að fara í vettvangsferðir og nýta nánasta umhverfi nemenda til kennslu, þannig að nemendur kynnist grenndarsamfélaginu og læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.

Samfélagsfræðin er unnin að miklum hluta sem þemavinna og fléttast inn í aðrar námsgreinar. Í kennslunni er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti: einstaklingsvinnu, samvinnu, þemavinnu, vettvangsferðir, tilraunir og samstarf við heimilin. Í vetur verður unnið sérstakt þemaverkefni um landnámsmanninn Ingólf Arnarson. Verkefnið verður unnið í hópavinnu.

Námsefni

Komdu og skoðaðu líkamann, bók og kennsluforrit

Komdu og skoðaðu land og þjóð, bók og kennsluforrit (geisladiskur)
Komdu og skoðaðu landnámið
Umferðarleikur, kennsluforrit
Atburðabók

Námsmat: Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum.

Náttúrufræði

Kennari: umsjónarkennari

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Stefnt er að því að nemendur:

- þjálfist í vettvangsvinnu
- læri að vinna saman, í stærri og minni hópum
- geri einfaldar tilraunir

C. Eðlisvísindi

- ljós og skuggar
- efni og sérkenni þeirra s.s. vatn
- hreyfing, athuganir með leikfangabíla
- hitastig inni og úti - mælingar

D. Jarðvísindi

- veðrið
- sólarhringurinn
- dægra-/árstíðaskipti áhrif á gróður, skordýr og umhverfi
- umhverfisvernd
- virk og óvirk eldfjöll

E. Lífvísindi

- læri um eigin líkama
- geri athuganir á eigin líkama s.s. á hæð, stærð fótar og handar
- læri um mun á hollum og óhollum mat og holla lífshætti almennt
- þekki nokkrar algengar íslenskar plöntur s.s. beítilyng, krækilyng, sortulyng, hreindýramosa
- geri athuganir þar sem fylgst er með einföldum lísferlum s.s. sáningu fræja

Kennslutilhögun

Námi í náttúrufræði er ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu og efla skynjun á umhverfi. Stefnt er að því að fara í vettvangsferðir og nýta nánasta umhverfi nemenda til kennslu þannig að nemendur læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu, lífi og náttúru.

Náttúrufræðin er unnin að miklum hluta sem þemavinna og fléttast inn í aðrar námsgreinar. Í kennslunni er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti: einstaklingsvinnu, samvinnu, þemavinnu, vettvangsferðir, tilraunir og samstarf við heimilin. Farið er í ýmsar vettvangsferðir, svo sem berjaferð og haustlitaferð.. Í vetur verður unnið þemaverkefni um veðurfar. Verkefnið verður unnið í hópastarfi.

Námsefni

Komdu og skoðaðu líkamann, bók og kennsluforrit

Komdu og skoðaðu land og þjóð, bók og kennsluforrit
Lífsferlar, kennsluforrit
Líkami mannsins, kennsluforrit

Námsmat: Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum.

Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Kennari: umsjónarkennari

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- kynnist grundvallaratriðum kristinnar trúar
- temji sér samskiptareglur sem byggja á kristilegum kærleik og sáttfýsi
- efli siðferðislegan, félagslegan og trúarlegan þroska
- þekki sögu og aðdraganda helstu hátíða kristinna manna
- læri bænir, vers og söngva
- fáist við siðræn viðfangsefni

Kennslutilhögun

Áhersla verður lögð á að nemendur temji sér samskiptareglur sem byggja á kristilegum kærleika, sáttfýsi og umburðarlyndi. Jafnframt er leitast við að efla siðferðisvitund og ábyrga hegðun nemenda og þeir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Fjallað verður um helstu kirkjuhátíðir þ.e. jól, páska og hvítasunnu. Nemendur læra bænir, vers og kristilega söngva. Kristinfræðin er samþætt við aðrar námsgreinar.

Námsefni

- Regnboginn
- Bænakver
- Ýmis verkefni frá kennara
- Fæðing Jesú - myndband
-

Námsmat: Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum.

Lífsleikni

Kennari: umsjónarkennari

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- efli með sér tilfinningaþroska
- læri að engir tveir eru eins og allir einstakir
- reyni að setja sig í spor annarra
- sýni tillitsemi og kurteisi í samskiptum við aðra
- efli með sér samkennd og félagsfærni

- efla samstarf eldri og yngri nemenda

Kennslutilhögun

Námi í lífsleikni er ætlað að efla siðferðisvitund, samskiptafærni og sjálfstraust. Lífsleikni fléttast inn í aðrar námsgreinar. Stuðst er við bókina Spor 2 auk þess sem annað námeftni fléttast inn í kennsluna. Kennslan fer fram að miklu leyti í formi umræðna/ funda og með verkefnavinnu. Skólinn er Olweusskóli og því er unnið eftir kenningum hans um áætlun gegn einelti. Samvinna verður í vetur við nemendur í 9. og 10 bekk sem eru í valáfanganum Uppeldi og menntun. Stefnt er að því að þessir nemendur kynnist starfi kennarans, auk þess sem samstarfið stuðlar að auknum samskiptum aldurshópa í skólanum. Jafnframt verður samvinna við nemendur á miðstigi sem munu taka þátt í að kenna nemendum annars bekkjar að tefla.

Námsefni

- Spor 2
- Ávaxtakarfan, myndband
- Olweusæfingar
- Álfur – kennsluforrit

Námsmat: Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum.

Íþróttir

Kennari: Helena Ósk Jónsdóttir

Tímafjöldi: 2 tímar í viku

Markmið: Á þessum aldri hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Leikir og markvissar hreyfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhreyfingar, eru þættir sem eiga að skipa stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur leysi af hendi verkefni sem þroska jafnvægis-, sjón-, heyrnar-, snerti-, vöðva- og liðamótaskyn. Nemendur þjálfasta í grunnhreyfingum (ganga, hlaupa, skriða, hoppa o.fl.) og læra að tengja mismunandi hreyfingar saman. Þeir taka þátt í ýmsum leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og spennu. Farið verður í leiki og gerðar æfingar sem efla líkamspól, hraða, kraft og viðbragð.

Kennslutilhögun: Til að ná þessum markmiðum verða gerðar æfingar og farið í ýmsa leiki, s.s. eltingaleiki, boltaleiki, einfalda ratleiki, staðarleiki o.fl.

Námsmat: Í formi umsagnar í lok annar og að vori, þ.e. fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum.

Sund

Kennari: Elín Gunnarsdóttir

Tímafjöldi: 1 tími í viku

Markmið: Megináhersla er lögð á aðlögun barnsins að vatninu í leik og með æfingum í leik. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun á kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Í sundi er stefnt að því að nemendur leysi af hendi verkefni sem þroska jafnvægis-, sjón-, heyrnar-, snerti-, vöðva- og liðamótaskyn. Nemendur læra að spenna og slaka á vöðvum í vatni, tileinki sér samþættingu fjölbreyttra hreyfingu, s.s. að beygja hné og kreppa ökkla, spyrna sér frá bakka o.s.frv. Þeir taka þátt í ýmsum leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og spennu. Farið verður í leiki og

gerðar æfingar sem efla líkamspól, hraða, kraft og viðbragð. Einnig að þau nái tókum á fjölbreyttum æfingum og leikjum sem reyna á samspil skynfæra.

Kennslutilhögun: Í sunni verður farið í eltingaleiki, kafleiki, boltaleiki o.fl. Nemendur þjálfast í æfingum og leikjum með ýmis áhöld eins og flár, bolta, borðtenniskúlur o.fl.

Námsmat: Ætlast er til þess að nemendur í 2. bekk geti: a) Marglyttuflot með því að rétta úr sér. b) 10 metra bringusund með eða án hjálpartækja. c) 10 metra skólabaksundsátök með eða án hjálpartækja. d) Spyrna frá bakka og renna með andlit í kafi 2,5 metra eða lengra. e) Hoppa af bakka í laug. Námsmati skilað í formi skriflegrar umsagnar í lok annar og að vori.

Upplýsingamennt

Kennari: umsjónarkennari

Tímajöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri umgengnisreglur í tölvuveri
- geti kveikt og slökkt á tölvu
- geti náð í forrit og gengið frá þeim
- geti beitt tölvumús
- kunni að nota nokkra sérlykla
- kynnist kennsluforritum er hæfa aldri og getu
- uppgötvu að tölvan sé þekkingarmiðill

Kennslutilhögun

Nemendur eiga fasta tíma í tölvuveri og vinna verkefni í tölvunum sem tengjast við aðrar námsgreinar.

Námsmat: Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum.

Heimilisfræði

Kennari: umsjónarkennari

Tímajöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið:

Að nemendur:

- þekki fæðuhringinn
- skilji mikilvægi góðrar tannhirðu.
- læri um mikilvægi hreinlætis og hollrar fæðu
- öðlist þekkingu og leikni í léttum eldhússtörfum
- þjálfist í að ganga frá eftir sig

Námsefni:

- Hollt og gott, heimilisfræði fyrir 2. bekk
- Heimilisfræði fyrir yngsta stig, kennsluforrit

Kennslutilhögun: Nemendur vinna verkefni úr bókinni, bæði verkleg og bókleg. Lögð er áhersla á að nemendur vinni saman og gangi frá eftir sig. Verklegur þáttur heimilisfræðinnar verður unnin í hópastarfi.

Námsmat: Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum

Myndmennt

Kennari: umsjónarkennari

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- þjálfist í því að mála, líma og klippa
- vinni með ýmiss konar efnivið og liti
- þjálfist gróf- og fínhreyfingar og samhæfi hug og hendur
- efli frumkvæði og sköpunarhæfileika
- læri að ganga frá eftir sig

Kennslutilhögun

Áhersla verður lögð á fjölbreyttan efnivið, vinnubrögð, sköpunargleði og góðan frágang. Farið verður í vettvangsferðir, m.a. bæjarlistaverk skoðuð og unnið með afrakstur þeirra. Myndlist er að miklu leyti samþætt við aðrar námsgreinar. Unnin verða bæði einstaklings- og hópverkefni. Myndmennt verður unnin að hluta til í hópstarfi þar sem öllum árganginum er blandað saman.

Námsmat: Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum.

Textílmennt

Kennari: umsjónarkennari

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- efli sköpunarhæfileika og frumkvæði
- þjálfist gróf- og fínhreyfingar og samhæfi hug og hendur
- vinni með margvíslegan efnivið
- saumi einföld útsaumsspor
- læri að þræða nál og ganga frá enda
- þjálfist í að vinna með eigin teikningu
- læri að mála og þrykkja á efni
- læri að ganga frá eftir sig

Kennslutilhögun

Hálfur bekkur er í textílmennt í einu. Við sum verkefni er öllum árganginum blandað saman og skipt í hóp. Nemendur vinna einföld verkefni úr margvíslegum efnivið. Lögð er áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum, vandvirkni og góðan frágang. Að hluta til er textílmennt samþætt við aðrar námsgreinar. Unnin verða bæði einstaklings- og hópverkefni.

Námsmat: Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum



Heiðarskóli

Bekkjarnámskrá
3. bekkur
2007-2008



Bakgrunnsupplýsingar

Í árgangnum eru 40 nemendur. Umsjónarkennarar eru Fanney Petra Ómarsdóttir og Guðbjörg S. Pálmarsdóttir. Stuðningsfulltrúi í bekknum er Drífa Guðmundsdóttir.

Kennslustundir skiptast milli námsgreina sem hér segir

Íslenska	7 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Samfélagsfræði	2 kennslustundir
Náttúrufræði	2 kennslustundir
Kristinfræði	1 kennslustund
Lífsleikni	1 kennslustund
Upplýsingamennt	2 kennslustundir
Tónmennt	2 kennslustundir
Íþróttir	2 kennslustundir
Sund	1 kennslustund
Myndlist	2 kennslustundir hálfan veturinn
Heimilisfræði	2 kennslustundir hálfan veturinn
Textílmenn	2 kennslustundir hálfan veturinn
Smíði	2 kennslustundir hálfan veturinn

Almenn markmið

- að nemendum líði vel í skólanum og þeir öðlist þá tilfinningu að skólinn sé öruggur og notalegur samastaður í leik og starfi
- að efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda
- að efla félags, tilfinninga, hreyfi og málþroska, vitrænan þroska og skynjun
- að nemendur fái tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni á fjölbreyttan hátt

Nafnalistar eru aðgengilegir á fjölskylduvef Mentors.

Íslenska:

Kennarar: Fanney Petra Ómarsdóttir og Guðbjörg S. Pálmarsdóttir

Tímafjöldi 7 kennslustundir á viku

Stuðst verður við markmið með íslenskukennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007. Markmiðum er skipað í fjóra flokka. Þeir eru: **1) lestur og bókmenntir 2) talað mál og hlustun 3) ritun 4) málfræði.**

Innan þessara markmiða eru margt sem skarast eða fléttast saman. „Til dæmis eru mikil tengsl á milli náms í lestri og ritun og taka þarf mið af því í kennslu. Bókmenntamarkmið eru í flokki með lestrarmarkmiðum meðal annars til að vekja athygli á mikilvægi þess að nemendur verði læsir á eigin menningu og annarra. Mestu skiptir að skipuleggja íslenskukennslu þannig að nám nemenda verði heildstætt. Tengsl markmiða innan námsþátta og viðfangsefna eru mikilvæg, jafnvægi þeirra og stígangi í náminu.“(2007:8)

Lestur og bókmenntir

„Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar. Hún er einnig forsenda lestraráhuga og þess að njóta bókmennta til afþreyingar og skemmtunar. Lestur eykur orðaforða og stuðlar að betra valdi á máli en hvort tveggja er mikilvægt í mannlegum samskiptum.“(2007:9)

Markmið

Stefnt er að því að nemendur eigi að:

- geta lesið sér til gagns og gamans, hátt og í hljóði
- kunna að afla sér upplýsinga úr bókum og af netinu
- þekkja nokkur hugtök í bragfræði svo sem kvæði, þulu, vísu, ljóðlínu og erindi
- auka leshraða og lesskilning
- geta valið sér bækur eftir áhugasviði og lesið sögur og ljóð sér til ánægju
- þekkja hugtökin sögupráð, sögupersónur og boðskap

Námsefni

- Kóngar í ríki sínu + vinnubók
- Kóngar í ríki sínu og prinsessan + vinnubók
- Kóngar í ríki sínu og krummi + vinnubók
- Nauðlendinginn
- Loftur og gullfuglarnir
- Einn í óbyggðum + vinnubók
- Til sjós og lands + heimatilbúið efni frá kennurum
- Ljóðsprotar
- Ótrúleg eru ævintýri
- Yndislestur (frjálslestrarbækur)

Vinnubækur

Leikur að orðum II og III, auk margvíslegs heimatilbúins efnis.

Kennslutilhögun

Nemandi/kennari velur aukabók úr bókasafni skólans/kennarans. Hver nemandi les daglega í þessum bókum heima og eins oft og unnt er í hverri viku hjá kennara. Jafnframt fær hann lestrarbækur með vinnubókum til þjálfunar lestrar, skilnings, skriftar og frágangs. Nemendum er skipt í hópa eftir lestrargetu. Lesið verður fyrir nemendur daglega bæði til skemmtunar og fróðleiks. Lestraráttak verður tvisvar yfir veturinn, með sérstakri áherslu á lesskilning og lestrarhraða. Nemendur skrifa ljóð í kennslustundum. Samhliða verður þeim sagt frá helstu ljóðskáldum, barnabókahöfundum og bókmenntum.

Heimanám

Nemendur lesa heima daglega, ef vinnubók fylgir lestrarbók er unnið í hana samhliða.

Námsmat

Í september, nóvember og maí verður hraðlestrarpróf
Lesskilningspróf verður í nóvember og maí

Talað mál og hlustun

Markmið

Stefnt er að því að nemendur eigi að:

- hafa skýran og áheyrilegan framburð
- hafa lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- vera fær um að tjá sig frammi fyrir hópi og standa fyrir máli sínu
- geta sagt frá eftirminnilegum atburðum
- hafa tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum
- hafa hlustað á upplestur, sögur, leikrit og ljóð
- þekkja fróðleik, svo sem þulur og þjóðsögur

Námsefni

- Frjálslestrarbækur
- Sögugerðabækur
- Ljóðspor

Kennslutilhögun

Nemendur eru þjálfaðir í að koma fram og lesa t.d. úr sögugerðabók og frjálslestrarbók. Hvert barn fær það verkefni einu sinni á vetri að segja frá skáldsögu sem það velur í samráði við kennara. Nemendur segja frá heiti bókar, lengd hennar, söguþræði, höfundu og aðalsögupersónu. Nemendur flytja auk þess ljóð fyrir bekkinn, bæði frumsamin og eftir aðra. Einnig eru nemendum gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu og læri að fara eftir þeim. Nemendur hlusta á upplestur á sögum og ljóðum bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. á hljóð- eða myndbandi. Lögð er áhersla á að nemendur hlusti með athygli og sýni flytjendum tillitssemi.

Ritun

„Greina má þjálfun í ritun í tvo meginþætti þótt þeir séu oft samofnir í reynd. Annars vegar eru tæknileg atriði, skrift, stafsetning og uppsetning texta. Hins vegar eru efnisleg atriði svo sem skipulag og málsnið. Leggja ber mikla áherslu á að nemendur nái tökum á að setja eigi efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti fyrir ólíka hópa lesenda, bæði handskrifað og á stafrænu formi.“(2007:10)

Markmið

Stefnt er að því að nemendur eigi að:

- geta skrifað skýrt og læsilega
- þekkja einfaldar stafsetningarreglur, svo sem um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum og reglur um sérhljóð á undan ng og nk
- þekkja grunnþætti í byggingu texta, inngang, meginmál og niðurlag
- hafa tjáð hugmyndir sínar og reynslu
- geta skrifað einfaldan texta á tölvu og hafa fengið leiðsögn um rétta fingrasetningu

Námsefni

- Skrift 2
- Dagbók/atburðabók
- Sögubók
- Ljósrituð hefti
- Ýmsar bókmenntir (ljóð og sögur)

Kennslutilhögun

Kennd er ótengd grunnskrift með tengikrókum. Áfram er haldið að þjálfra frumatriði skriftar svo sem rétt grip á skriffæri, réttar líkamsstillingar og áhersla lögð á snyrtileg vinnubrögð og góðan frágang. Þá er lögð áhersla á að nemendur kynnist grunnþáttum ritunar, þ.e. læri að gera uppkast og hreinrita.

Heimanám

Nemendur skrifa heima þrisvar sinnum í viku.

Einnig vinna þeir í sögubók með aðstoð foreldra, aðra hverja viku.

Námsmat

Skriftarpróf verða í janúar og maí en einnig fylgist kennari stöðugt með vinnusemi, frágangi og framförum nemenda. Að auki fá foreldrar munnlegan vitnisburð í foreldraviðtölum.

Málfræði

Markmið

Stefnt er að því að nemendur eiga að:

- geta raðað í stafrófsröð
- þekkja helstu einingar tungumálsins, bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein
- þekkja mun á sérhljóðum og samhljóðum
- kunna að ríma og hafa öðlast tilfinningu fyrir hrynjandi orða
- átta sig á að íslenska er beyginamál
- hafa kynnst mismunandi hlutverkum nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- þekkja mun samnafna og sérnafna
- þekkja hugtökin samheiti og andheiti
- þekkja einfaldan og tvöfaldan samhljóða
- þekkja ng - nk regluna
- þekkja granna og breiða sérhljóða
- kynnast n – nn reglunni
- vinna með algeng orðtök og málshætti
- læra að vinna með orðabækur og fletta upp í þeim.

Námsefni

- Litla Ritrún
- Ritrún
- Mál til komið – vinnubók ½ bók
- Ás, Tvistur og Þristur
- málfræðihefti af Skólavefnum
- auk margvíslegs heimatilbúins efnis.

Kennslutilhögun

Nemendur vinna verkefni í verkefnabókum og efni frá kennara.

Stærðfræði:

Kennarar: Fanney Petra Ómarsdóttir og Guðbjörg S. Pálmarsdóttir.

Tímafjöldi 6 kennslustundir á viku

„Kennsla á yngsta stigi byggist á reynslu og þekkingu barnanna þegar þau hefja skólagöngu. Með tímanum þróast vinna þeirra og leikur þanni að þeim verður tamt að styðjast við stærðfræðileg hugtök. Stuðla ber að slíkri þróun með því að þjálfar börnin í ýmiss konar talnavinnu, flokkun, röðun og lýsingu á eiginleikum hluta og umræðum um þá. Mikilvægt er að tengja verkefni kunnuglegu umhverfi og nota áþreifanlega hluti eða myndræn hjálpartæki.“ (2007:14)

Markmið:

Stuðst verður við markmið stærðfræðikennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007. Samkvæmt námskránni er stærðfræðinámi skipt í 10 þætti: **1) stærðfræði og tungumál, 2) lausnir verkefna og þrauta, 3) röksamhengi og röksemdafærslur, 4) tengsl við daglegt líf og önnur svið, 5) tölur, 6) reikniáðgerðir, reiknikunnátta og mat, 7) hlutföll og prósentur 8) mynstur og algebra 9) rúmfræði og 10) tölfræði og líkindafræði.**

Markmið

Stefnt er að því að nemendur eigi að:

- geta lesið og skrifað tölur, einföld töluleg gögn og stærðfræðilegan texta
- geta beitt skipulegum aðferðum við lausnir verkefna og þrauta
- geta beitt einföldum röksemdafærslum
- gera sér fyrir því hvernig hægt er að nota stærðfræði í daglegu lífi og öðrum sviðum
- kunna skil á náttúrulegum tölum frá 1 upp í 1000
- hafa náð góðum skilningi og færni í einföldum reikningi með náttúrulegar tölur
- hafa kynnst hlutföllum milli stærða og geta notað þau við lausnir einfaldra hagnýtra verkefna
- hafa unnið með mynstur í því skyni að segja fyrir um framhaldið og finna almenna reglu
- kunna skil á nokkrum algengum hugtökum sígildrar rúmfræði
- kunna ýmsar aðferðir til að flokka og setja fram töluleg gögn

Viðfangsefni m.a.

- tölurnar 0-999
- að geyma og taka til láns
- margföldun
- læri 0-10 sinnum töfluna
- deiling
- dagatal, nemendum kennt að lesa úr því
- tímatal m.a. vikur, mánuðir og ár
- klukkan
- mælingar m.a. metrar, sentimetrar, kíló og lítri
- fáist við þrautalausnir

Námsefni

Eining 5

Eining 6

Viltu reyna

Við stefnum á margföldun

Við stefnum á deilingu

Kostuleg kort og gröf

Verkefni fyrir vasareikni 2

Efni af Skólavef og önnur tengd verkefni

Ljósrituð kennsluhefti

Kennslutilhögun

Lögð verður áhersla á fjölbreytileg vinnubrögð sem gera börnunum kleift að leysa stærðfræðileg viðfangsefni á eigin forsendum. Jafnframt tengist stærðfræðivinnan daglegu lífi og reynslu barnanna, bæði í einstaklings og hópavinnu.

Heimanám

Nemendur vinna stærðfræðiverkefni heima 3-4 sinnum í viku.

Námsmat.

Námsmatsverkefni 4-5 sinnum á önn.

Stærðfræðikannanir í nóvember og maí.

Samfélagsfræði

Kennarar: Fanney Petra Ómarsdóttir og Guðbjörg S. Pálmarsdóttir.

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

„Markmið í samfélagsfræði er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig og beita sér í mannlegu samfélagi. Samfélagsgreinar fjalla um stöðu, hlutverk og möguleika mannsins í samfélagi og náttúru, í tíma og rúmi; um einingar samfélags og umhverfis frá hinu minnsta (einstaklingi, fjölskyldu, heimabyggð) til hins stærsta (þjóða heims, vistkerfa).“ (2007:5)

Markmið

- fá innsýn í sögu Íslands og þjóðhætti fyrr og nú
- geti raðað þekktum fyrirbærum í tímaröð
- vinni með einfalt rannsóknarferli og læri að skrá athuganir sínar og niðurstöður
- þekki nokkra þekktu staði á Íslandi
- kynnist himingeimnum
- þekki framleiðsluferli mjólkurafurða
- kynnist íslenskum húsdýrum og villtum dýrum
- þekki og vinni með hugtökin hiti, kuldi, frost, loft og vatn

Námsefni

Komdu og skoðuðu himingeiminn

Ísland, landið okkar

Komdu og skoðuðu landnámið

Ísland áður fyrr

Efni af Skólavef.

Tengd verkefni (Húsdýrin okkar, verkefnahefti)

Flettisþjöld (Húsdýrin okkar)

Myndbönd

Kennslutilhögun

Náminu er ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu og efla skynjun á umhverfinu. Nemendur öðlist aukinn skilning á náttúrunni og umhverfi sínu og þekki algengustu húsdýr á Íslandi og lifnaðarhætti þeirra.

Viðfangsefnið flyst frá nánasta umhverfi barnanna yfir í dreifbýlið.

Farið verður í vettvangsferðir. Ferð í Húsdýragarðinn og Mjólkursamsöluna. Unnið verður með námsefnið í þemavinnu.

Námsmat: Vinna nemenda og verkefni metin og rætt um stöðu nemenda í foreldraviðtölum.

Náttúrufræði og umhverfismennt:

Kennari: Fanney Petra Ómarsdóttir og Guðbjörg S. Pálmarsdóttir.

Tímafjöldi 2 kennslustund á viku

„Náttúruvísindin eru órjúfanlegur þáttur í menningu, nútímasamfélags og hafa mikilvægu hlutverki að gegna í almennri menntun fólks.“(2007:5)

Markmið

Að nemendur

- kynnist eðli og eiginleikum lofta.
- átti sig á hvað einkennir lifandi verur og hvað þær þurfa til að lifa.
- kynnist sólkerfinu okkar.
- þekki uppbyggingu jarðarinnar.
- kynnist einkennum ljóss á skipulegan hátt.
- kynnist eiginleika sólar og skugga.

A. Eðlisvísindi

- ljós og skuggar
- breyting á skugga eftir ljósgjafanum
- athuga og þekkja skugga
- efni og sérkenni þeirra s.s. vatn
- hitastig inni og úti - mælingar
- kynnast tunglinu, hreyfingu og breytingu þess
- þekkja mun á sól og reikistjörnunum
- ræða um geimferðir

B. Lífvísindi

- hollur og óhollur mat
- heilbrigð líferni
- geri athuganir þar sem fylgst er með einföldum lífsferlum s.s. sáningu fræja
- náttúran breytist eftir ársíðum
- lífverur af ólíkum búsvæðum og læri um atferli, vöxt og æxlun
- íslensk spendýr
- fuglar í heimbyggð
- samanburður á hvernig dýr annast afkvæmi sín

C. Jarðvísindi

- veðrið
- sólarhringurinn
- dægra-/árstíðaskipti áhrif á gróður, skordýr og umhverfi
- umhverfisvernd
- virk og óvirk eldfjöll
- skoða og fjalli um strandlengju m.a. með tilliti til mun á flóði og fjöru

- tengja dægra-og árstíðaskipti við hreyfingu sólar og jarðar
- veðurmælingar
- algengustu veðurtáknum sem notuð eru í veðurlýsingum
- tunglið orsakar sjávarföll
- jörðin er byggð upp af kjarna, möttli, jarðskorpu, lofthjúpi.
- væmin og maðurinn

Námsefni

Komdu og skoðaðu himingeiminn.

Í sveitinni með Æsu og Gauta + myndband og verkefni.

Sól og skuggi

Tunglið skoðað

Náttúran allan ársins hring, valin verkefni

Myndbönd um dýrin, tunglið, jörðina, reikistjörnurnar og sólina

Námstilhögun:

Nemendur gera tilraunir, ræða niðurstöður þeirra og gera skýrslur. Lesið er um dýrin, myndbönd skoðuð og verkefni unnin.

Vettvangsferð: Farið verður í Húsdýragarðinn og Mjólkursamsöluna.

Námsmat: Vinna nemenda og verkefni metin og rætt um stöðu nemenda í foreldraviðtölum.

Kristinfræði:

Kennari: Fanney Petra Ómarsdóttir og Guðbjörg S. Pálmarsdóttir.

Tímafjöldi 1 kennslustund á viku

„Inntak námsgreinarinnar er þríþætt. Í fyrsta lagi fræðsla um kristna trú og menningu og sögu kirkjunnar. Í öðru lagi siðferðileg viðfangsefni. Í þriðja lagi fræðsla um helstu trúarbrögð heims.“ (2007:6) „Með vaxandi fjölmenningu þarf skólinn að stuðla að auknum skilningi, gagnkvæmri virðingu og umburðarlyndi gagnvart ólíkum trúarbrögðum.“(2007:6)

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- kynnist grundvallaratriðum kristinnar trúar
- temji sér samskiptareglur sem byggja á kristinni siðfræði
- læri bænir, vers og söngva
- læri um helstu kirkjuhátíðir
- temji sér aukið umburðarlyndi gagnvart trú og menningu annarra

Námsefni

Stjarnan

Myndbönd

Geisladiskar

Kennslutilhögun

Kennd verður bókina Stjarnan en þar er stiklað á stóru úr hvoru tveggja Gamla og Nýja Testamentinu. Skrifaðir verða textar og þeir skreyttir með þar til gerðum myndum.

Horft verður á myndbönd sem tengjast efninu.

Lífsleikni:

Kennarar: Fanney Petra Ómarsdóttir og Guðbjörg S. Pálmarsdóttir

Tímafjöldi 1 kennslustund á viku

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- þekki og geti greint ýmsar tilfinningar
- efli samskiptafærni sína
- þekki og virði reglur í mannlegum samskiptum
- geri sér grein fyrir að ýmsir þættir geta haft áhrif á líðan þeirra
- verði meðvitaðir um þátt þeirra í að skapa góðan skóla
- taki þátt í að semja reglur
- læri að vinna saman í stærri og minni hópum

Einelti er ekki liðið í Heiðarskóla

- Horfir á myndband “Gegn einelti”
- Lærir skilgreiningu á einelti
- Farið í gegnum eineltishring
- Heldur bekkjarfundir a.m.k. vikulega
- Setur sér bekkjarreglur gegn einelti
- Notar námsefnið “Samvera”
- 5 ævintýri

Námsefni:

- Líf og leikur 1
- Spor 3

Kennslutilhögun:

Bekkjjarfundir, hópavinna, nám í gegnum leiki og fleira.

Upplýsingamennt:

Kennarar: Fanney Petra Ómarsdóttir og Guðbjörg S. Pálmarsdóttir

Tímafjöldi 2 kennslustundir á viku

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri umgengnisreglur í tölvuveri
- geti kveikt og slökkt á tölvum
- geti náð í forrit og gengið frá þeim
- geti beitt tölvumús
- kynnist kennsluforritum er hæfa aldri og getu
- læri fingrasetningu á ritþjálfu
- uppgötvi að tölva er þekkingarmiðill
- geti sótt efni á vef skólans og neti
- læri að nota orðabækur

Kennslutilhögun:

Nemendur fara í tölvuver og á skólasafn reglulega. Nemendur nota ritþjálfá hjá kennara. Samþætting við samfélagsfræði og íslensku.

Eftirfarandi námsvefir eru notaðir í kennslu í upplýsingatækni:

Klukkan

Plúsdæmi fyrir 1. - 4. bekk

Plús, mínus og margföldun

Þrír í röð - margföldun

Skiptu jafnt - deiling

Kubbar

Hnitakerfið

Mínusdæmi fyrir 1. - 4. bekk

Teningar

Ritfinnur

Að skrifa rétt

Glói á stærðfræðieyju

Aðrir vefir sem nota mætti í 3. bekk:

Glói á lestrareyju

Orðakistur Krillu

Komdu og skoðuðu (tengt því námsefni sem tekið er í 3. bekk)

Gullkistan

Umferðavefurinn

Lífsferlar

Íslensku húsdýrin

Fuglavefur

Skógrækt

Íslenski plöntuvefurinn

Íþróttir:

Kennari: Helena Jónsdóttir

Tímafjöldi: 2 tímar í viku

Markmið: Á þessum aldri hafa börn yfirleitt mikla hreyfipörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Leikir og markvissar hreyfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhyfingar, eru þættir sem eiga að skipa stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur þjálfist í: æfingum með stór og smá áhöld þar sem mismunandi hreyfingar er tengdar saman, grófhreyfingum og að tengja ýmsar gróf- og fínhyfingar saman. Þeir þjálfast í leikrænum æfingum og leikæfingum helstu greina. Nemendur taka þátt í ýmsum leikjum sem veita útrás fyrir hreyfipörf og efla samspil skynjunar. Farið verður í leiki og gerðar æfingar sem efla líkamspól, hraða, kraft og viðbragð.

Kennslutilhögun: Til að ná þessum markmiðum þá verða gerðar ýmsar æfingar og farið í leiki, s.s. eltingaleiki, boltaleiki, einfalda ratleiki, boðhlaup, boltaleiki. Farið verður í gegnum boltageinarnar, fimleika, frjálssar o.fl.

Námsmat: Í formi umsagnar í lok annar og að vori, þ.e. fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum.

Sund:

Kennari: Elín Gunnarsdóttir og Freyja Másdóttir

Tímafjöldi: 1 tími í viku

Markmið: Megináhersla er lögð á aðlögun barnsins að vatninu í leik og með æfingum í leik. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun á kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Í 3. bekk er stefnt að áframhaldandi uppbyggingu sundnáms frá fyrstu tveimur skólaárunum en auka áherslu á grunnhreyfingar sundtaka í bringusundi og skriðsundi. Í sundi taka nemendur þátt í æfingum, með og án áhaldna, sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar. Nemendur skulu ná tökum á fjölbreyttum æfingum sem reyna á samspil skynfæra og samhæfingu hreyfinga. Einnig taka nemendur þátt í ólíkum sundleikjum sem krefjast hlustunar, takts, samhæfingar og samvinnu. Ætlast er til þess að nemendur í 3. bekk geti: a) 12 metra bringusund. b) 12 metra skólábaksund með eða án hjálpartækja. c) 6 metra skriðsundsfótatök með andlit í kafi og arma teygða fram. d) 6 metra baksundsfótatök með eða án hjálpartækja. e) Kafa eftir hlut.

Kennslutilhögun: Í sundi er farið í kafsundsleiki, eltingaleiki, boltaleiki o.fl. og gerðar æfingar til að ná þeim markmiðum sem ætlast er til.

Námsmat: Prófað samkvæmt 3. sundstigi aðalnámskrár. Námsmati skilað í formi skriflegrar umsagnar í lok annar og að vori.

Tónmennt:

Kennari: Guðmundur Hermannsson

Tímafjöldi: Tveir tímar á viku

Markmið:

1. Að efla sönggleði og kenna sönglög úr ýmsum áttum
2. Að kenna grundvallaratriði tónlistar
3. Að leyfa börnum að hlusta á sem fjölbreyttasta tónlist og sýna þeim fjölbreytta notkun tónlistar

Kennslutilhögun:

Nemendur koma tvisvar í viku í tónmennt. Þá er sungið, hlustað á tónlist og horft á myndbönd sem tengjast tónlist. Þá eru lengdargildi nótna og þagna kynnt og útskírð og æft að klappa einfalda takta og síðan reyna að spila á ásláttarhljóðfæri eftir einföldum nótum.

Námsefni:

Bækur úr ýmsum áttum svo sem "Það er gaman að hlusta á hermitónlist", "Það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist" Tónmennt fyrir 2. og 3. bekk kennslubækur og vinnubækur, söngbækur, Fantasy, Fantasy 2000 o.m.fl.

Námsmat: Námsmat byggist á þátttöku og virkni í tímum. Engin próf eða skrifleg verkefni.

Heimilisfræði:

Kennari: Ólöf Jónsdóttir.

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið: Að nemendur þjálfist í að fara eftir einföldum skriflegum uppskriftum og geti gengið frá eftir sig. Að nemendur þekki fæðuhringinn og sjái nauðsyn þess að borða úr öllum hólfum hans

daglega. Að nemendur verði meðvitaðri um umhverfisvernd. Að nemendur geti unnið í samvinnu við aðra.

Námsefni: Hollt og gott, námsefni fyrir 3 bekk. Ljósrit frá kennara og myndböndin Burstaprinsessan og Hvaðan kemur mjólkinn.

Kennslutilhögun: Nemendur vinna verkefni úr bókinni, bæði verkleg og bókleg. Í verklegum tímum borða nemendur oftast það sem þau búa til í tímanum en stundum er bakað og þá fá þau að fara með það heim. Nemendur vaska upp og ganga frá.

Námsmat: Frammistaða í tímum, kurteisi og vinnusemi.

Myndlist:

Kennari: Margrét Jónsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn

Markmið:

Kennari velur úr eftirfarandi þrepamarkmiðum eða bætir við, fer eftir þroska og getu hópsins:

Lögmál og aðferðir

- noti fjölbreytileg efni, verkfæri og aðferðir við eigin myndsköpun
- vinni myndverk á mismunandi tegundir pappírs, s.s. þrykk og klippimyndir auk teikunar og málunar
- blandi liti úr frumlitunum með áherslu á litatóna
- geri sér grein fyrir að litir hafa mismunandi áhrif, eru t.d. heitir og kaldir
- þekki grunnformin og verkun þeirra í umhverfinu með skoðun á þeim og úrvinnslu í myndgerð
- þekki einfalda myndbyggingu og mun á forgrunni, bakgrunni og miðrými ásamt kyrrð og hreyfingu í byggingu mynda
- geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum
- geri sér grein fyrir verðmæti þeirra efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni

Sögulegt og félagslegt samhengi

- viti að listamenn túlka raunveruleika og ímyndanir á ólíkan hátt í verkum sínum í nútíð og fortíð.
- viti að ýmsir þættir í menningu þjóða, t.d. þjóðsögur, ævintýri og goðsagnir, hafa áhrif á myndrænar frásagnir
- skoði mismunandi mynddæmi sem sýna ólíkar útfærslur á sama viðfangsefninu, t.d. á hugtakinu fjall eða landslag í nútíð og fortíð; áhersla skal lögð á það að myndlistarmenn nota mismunandi nálgun við sama viðfangsefni

Fagurfræði og rýni

- viti að það er ekki til einn raunveruleiki eða sannleikur í sköpun listamanna
- geti lýst munnlega áhrifum verks, t.d. hvort um er að ræða kvöld, nótt, dag o.s.frv. eða tilfinningalega þætti, s.s. gleði og sorg
- geti lýst munnlega skoðun á mynd á eigin forsendum

Námsefni: Höfundur er kennarinn.

Kennslutilhögun: Kennslan byggist á að þroska færni nemanda, námið felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og

mat hins vegar. Myndlistarkennsla skal byggjast á því að þroska færni nemanda á báðum þessum sviðum.

Sköpun/túlkun/tjáning

Þessir færniþættir vísa til notkunar nemandans á fjölbreytilegu úrvali efniviðar og miðla greinarinnar til þess að skapa og tjá tilfinningar, hugsanir, hugmyndir og lausnir.

Skynjun/greining/mat

Þessir færniþættir vísa til þekkingar og skilnings á eðli myndlistar og á menningarlegu samhengi hennar; enn fremur til hæfninnar til að skynja og skilgreina myndlist og meta á rökstuddan hátt.

Inntak myndlistarnáms er flokkað í

- o lögmál og aðferðir greinarinnar
- o félagslegt og sögulegt samhengi
- o fagurfræði og rýni

Námsmat: Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, uppdrættir og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnir til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki.

Textíl:

Kennari: Hanna Vilhjálmsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Að nemandi

- vinni með tvöfalt efni, klippi og saumi saman
- þjálfist í að klippa og þræða saman efni
- læri að sauma einföld útsaumsspor
- læri að þræða nál
- læri að ganga frá endum
- þjálfist í að klippa
- teikni, máli og liti í tengslum við textílverkefni
- vinni með liti á vefjarefni
- læri að snúa band – búa til snúru
- tileinki sé vandvirkni, góða umgengni og rétta meðferð áhalda og vél

Námsefni: Samið af kennara og kennslubókin Hannyrðir í 3.-6. bekk

Kennslutilhögun: Kennslan byggist á innlögn þar sem m.a kennari sýnir nemendum hvernig vinna á verkefnið. Markmið verkefnis eru kynnt. Flest verkefnin eru verkleg þar sem verið er að þjálfva ákveðna afmarkaða þætti.

Helstu verkefni eru, taupoki, púðakall, filtkarlar, vinaband, krossaumur

Námsmat:

- hvort markmiðum verkefnis hafi verið náð
 - o púðakall 25%
 - o poki 5%
 - o filtkarl 5%
 - o krossaumur 10%
 - o annað 5%

- áhugi og hegðun 20%
- iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki 30%

Smíði:

Kennari: Gróa Björk Hjörleifsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið: Stefnt er að því að nemandinn:

- ✓ Hafi náð valdi á að beita einföldum verkfærum smíðastofunnar á réttan hátt.
- ✓ Þekki algeng smíðæfni og verkfæri.
- ✓ Geti búið til nytjahlut út frá eigin hönnun.
- ✓ Geti yfirborðsmeðhöndlað efni, bæði með vatnsleysanlegum efnum og olíumálningu.
- ✓ Geri raunhæfar kröfur til sjálfs síns um hvaða hugmyndir hægt er að útfæra í efni eða smíðaðan hlut.
- ✓ Sýni skilning á góðri samvinnu í smíðastofu.
- ✓ Sýni vinnu annarra virðingu.

Námsefni: Verkefni útbúin af kennara og hugmyndum nemendanna sjálfra.

Kennslutilhögun: Nemendur vinna þau verkefni sem fyrir þá er lagt hverju sinni og nota til þess viðeigandi verkfæri. Lögð er rík áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, vinnusemi og jákvætt hugarfar í tímum.

Námsmat:

- hvort markmiðum verkefnis hafi verið náð
 - engill 40%
 - rammi 15%
 - lyklakippa 10%
- áhugi og hegðun 20%
- iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki 15%



Heiðarskóli

**Bekkjarnámskrá
4. bekkur
2007-2008**



Bakgrunnsupplýsingar

Í 4. bekk eru 60 nemendur í þremur bekkjardeildum, 23 drengir og 37 stúlkur. Umsjónarkennarar eru Freyja Másdóttir, Halla Tómasdóttir og Hanna Lís Einaradóttir. Í stundatöflu eru 33 kennslustundir og skiptast þær svona:

Íslenska	7
Stærðfræði	6
Samfélagsfr.	2
Náttúrufræði	2
Enska	1
Kristinfræði	1
Lífisleikni	1
Íþróttir	2
Sund	1
Tónmennt	2
Upplýsingamennt	1
Heimilsfræði	2 (hálfur bekkur í senn, skipt um áramót)
Smíðar	2 (hálfur bekkur í senn, skipt um áramót)
Textílmenn	2 (hálfur bekkur í senn, skipt um áramót)
Myndlist	2 (hálfur bekkur í senn, skipt um áramót)
Heimanám	3

Nafnalistar eru aðgengilegir á fjölskylduvef Mentors.

Íslenska:

Stuðst verður við markmið með íslenskukennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007 þar sem íslenska er í eðli sínu margþætt námsgrein og miklu skiptir að öll íslenskukennsla taki mið af því. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra flokka: **1) talað mál og hlustun, 2) lestur og bókmennir, 3) ritun og 4) málfræði.**

Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

„Ekki er gert ráð fyrir að nemendur vinni að mörgum markmiðum í sérhverju viðfangsefni. Hins vegar þurfa þeir að átta sig á hvernig viðfangsefnin tengjast innbyrðis. Því þarf að ræða um tilgang íslenskunámsins og stuðla að því að nemendur setji sér markmið í náminu. Gildi góðrar íslenskukunnáttu þarf að skýra og setja í samhengi við námið og málnotkun nemenda.”

(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

„Góð samvinna skóla og heimila um máluppeldi og móðurmálskennslu er lykilatriði.

Foreldrar og aðrir forráðamenn gegna veigamiklu hlutverki í að rækta móðurmálið og efla áhuga nemenda á því.” (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

„Stuðningur foreldra við heimanám nemenda er mikilvægur fyrir nemendur á öllum stigum grunnskóla. “ (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

Kennari: Umsjónarkennarar

Talað mál og hlustun

Menningarstund verður haldin reglulega hjá bekkjunum þar sem nemendur flytja leikrit, sögur, ljóð og söng, leika á hljóðfæri og dansa. Reynt verður að hafa einu sinni stóra menningarstund þar sem nemendur 4. bekkjar skemmta nemendum 3. bekkjar. Árshátíð Heiðarskóla er einnig stór þáttur í

töluðu máli og hlustun þar sem nemendum í 4. bekk gefst kostur á að koma fram. Söngur á sal verður reglulega í vetur undir stjórn tónmenntakennara. Að kunna að hlusta er mikilvægur þáttur í almennri menntun og gott vald á munnlegri tjáningu í móðurmáli er undirstaða tungumálanáms og nýtist í öllum öðrum námsgreinum.

Markmið

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- flytji mál sitt skýrt og áheyrilega
- kunni að meta góða framsögn og skýran málflutning
- geri sér grein fyrir ólíkum kröfum til talaðs máls eftir aðstæðum
- geti flutt ljóð utanbókar og sagt sögur eftir minni
- hafi þjálfast í rökræðum og í að tjá eigin tilfinningar og skoðanir
- hafi fengið tækifæri til að semja, horfa á og hlusta á margs konar listrænt efni
- kunni að hlusta og bregðast við á viðeigandi hátt
- taki virkan þátt í samræðum og virði viðeigandi reglur
- beri virðingu fyrir móðurmáli sínu og annarra

Kennsluhættir

Nemendur verða þjálfaðir í að koma fram, tjá sig og að hlusta á aðra. Kennari les sögur í nestistíma. Nemendur munu fá að spreyta sig á hlustunarverkefnum.

Námsmat:

Kennarar munu meta virkni nemenda, áhuga og frumkvæði þeirra.

Lestur og bókmenntir

Hver nemandi fær frjálislestrarbók við hæfi úr bókasafni skólans. Nemendur fá einnig lestrarbækur með vinnubókum til að þjálfa lestur, lesskilning, skrift og frágang. Hver nemandi les daglega í þessum tveimur bókum heima. Nemendur munu gera ýmis lesskilningsverkefni. Einnig munu nemendur þjálfa sig í að lesa upphátt fyrir aðra.

Markmið

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- lesi sér til gagns og gamans, í námi og starfi
- geti lesið margvíslega texta af öryggi og skilningi
- geti lagt mat á gildi og trúverðugleika texta og greint aðalatriði frá aukaatriðum
- kunni nokkur valin ljóð utanbókar
- geti beitt helstu hugtökum sem notuð eru í umræðu um bókmenntir
- hafi þjálfast í almennri leit að lestrarefni og upplýsingaleit
- geti nýtt sér ritaðar, tölulegar og myndrænar heimildir
- geri sér grein fyrir mikilvægi margþættrar lestrarkunnáttu
- kunni að meta íslenskan menningararf og menningu annarra þjóða

Námsefni

Lesum saman og vinnubók

Lesum meira saman og vinnubók

Sögusteinn og vinnubók af netinu

Sprelligosar, m/vinnubók
Óskasteinn og gera sjálf vinnubók (notað gagnvirkan lestur)
Hundakofi í Paradís
Nauðlendingin
Ljósrit af skólavefnum
- Nassreddín - Lesskilnings- og málfræðiverkefni og fl. lík verkefni
- Jólasögur
Frjálslestarbækur
Ljóðsprotar
Ljóð og rím, ljósritað hefti af Skólavef

Kennslutilhögun

Einstaklingskennsla verður mest notuð og nemendur vinna sjálfstætt. Nemendur lesa upphátt sögur og ljóð. Hjóðlestur verður þjálfaður. Nemendur eru þjálfaðir í að lesa úr pontu fyrir bekkjarfélag sína, ljóð og sögur. Mínútsþjöld tekin til þess að auka lestrarhraða. Hraðlestrarsprettir reglulega allt skólaárið. Nemendur læra leikræna tjáningu við upplestur.

Námsmat

Kennari fylgist stöðugt með vinnusemi og framförum nemenda m.a. í formi kannana og símats. Prófað verður í hraðlestri og lesskilningi þrisvar sinnum eða eftir þörfum hvers og eins.

Ritun

Markmið

Lögð verður áhersla á að nemandi:

- sé fær um að skrifa margvíslega texta af öryggi
- hafi góðan orðaforða og beiti ýmiss konar stílbrigðum og myndmáli
- kunni að byggja upp efnisgreinar og færa rök fyrir máli sínu
- hafi tileinkað sér skipulögð vinnubrögð við samningu ritsmíða
- geti nýtt sér leiðbeiningar um textagerð og sé tilbúinn að taka gagnrýni á eigin texta
- hafi vald á rétttritun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu
- hafi vanist við að notfæra sér hjálpargögn við ritun
- kunni að ganga frá ritsmíðum, handskrifuðum og á stafrænu formi
- geti sett saman vísu eða skrifað skáldlegan texta frá eigin brjósti

Námsefni

Skrift 4
Ljósrit frá Gunnari Þór Jónssyni
Sögugerð í sögubók
Stafsetning eftir upplestri
Dagbók

Kennsluhættir

Nemendur æfa skrift 2-4 sinnum í viku í 10 – 15 mínútur í senn. Nemendur gera sögur, bæði frjálst efni og fyrirfram ákveðið efni. Nemendur gera stafsetningaræfingar. Nemendur verða þjálfaðir í að skrifa rétt upp eftir upplestri.

Námsmat

Nemendur taka 2 sinnum á árinu stafsetningarpróf sem er hluti af íslenskuprófi. Einnig munu kennarar meta sögugerð nemanda, framfarir og frágang.

Málfræði

Markmið

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- hafi gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og ríkulegan orðaforða
- þekki helstu málfræðihugtök og geti beitt þeim í umfjöllun um tungumálið
- kunni að nýta sér upplýsingar um tungumál í ýmiss konar gagnasöfnum
- trúi á eigin málkunnáttu og rækti með sér áhuga á móðurmálinu
- þekki sérhljóð, samhljóð, sérnafn, samnafn, samheiti, andheiti, samsett orð, setningu, stafrófsröð, ng og nk reglu
- kynnist orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og átti sig á ýmsum eiginleikum þeirra, svo sem kyni og tölu
- vinni með algeng orðtök og málshætti
- læri að vinna með orðabækur og fletta upp í þeim
- fái tækifæri til að nota móðurmálið á ýmsan máta eins og t.d. í leikjum, krossgátum og þess háttar

Námsefni

Mál til komið, m/vinnubók

Skinna, grunnbók m/vinnubók (2 bækur)

Ás, tvístur og þristur

Ýmis hefti

Ljósrit af Skólavefnum

Kennsluhættir

Einstaklingskennsla verður mest notuð, en nemendur vinna einnig saman í hópum, mismunandi stórum.

Námsmat

Nemendur munu taka 2 próf á skólaárinu, hvort próf gildir 50% á móti verkefnum annarinnar. Einnig verður símat á verkefnum og frammistöðu nemanda sem tekið verður með í lokamati.

Stærðfræði:

Kennari: Umsjónarkennarar

Tímafjöldi: 6 kennslustundir

Markmið:

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- Öðlist jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar

- Nái það góðum tókum á völdum sviðum stærðfræðinnar og að á þeim megi byggja áframhaldandi nám
- Fáist við stærðfræðileg hugtök og læri að nota táknmál stærðfræðinnar
- Þjálfist í að skrá skipulega niður hjá sér úrlausnir verkefna
- Þjálfist í að nota hugann við að reikna dæmi og álykta um hugsanlega útkomu
- Öðlist þekkingu til að mæta kröfum daglegs lífs

Tölur

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- Skilji náttúrulegu tölurnar 0-1000
- Geti unnið með hærri tölur á reiknivél
- Þekki neikvæðar tölur, t.d. á hitamæli
- Geti notað tugabrot með einum eða tveimur aukastöfum
- Geti fundið hluta af heild, svo sem helming, þriðjung o.s.frv.
- Þekki sléttar tölur, oddatölur
- Geti margfaldað nokkuð auðveldlega
- Noti reiknivél til að skoða eiginleika talna
- Læri að nota tugakerfið
- Skilji grundvallaratriði tímatsins og kunni á klukku, bæði talna- og skífuklukku

Reikniaðferðir, reiknikunnátta og mat

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- Kunni samlagningu og frádrátt fyrir tölur frá 1 – 1000
- Geti sett fram margföldunartöfluna upp í 10 x 10 og nýtt sér hana
- Geti notað námundun að næsta tug til að einfalda reikninga
- Geti reiknað einföld deilingardæmi
- Skilji að líta má á deilingu sem skiptingu og einnig sem endurtekinn frádrátt
- Noti reiknivél

Hlutföll og prósentur

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- Geti metið hvort tiltekin stærð er stór eða lítil hluti af heild.
- Geti stækkað og smækkað flatarmyndir.
- Kynnist prósentuhugtakinu.

Mynstur og algebra

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- Geti búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum.
- Geti breytt mynstri af einu formi yfir á annað með því að nota m.a. töflur, hluti og reiknivélar.
- Noti ápreifanlega hluti til að átta sig á tengslum milli þátta.

Rúmfræði

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- Þekki algeng rúmfræðihugtök s.s. punkt, línu, samsíða línur.
- Þekki rétt, gleið og hvöss horn.
- Þekki hring, þríhyrning, sexhyrning, ferning, rétthyrning og samsíðung.
- Þekki höfuðáttirnar.
- Þekki og geti notað algeng mælitæki.

- Þekki mælieiningar s.s. l, dl, kg, g, km, m og cm.
- Geti merkt hnit heilla talna í hnitakerfi.
- Geti notað pappírsmót og speglanir til að búa til samhverfar myndir og form.

Tölfræði og líkindafræði

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- Geti lesið úr gögnum og túlkað gögn sem sett eru fram í töflum eða með súlurítum.
- Geti safnað, skráð og flokkað gögn og sett fram niðurstöður í töflum og með súlurítum.

Námsefni:

Eining 7 og 8

Kostuleg kort og gröf

Við stefnum á deilingu

Merkúrísus og Venus

Viltu reyna

Verkefni fyrir vasareikni (hefti 1-5)

Annað ítarefni

Línan 4, 5 og 6 fyrir þá sem lengra voru komnir

Ýmis stærðfræðispil

Jólahefti í stærðfræði, ljósritað hefti fyrir heimavinnu

Kennsluhættir:

Lögð verður áhersla á fjölbreytileg vinnubrögð sem gera nemendum kleift að leysa stærðfræðileg viðfangsefni á eigin forsendum. Þar verður leitast við að koma til móts við getu hvers og eins. Jafnframt tengist stærðfræðivinnan daglegu lífi og reynslu nemenda, bæði í einstaklings og hópavinnu. Kennari leggur inn efni á töflu eða glæru og nemendur reikna reglulega heima.

Námsmat:

Haustönn: Kannanir og verklegar æfingar 50 og próf 50%.

Vorönn: Kannanir og verklegar æfingar 50 og próf 50%.

Samfélagsfræði:

Kennari: Umsjónarkennarar

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku.

Markmið

Markmið samfélagsfræðinnar er að saman fléttist þekking, færni og tilfinning barnsins svo að það öðlist vitund um samfélagið, umhverfið og söguna (Aðalnámskrá grunnskóla 1999 – samfélagsfræði). Mikilvægt er að nemendur læri að meta landið sitt Ísland; skilji að sérhver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild, þ.e. fjölskyldu, skólasamfélagi, bæjarfélagi og þjóðfélagi.

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- Geri sér grein fyrir nokkrum þáttum fjölskyldulífs fyrri kynslóða og í öðrum löndum
- Þekki til nokkurra atriða í þróun Reykjanesbæjar
- Beri saman lifnaðarhætti í dreifbýli og þéttbýli
- Kynnist lifnaðarháttum fólks áður fyrr
- Fáí innsýn í sögu landsins
- Þekki fáein atriði íslenskrar skólasögu

Námsefni

Fjölskyldan, fjögur hefti um lifnaðarhætti fólks áður fyrr og fram til dagsins í dag. Verkefnahefti. Komdu og skoðaðu mannkynið + ljósrituð vinnubók

Kennsluhættir

Samfélagsfræði verður unnin í þemavinnu ásamt náttúrufræði. Árgangnum er skipt í þrjá hópa og vinnur hver hópur að ákveðnu verkni.

Nemendur munu lesa námsefnið með kennara, farið verður í vettvangsferðir um nánasta umhverfi og gert verkefni úr lesefni. Umræðu- og spurnaraðferð.

Námsmat

Kennari metur virkni og vinnu nemenda með símati. Nemendur munu einnig meta vinnu sína.

Náttúrufræði og umhverfismennt

Náttúruvísindin eru órjúfanlegur þáttur í menningu nútímasamfélags og hafa mikilvægt hlutverki að gegna í almennri menntun fólks.

Kennari: Umsjónarkennarar

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku.

Markmið

- Það er mikilvægt hlutverk skólans að viðhalda og styrkja forvitni og áhuga nemenda á umhverfinu. Leyfa þeim að takast á við nýjar aðstæður og viðfangsefni sem taka mið af forhugmyndum þeirra ásamt því víkka sjóndeildarhring þeirra og orðaforða. Einnig er nauðsynlegt að þroska málfar og skynjun (Aðanámskrá grunnskóla 1999 – náttúrufræði). Náttúrufræðinni er skipt í 3 flokka, lífvísindi, eðlisvísindi og jarðvísindi.

Eðlisvísindi

Nemandi

- geri sér grein fyrir hvers vegna það er mikilvægt að spara orku og endurvinna hluti
- geri sér grein fyrir hvernig við spörum orku með einangrun, s.s. lofti, sæng, úlpu, steinull, frauðplasti
- gera sér grein fyrir að andrúmsloftið er efni sem hefur rúmmál
- gera sér grein fyrir að kraftur kemur ávalt við sögu þegar breyting verður á hreyfingu
- geti mælt hitastig með því að lesa af einföldum hitamælum
- geti nefnt algengustu orkugjafana
- geti nefnt hvernig við getum sparað orku
- geri tilraunir með hvað verður um efni sem leyst hafa verið upp, geri tilraunir með leysni,
- vinni með hljóðgjafa og skoði myndun hljóðs

Jarðvísindi

Nemandi

- geti lýst áhrifum sólarljóss á umhverfi sitt

- geti fjallað um kalda vatnið, uppsprettur, hringrás í náttúrunni, nýtingu og hreinleika
- geri sér grein fyrir því að yfirborð jarðar er mismunandi
- átti sig á því að jörðin er hnöttótt

Lífvisindi

Nemandi

- geti lýst hvað greinir lífandi verur frá lífvana hlutum
- þekki að lífverur þarfnast vatns, lofts, fæðu og búsvæðis til að lifa á
- geti lýst nokkrum einföldum en ólíkum lífsferlum lífvera, s.s. fræ verður að plöntu, lírfa verður fiðrildi, úr eggi kemur ungi, barn verður til
- geti lýst áhrifum árstíðabundinna breytinga á íslenskt lífríki og lífverur í heimabyggð
- þekki að plöntur þurfa ákveðin efni og skilyrði til að lifa; sólarljós og súrefni, vatn, steinefni og koltvísýring
- geri sér grein fyrir að dýr nærast á öðrum lífverum; plöntum og/eða dýrum

Um vinnubrögð og færni

Nemandi

- fái þjálfun í að orða hugmyndir sínar og spyrja margvíslegra spurninga er varða efnissviðið
- hafi jákvætt viðhorf til verkefnavals og kynningar
- fái þjálfun í að hlusta á hugmyndir annarra barna og fullorðinna
- taki virkan þátt í umræðum
- fái þjálfun í að gera grein fyrir atburðum og hugmyndum
 - munnlega
 - skriflega
 - myndrænt

Námsefni

Náttúran allan ársins hring, valið efni
Komdu og skoðaðu hringrásir og námsvefur
Komdu og skoðaðu fjöllin og námsvefur
Út um mela og móa + ljósrituð vinnubók
Ljósritað efni frá kennara.
Ítarefni: Ekki er allt sem sýnist: hljóð

Kennsluhættir

Samfélags- og náttúrufræðin er unnin að mestu leiti sem þemavinna og fléttast inn í aðrar námsgreinar. Lögð verður áhersla á samvinnu í minni og stærri hópum. Árganginum skipt í hópa. Gerðar verða ýmsar tilraunir Vettvangsathuganir þar sem farið er bæði í styttri og lengri ferðir.

Námsmat

Kennarar fylgist stöðugt með stöðu og framförum nemenda og meta virkni og vinnu þeirra.
Nemendur meta eigin vinnu.

Enska

„Mikilvægt er að byggja upp áhuga og jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á einfaldan hátt“ (Aðalnámskrá grunnskóla 2007).

Kennari: Umsjónarkennarar

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku.

Markmið:

Hlustun

Lögð er áhersla á að nemandi:

- skilji einföld fyrirmæli kennara
- skilji einföld orð og setningar í tengslum við viðfangsefni sem eru kunnugleg
- skilji helstu kveðjur og kurteisiorð í samskiptum
- geti fylgst með í einföldu hlustunarefni, t.d. söngvum og þulum
- skilji einfaldar spurningar um viðfangsefni

Lestur

- geti lesið einfaldar setningar
- geti fylgt eftir einföldum texta með hljóði eða mynd til stuðnings

Talað mál – samskipti

- geti tekið þátt í einföldum samskiptum, t.d. kynnt sig og heilsað
- geti tekið þátt í einföldu samtali, t.d. spurt og svarað
- geti tekið undir í söng og farið með þulur

Talað mál – frásögn

- geti gefið einfaldar upplýsingar um sjálfan sig
- geti lýst hlut eða mynd á einfaldan hátt

Ritun

- geti skrifað eftir fyrirmynd orð og einfaldar setningar
- geti skrifað orð og stuttar setningar við myndir

Námefni:

Portfolio Speak Out

Portfolio Work Out

Amazing Animals lesbók og vinnubók.

Kennsluaðferð:

Notast verður við ýmsar kennsluaðferðir, hlustun, æfingar í samskiptum á ensku. Jafnframt verða nemendur þjálfaðir í ritun á einföldum enskum texta.

Námsmat:

Vinna nemenda verður metin jafnt og þétt yfir skólaárið.

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Kennari: Umsjónarkennarar

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku.

Markmið

„Nám í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum er ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda og efla skilning þeirra á íslensku samfélagi og menningu í fortíð og nútíð.“ (Aðalnámskrá grunnskóla 2007) Í ljósi vaxandi fjölmenningar í landinu og aukinna tengsla á milli ólíkra menningarsvæða í veröldinni verða nemendur fræddir á hinum ýmsu trúarbrögðum.

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- þekkja helstu hátíðir kristinnar og siði og tákni sem tengjast þeim
- þekkja kirkjuhúsið, helstu tákni, kirkjulegar athafnir og starf kirkjunnar í heimabyggð
- hafa kynnst listrænni tjáningu trúar og fengið tækifæri til listrænnar tjáningar eigin hugmynda
- hafa kynnst öðrum trúarbrögðum, svo sem gyðingdómi, íslam, búddadómi og hindúasið, lífsviðhorfum og menningu, m.a. með frásögnum af jafnöldrum
- hafa kynnst helgihaldi, siðum og nokkrum hátíðum helstu trúarbragða heims
- fái innsýn í sögu kirkjunnar
- læri bænir, vers og texta

Áhersla verður lögð á að nemendur temji sér samskiptareglur sem byggja á kristilegum kærleik, sáttfýsi og vináttu og að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Kristin fræði verður samþætt öðrum námsgreinum.

Námsefni

Birtan og verkefnabók

Ljósritað efni af vef

Kennsluhættir

Umræðu- og spurnaraðferðir. Bókin lesin í tímum og verkefni unnin út frá henni. Árgangur vinnur saman þemaverkefni sem tengist komu jóla.

Námsmat

Kennari metur vinnu nemenda.

Lífsleikni

Kennari: Umsjónarkennari

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku.

Markmið

Með því að gera lífsleikni að sérstakri námsgrein er verið að svara kalli nútímans um að búa nemandann betur undir það að takast á við lífið. Lífsleikni gefur dýrmætt tækifæri til þess að efla félagsþroska nemenda (Aðalnámskrá grunnskóla 1999 – Lífsleikni)

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- temji sér gagnrýna hugsun
- taki sjálfstæðar ákvarðanir
- virði skoðanir annarra
- virði samskiptareglur
- læri að tjá tilfinningar sínar
- þjálfist í að leysa deilumál á friðsamlegan hátt
- átti sig á mikilvægi hollra lífshátta
- átti sig á hvernig einelti er og að þeir geri sér grein fyrir því að þau geta hjálpað til í baráttunni

Einelti er ekki liðið í Heiðarskóla

Nemandi

- horfir á myndband “Gegn einelti”
- vinnur að myndgerð/ljóð um samskipti og einelti
- lærir skilgreiningu á einelti
- farið í gegnum eineltishring
- heldur bekkjarfundi a.m.k. hálfsmánaðarlega
- setur sér bekkjarreglur gegn einelti
- vinnur stærra þemaverkefni um samskipti og einelti
- gerðum stórt þemaverkefni tengdu samskiptum og vináttu.

Kennsluhættir:

Kennslan fer fram í formi samræðna, samlestrar og verkefnavinnu. Einnig verður farið í hlutverkaleiki og verkefni tengd verkefninu Olweus á Íslandi.

Vináttu verður sérstaklega tekin fyrir.

Námsefni:

Krakkar í kirkju og vinnubók

Samvera

Ýmis myndbönd sem tengjast einelti (sjá á Olweusvef)

Námsmat: Ekki verður sérstakt námsmat.

Íþróttir:

Kennarar: Freyja Mássdóttir og Helena Ósk Jónsdóttir.

Tímafjöldi: 2 tímar í viku

Markmið

Á þessum aldri hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Leikir og markvissar hreyfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhyfingar, eru þættir sem eiga að skipa stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur þjálfist í: æfingum með stór og smá áhöld þar sem mismunandi hreyfingar eru tengdar saman, grófhreyfingum og að tengja ýmsar gróf- og fínhyfingar saman. Þeir þjálfast í leikrænum æfingum og leikæfingum helstu íþróttagreinna. Nemendur taka þátt í ýmsum leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar. Farið verður í leiki og gerðar æfingar sem efla líkamspól, hraða, kraft og viðbragð.

Kennslutilhögun

Til að ná þessum markmiðum þá verða gerðar ýmsar æfingar og farið í leiki, s.s. eltingaleiki, boltaleiki, einfalda ratleiki, boðhlaup. Farið verður í gegnum boltagreinar, fimleika, frjálssar, golf, hafnabolta o.fl.

Námsmat

Í formi umsagnar í lok annar og að vori, þ.e. fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum auk nokkurra afkastagetumælinga til að gefa foreldrum og kennurum mynd af líkamsástandi og afkastagetu.

Sund

Kennarar: Elín Gunnarsdóttir, Helena Ósk Jónsdóttir og Kristinn Óskarsson..

Tímafjöldi: 1 tími í viku

Markmið

Megináhersla er lögð á aðlögun barnsins að vatninu í leik og með æfingum í leik. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun á kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Í 4. bekk er stefnt að áframhaldandi uppbyggingu sundnáms frá fyrstu tveimur skólaárunum en auka áherslu á grunnhreyfingar sundtaka í bringusundi og skriðsundi. Í sundi taka nemendur þátt í fjölbreyttum undirbúningsæfingum sem leggja grunn að bringu-, skólabak-, skrið-, bak- og flugsundi, einnig í stungu. Einnig taka nemendur þátt í ólíkum sundleikjum sem krefjast hlustunar, takts, samhæfingar og samvinnu.

Kennslutilhögun

Í sundi verður gerðar æfingar og farið í leiki, s.s. eltingaleiki, boðsundsleiki, boltaleiki og kafsundsleiki.

Námsmat

Ætlast er til þess að nemendur í 4. bekk geti: a) 25 metra bringusund. b) 15 metra skólabaksund. c) 12 metra skriðsund með eða án hjálpartækja. d) 12 metra baksund með eða án hjálpartækja. e) Flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja. f) Stunga úr kropstöðu af bakka eða stiga. Námsmati skilað í formi skriflegrar umsagnar í lok annar og að vori.

Tónmennt:

Kennari: Guðmundur Hermannsson

Tímafjöldi: Tveir tímar á viku

Markmið:

1. Að efla sönggleði og kenna sönglög úr ýmsum áttum
2. Að kenna grundvallaratriði tónlistar
3. Að leyfa börnum að hlusta á sem fjölbreyttasta tónlist og sýna þeim fjölbreytta notkun tónlistar

Námsefni:

Námsefni er ýmiss sönglög, tónlist og myndbönd sem henta þessu aldursstigi og verkefni úr ýmsum áttum.

Kennslutilhögun: .

Söngur, hlustun, verkefnavinna og haldið áfram að þjálfra takt frá því í þriðja bekk og bætt við styrkleikabreytingum.

Námsmat: Námsmat byggist á þáttöku og virkni í tímum. Engin skrifleg verkefni eða próf.

Heimilisfræði:

Kennari: Ólöf Jónsdóttir.

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið: Að nemendur þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskriftum. Að nemendur auki þekkingu sína á góðum matarvenjum. Að nemendur geti valið sér áhöld og mælitæki sem henta hverju verki. Að nemendur geti gengið frá eftir sig. Að nemendur geti unnið í samvinnu við aðra.

Námsefni: Hollt og gott, námsefni fyrir 4. bekk. Hollt og gott, myndband. Sorpið okkar, myndband og verkefnablöð.

Kennslutilhögun: Nemendur vinna verkefni úr bókinni, bæði verkleg og bókleg. Í verklegum tímum borða nemendur oftast það sem er búið til í tímanum en stundum er bakað og þá fá þau að fara með það heim. Nemendur vaska upp og ganga frá.

Námsmat: Frammistaða og hegðun í tímum, kurteisi, vinnusemi, frágangur og samvinna.

Myndlist:

Kennari: Margrét Jónsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Kennari velur úr eftirfarandi þrepamarkmiðum eða bætir við, fer það eftir þroska og getu hópsins:

Lögmál og aðferðir

- þekki virkni ljóss og skugga í umhverfinu og geti tjáð uppgötvanir sínar á einfaldan hátt í eigin verkum
- beiti litafræði til að kalla fram ákveðin áhrif í mynd
- þekki hugtakið rými með áherslu á umhverfið, s.s. götur, torg og byggingar
- þekki hugtökin jákvætt og neikvætt rými og beiti þeim í myndgerð, s.s. þrykki og mótun
- vinni með rýmistilfinningu í myndgerð; áhersla skal lögð á litafræði, einkum andstaða liti, ljós og skugga, heita og kalda liti
- þekki grunnformin og geti breytt tvívíðu formi í þrívítt form
- geri formkannanir á fyrirbærum í umhverfinu og einfaldi form í tvívíðri og þrívíðri vinnu
- geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum
- geri sér grein fyrir verðmæti efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni
- þekki mismunandi mynddæmi úr íslenskri listasögu, byggingarlist og listiðnaði með áherslu á það að list sprettur úr menningarlegu samhengi hvers tíma

Sögulegt og félagslegt samhengi

- þekki og ræði mismunandi mynddæmi úr íslenskri listasögu með áherslu á miðla og hugtök sem unnið er með
- þekki einn til tvo íslenska listamenn, ævi, sögu og verk hans eða þeirra
- geti lýst munnlega og skriflega áhrifum í myndverki með tilvísun í verkið. Dæmi: Hvernig virkar myndin á mig? Höfðar verkið til mín? Ef ekki, af hverju ekki? Hvað ef allir litir, sem eru bláir í verkinu, væru rauðir? o.s.frv.

Fagurfræði og rýni

- geti lýst munnlega og skriflega merkingu verks að hans mati, t.d. ást, fegurð, hræðslu, hatri, æsingi, kulda, einmanaleika, gleði o.s.frv.

Námsefni: Höfundur er kennarinn

Kennslutilhögun: Kennslan byggist á að þroska færni nemanda, námið felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og mat hins vegar. Myndlistarkennsla skal byggjast á því að þroska færni nemanda á báðum þessum sviðum.

Sköpun/túlkun/tjáning

Þessir færniþættir vísa til notkunar nemandans á fjölbreytilegu úrvali efniviðar og miðla greinarinnar til þess að skapa og tjá tilfinningar, hugsanir, hugmyndir og lausnir.

Skynjun/greining/mat

Þessir færniþættir vísa til þekkingar og skilnings á eðli myndlistar og á menningarlegu samhengi hennar; enn fremur til hæfninnar til að skynja og skilgreina myndlist og meta á rökstuddan hátt.

Inntak myndlistarnáms er flokkað í

- o lögmál og aðferðir greinarinnar
- o félagslegt og sögulegt samhengi
- o fagurfræði og rýni

Námsmat: Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, uppdrættir og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnir til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki.

Textíl:

Kennari: Hanna Vilhjálmsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Að nemandi

- læri að fitja upp í prjóni
- læri að fella af prjónales
- læri að sauma saman prjónles og ganga frá endum
- geti notað hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- geri sér grein fyrir mikilvægi og nýtingu ullarinnar fyrir á öldum með hliðsjón af veðráttu Íslands
- læri nokkur útsaumsspor
- Læri á saumavél

Námsefni: Samið af kennara, Myndband um ullina, kennslubækurnar, Á prjónunum og Hannyrðir í 3.-6. bekk

Kennslutilhögun

Hálfur bekkur er í textílmennt í einu. Kennslan byggist á innlögn þar sem m.a kennari sýnir nemendum hvernig vinna á verkefnið. Markmið verkefnis eru kynnt.

Flest verkefnin eru verkleg þar sem verið er að þjálfá ákveðna afmarkaða þætti.

Verkefni:

- útsaumur (10%)
- prjón – trefill (15%)

- bangsi (15%)
- annað (5%)
- saumavélaæfingar (5%)

Hvert verkefni er metið til einkunnar, svo og

- áhugi og hegðun (20%)
- iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki (30%)

Smíði:

Kennari: Gróa Björk Hjörleifsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið: Stefnt er að því að nemandinn:

- ✓ Hafi náð valdi á að beita flestum verkfærum smíðastofunnar á réttan hátt, s.s. laufsög, tifsög, o.fl..
- ✓ Þekki algeng smíðæfni, s.s. ýmsar viðartegundir, áhöld og málmi o.fl..
- ✓ Geti yfirborðsmeðhöndlað efni með olíumálningu.
- ✓ Geri raunhæfar kröfur til sjálfs síns um hvaða hugmyndir hægt er að útfæra í efni eða smíðaðan hlut.
- ✓ Sýni skilning á góðri samvinnu í smíðastofu.
- ✓ Sýni vinnu annarra virðingu.

Námsefni: Verkefni útbúin af kennara og hugmyndum nemendanna sjálfra.

Kennslutilhögun: Nemendur vinna þau verkefni sem fyrir þá er lagt hverju sinni og nota til þess viðeigandi verkfæri. Lögð er rík áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, vinnusemi og jákvætt hugarfar í tímum.

Námsmat:

- hvort markmiðum verkefnis hafi verið náð
 - bangsarúm 40%
 - dýrapúsl 15%
 - annað 10%
- áhugi og hegðun 20%
- iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki 15%

Heiðarskóli



Bekkjarnámskrá
5. bekkur
2007-2008



Bakgrunnsupplýsingar

Í 5.bekk eru 42 nemendur, 19 stelpur og 23 strákar sem skiptast í 2 bekkjardeildir. Kennslustundir eru alls 35 á viku. Í heimilisfræði, myndmennt, verkmennt, textílmennnt og sundi er nemendum skipt í tvo hópa. Umsjónarkennarar eru Esther Inga Níelsdóttir og Jane Petra Gunnarsdóttir.

Nafnalistar eru aðgengilegir á fjölskylduvef Mentors.

Íslenska

Kennarar: Esther Inga Níelsdóttir, Erla María Andrésdóttir og Jane Petra Gunnarsdóttir.

Tímafjöldi: Til ráðstöfunar eru 8 kennslustundir á viku og skiptast þær þannig: Lestur, bókmenntir og ljóð 2 kst., málrækt 4 kst., skrift 1 kst., stafsetning/ritun 1 kst. Talað mál og framsögn, hlustun og áhorf skarast við þessar kennslustundir.

Markmið:

Stuðst verður við markmið íslenskukennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007 þar sem byggt er á heildstæðri móðurmálskennslu. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í sex þætti: **1) talað mál og hlustun, 2) lestur og bókmenntir, 3) Ritun, 4) Málfræði.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

Góð samvinna skóla og heimila um máluppeldi og móðurmálskennslu er lykilatriði. Stuðningur foreldra við heimanám nemenda er mikilvægur.

Námsmarkmið

Að nemendur;

- líti á móðurmálið sem heild en ekki fjölda stakra námsþátta (skrift, lestur, rétritun) sem nemendur eru þjálfaðir í án samhengis.
- geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á glöggu og auðugu máli og fái tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín. Myndasögur notaðar við kennslu í ritun.

Kennslumarkmið

Að nemendur;

- þjálfist í að skynja boðskap og markmið texta. -tengt lestri bókmennta og ljóða
- þjálfist í að taka þátt í samræðum og framsögn
- þjálfist í að hlusta á upplestur á gagnrýninn hátt, af þolinmæði, með athygli og skilningi á samræður annarra.
- nái nokkru valdi á stafsetningu og þekki undirstöðureglur stafsetningar
- auki við hugtakaþekkingu sína í málfræði og málnotkun
- þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögnum
- þekki grunnhugtök í greiningu ljóða
- efli færni sína í vinnubrögðum og frágangi.

Ljóð

- Stuðlar og höfuðstafur
- Karlrím, kvenrím og veggjað rím
-

Málfræði

- Nafnorð; greinir, kyn, tala, fall, samnöfn, sérnöfn, örnefni
- Lýsingarorð; stigbreyting, kyn, tala, fall
- Sagnorð; nafnháttur, nútíð og þátíð.
-

Ritun

- Upphaf, miðja, endir

Námsefni:

- Mál í mótun grunnbók
- Mál í mótun verkefnabók
- Málrækt 1, vinnubók
- Skræða lesbók
- Skræða vinnubók 1 og 2
- Réttitunarorðabók með verkefnabókum 1 og 2
- Blákápa
- Ljóðspor
- Skrift 5
- Skriftarhefti unnið af kennurum

Einnig verður unnið með hefti um ljóð og ljóðagerð

Ítarefni

- Fjölbreytt ljósritað efni fyrir nemendur auk yndislestrarbóka
- Handbækur sem tilheyra heildstæðri móðurmálskennslu

Kennslutilhögun:

Kennt verður samkvæmt hugmyndafræði heildstæðrar móðurmálskennslu þar sem hinir fjórir íslenskunnar eru samþættir. Samfellu og stígandi er haldið allt kennsluárið með fjölbreyttum kennsluaðferðum og margvíslegu námsefni. Höfðað er til færniþátta nemenda og leitast við að laða fram það besta hjá hverjum og einum. Kennsluaðferðirnar eru jafnmargar og kennarinn notar t.d. yfirlitslestur, leitarnám, sóknarskrift og vettvangsnám. Nemendum á þessu skólastigi er jafnframt kennd námstækni og öguð vinnubrögð þegar leitað er leiða til að örva málkennd og færni í íslensku máli. Lesið er fyrir nemendur í kaffitímum.

Lestrarviðmið:

Nemendur sem lesa undir 200 atkvæðum í 5. bekk þurfa að fara í lestrarátak og/eða hraðlestrarnámskeið.

Námsmat:

Janúar

Stafsetning: 5 æfingar sem gilda 20% hver verða lagðar fyrir.
Bókmenntir/Ljóð: 15 % vinnueinkunn í Blákápu, 15% vinnueinkunn fyrir Ljóðavinnu, 2 próf úr Blákápu sem gilda 35% hvort.
Málfræði: 3 próf/verkefni sem gilda 30% hvert verða lögð fyrir og 10% vinnueinkunn.

Maí

Stafsetning: 5 æfingar sem gilda 20% hver verða lagðar fyrir.
Bókmenntir/Ljóð: 15 % vinnueinkunn í Blákápu, 15% vinnueinkunn fyrir Ljóðavinnu, 2 próf úr Blákápu sem gilda 35% hvort.
Málfræði: 1 próf/verkefni sem gilda 30% hvert verða lögð fyrir og 10% vinnueinkunn.

Stærðfræði:

Kennarar: Erla María Andrésdóttir og Jane Petra Gunnarsdóttir.

Tímafjöldi: 6 stundir á viku.

Markmið:

Stuðst verður við markmið stærðfræðikennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007, bls. 22 - 32.

Samkvæmt námskránni er stærðfræðinámi í 5. bekk skipt í 10 þætti: **1) stærðfræði og tungumál, 2) lausnir verkefna og þrauta, 3) röksamhengi og röksemdafærslur, 4) tengsl við daglegt líf og önnur svið, 5) tölur, 6) reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat, 7) hlutföll og prósentur, 8) mynstur og algebra, 9) rúmfræði og 10) tölfræði og líkindafræði.**

„Með kennslu í stærðfræði í skólum er stefnt að því að nemendur

- öðlist næga kunnáttu til að takast á við stærðfræðileg verkefni sem upp koma í daglegu lífi og geti notað stærðfræði við margs konar störf í þjóðfélaginu
- öðlist nægilega kunnáttu til að þeir geti stundað framhaldsnám í ýmsum greinum
- kynnist stærðfræði sem hluta af menningararfi og almennri menntun“ (1999)

Markmiðin eru:

- Að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem getur nýst nemendum í daglegu lífi og námi.
- Að efla vitsmunaproska þeirra, skipulagningu og skapandi hugsun á þeim sviðum sem tengjast stærðfræðinni.

Að nemandi:

Stærðfræði og tungumál

- skrá niðustöður mælinga og geri grein fyrir þeim munnlega, skriflega og á myndrænu formi
- geta lesið og skrifað heilar tölur, jákvæðar og neikvæðar
- geta lesið og ritað almenn brot og notað tugabrotarithátt
- geta lesið með skilningi allan stærðfræðitexta
- kunni á klukku

Lausnir verkefna og þrauta

- glími við flókin viðfangsefni með því að
 - setja þau á svið eða teikna myndir
 - búa til töflur
 - leita að mynstri eða reglu
 - giska á lausnir og prófa þær
 - vinna sig til baka
- fái tækifæri til að semja eigin þrautir
- átta sig á mikilvægi þess að kynna sér og skilja verkefnið til hlítar og hafa tamið sér að leita að spurningum og tilgátum sem skýra verkefnið
- hafa glímt í samstarfi við aðra við erfið stærðfræðiverkefni og lært að meta kosti samvinnu

Röksamhengi og röksemdafærslur

- æfi einfaldar röksemdafærslur í mæltu og rituðu máli t.d. út frá vinnu með áþreifanlega hluti

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- vinsi upplýsingar úr texta og setji upp dæmi
- breyti milli algengra eininga í metrakerfi, s.s. m í cm, kg í g og l í dl
- geta reiknað milli sekúndna, mínútna, klukkustunda og daga af öryggi
- skilji tímamun milli ólíkra heimshluta og hafa fengist við verkefni sem fela í sér útreikninga á tímamun milli landa innan mismunandi tímabelta.

Tölur

- breyti einföldum almennum brotum í tugabrot, s.s. $\frac{1}{2}$, $\frac{1}{5}$ og $\frac{1}{10}$
- kynnist hugtakinu að ganga upp í
- þekki deilingu með afgangi
- sannreyni að margföldun og deiling með 10 jafngildir færslu um eitt sæti í tugakerfinu
- mæli og lesi tugabrot með tveggja stafa nákvæmni
- stytti og lengi almenn brot og átti sig á því að við það koma fram ólík heiti sömu tölu
- þekki jákvæðar og neikvæðar tölur í eðlilegu samhengi, t.d. á hitamæli

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- margfaldi og deili í huganum innan $10 * 10$ margföldunartöflunnar
- leggi tveggja stafa tölu við þriggja stafa tölu og dragi tveggja stafa tölu frá þriggja stafa tölu
- margfaldi tveggja stafa tölu með eins stafs tölu og deili í tveggja stafa tölu með eins stafs tölu
- kunna að prófa frádrátt með samlagningu, samlagningu með frádrætti, deilingu með margföldun og margföldun með deilingu
- sýni leikni í hugarreikningi með heila tugi, hundruð og þúsund
- geta reiknað í huganum samlagningar- og frádráttardæmi með tveimur tveggja stafa tölum
- geta notfært sér námundun til að breyta reikningsdæmi í hliðstætt dæmi með ámóta tölum sem nemandinn getur síðan reiknað í huganum
- leggi saman tugabrot með einum aukastaf, t.d. lengdir mældar í cm og finni mismun þeirra

Hlutföll og prósentur

- Kynnist því að 50% er helmingur
- Beri hlutföll saman við helming
- geta leyst ýmis verkefni varðandi hlutföll, s.s. að stækka og smækka myndir eða mataruppskriftir
- geta reiknað á milli eininga, t.d. mynteininga, og hafa reynslu af að reikna milli algengra erlendra gjaldmiðla og íslenskra króna.

Mynstur og algebra

- Nefni óþekktar stærðir með bókstaf, t.d. til að búa til jöfnur um einföld talnasambönd
- Kynnist því að víxla má tölum í samlagningu og margföldun en ekki í frádrætti og deilingu, gjarnan með aðstoð reiknivélar

Rúmfræði

- Noti hugtökin rétt horn, hvasst og gleitt horn, viti að rétt horn er 90° og að hringurinn er 360°
- Noti hnit í fyrsta fjórðungi hnitakerfisins
- Kynnist snúningi um punkt og því að snúningur um punkt jafngildir speglunum um tvær línur sem liggja um sama punkt
- velji heppileg mælitæki og einingar til að mæla lengd og mæli lengdir upp á millimetra
- þekkja ýmsar gerðir flatarmynda, s.s. þríhyrning, ferhyrning, ferning og rétthyrning, trapisu, tígul, hring og hugtök tengd, s.s. geisla, þvermál og ummál

Tölfræði og líkindafræði

- Safni gögnum, flokki þau eftir tíðni og velji myndræna framsetningu
- Noti hugtökin tíðni og meðaltal og reikni þessar stærðir í gefnu gagnasafni

Námsefni:

- Geisli 1 A og 1 B

Ítarefni:

- Dýr í Afríku
- Töfrar
- Þrautahefti
- Fjölbreytt ljósritað efni
- Stærðfræði í dagsins önn
- Stjörnubækur
- Hringur 1 samlagning og frádráttur

- Gagnvirkt efni:
 - Kubbar
 - Klukkuefurinn
 - Geislavefurinn; Almenn brot, speglun, hnitakerfið o.fl.
 - Þrír í röð - margföldun
 - Skiptu jafnt - deiling
 - Reiknum og reiknum
 - Þríhyrningarnir, talnaferningurinn og ferhyrningarnir

Kennslutilhögun:

Notast verður við fjölbreyttar kennsluáðferðir s.s. stöðvahringi, þemavinnu, gagnvirkt efni og fleira. Í stöðvahringnum verður unnið 1 sinni í viku og verður 1 kennslustund notuð í hverja stöð. Bekkjunum tveimur verður blandað saman í þessari vinnu.

Námsmat:

Janúar: 3 kaflapróf hvert 25%, skólaeinkunn 10%, vinnubók 15%

Mái: 3 kaflapróf hvert 25% (þar af er eitt heimapróf), skólaeinkunn 10%, vinnubók 15%

Enska:

Kennarar: Esther Inga Níelsdóttir og Jane Petra Gunnarsdóttir.

Tímafjöldi: 2 stundir á viku

Markmið:

Námsmarkmið 5. bekkjar í ensku er skipt í fimm þætti: **1) hlustun, 2) lestur, 3) talað mál – samskipti, 4) Talað mál – frásögn 5) ritun.**

Að nemandi:

- geti skilið fyrirmæli og leiðbeiningar kennara á ensku.
- þjálfist markvisst með orðaforða í tengslum við hlustun og ritun.
- geti tekið þátt í samskiptum við kennara og samnemendur í kennslustundum.
- geti skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega, skipulega og viðeigandi stutta texta um kunnulegt efni.
- þjálfist í rétttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni.
- geti tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum.

(Aðalnámskrá grunnskóla 2007, enska, bls 20-21)

Námsefni:

- Portfolio Build Up
- Lestrarbækur - *bekkjarsett- A year of fun*
- Hefti búið til úr Work out
- Söngvar og hreyfileikar úr Speak Out

- Ýmsir textar og verkefni
- Gagnvirkt efni
 - Enskuvefur

Kennslutilhögun:

Nemendur læra að hlusta á texta og syngja þá á ensku ásamt því að skrifa algeng orð og einfaldar setningar. Kennsla fer að mestu leyti fram í skóla.

Námsmat:

Prófað er í lok 2. annar ásamt glósuprófum á öllum önum. Einnig er metin þátttaka í tímum. Maí: Enskupróf 50%, glósupróf 40% og vinnueinkunn 10%.

Samfélagsfræði:

Kennarar: Esther Inga Níelsdóttir og Jane Petra Gunnarsdóttir.

Tímafjöldi: 3 stundir

Markmið:

Samfélagsfræðin skiptist í tvo þætti, sögu og landafræði.

Saga:

Lögð verður áhersla á að nemendur;

- fái tilfinningu fyrir sögulegum minjum og heimildum af ólíku tagi.
- fái innsýn inn í líf, störf og trúarbrögð landnámsmanna og þekki söguna af landnámi Íslands í meginatriðum.
- Fari könnunarferðir um heimaslóðir víkinga, þ.e. leiti sér upplýsinga með fjölbreyttum hætti um valda þætti víkingatímans, kynni afraksturinn með leikrænni tjáningu, myndverkum eða á annan skapandi hátt.
- Læri sögur af fundi Íslands og nokkrum landnámsmönnum, þar á meðal í heimabyggð.

Landafræði:

Lögð verður áhersla á að nemendur;

- átti sig á því að náttúruöflin eru stöðugt að mynda og móta landið og hafa áhrif á búsetu manna.
- læri að nota kort og þekki á korti helstu bæi, ár, jökla, firði, flóa og fjöll.
- kynni sér auðlindir og atvinnulíf í heimabyggð sinni og landshluta og beri það saman við landið í heild.
- Þekki hvernig byggð dreifist um landið og helstu ástæður þess.

Námsefni:

- Land og líf, lesbók og vinnubók
- Kortabók
- Landshorna á milli, valið efni.
Landnám Íslands, lesbók og vinnubók (ljósrit)
- Leifur Eiríksson

Ítarefni:

- Leifur heppni, myndband
- finna.is Leifur Eiríksson

Kennslutilhögun:

Bækurnar eru lesnar í skóla og heima og eru ýmis konar verkefni unnin samhliða þeim. Nemendur læra að nota og umgangast kortabækur. Fá viking í heimsókn og fara í úti Innri-Njarðvík og skoða bátinn Íslending.

Námsmat:

Janúar: Vinnueinkunn í tíma 10 %, vinnubók Land og Líf 30 %, 3 krossapróf úr Land og Líf 20 % hvert.

Maí: Þemaverkefni úr Leifi Eiríkssyni 35 %, ritgerðasmíð 15 %, landafræðipróf 30%, vinnueinkunn í tíma 20 %.

Náttúrufræði:

Kennarar: Erla María Andrésdóttir og Jane Petra Gunnarsdóttir.

Tímafjöldi: 3 stundir

Markmið:

Að nemendur kynnist og átti sig á samhenginu í náttúrunni og að námið efli ábyrgðartilfinningu nemenda gagnvart náttúru og umhverfi. Kynnist ýmsum hugtökum í eðlis-, efna- og jarðfræði.

Tileinki sér vísindaleg vinnubrögð. Geti skrifað skýrslu um tilraun.

Náttúrufræði er skipt í þrjá flokka, eðlisvísindi, jarðvísindi og lífvísindi

Eðlisvísindi;

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- framkvæmi tilraunir og skoði dæmi í nánasta umhverfi sem sýna að til að hlutir sjáist þarf ljós að berast frá þeim til okkar, t.d. vasaljós, endurskinsmerki
- geri athuganir þar sem notaðar eru linsur og stækkunargler
- fjalli um áhrif rafnotkunar á samfélagið, t.d. lýsi degi án rafmagns
- vinni með rafhlöður, ljósaperur, tengivír og rofa til að komast að niðurstöðu um hvað þarf til að mynda rafstraum
- kynnast seglum og geta nefnt dæmi um segulmögnuð efni í daglegu lífi.

Jarðvísindi;

Lögð verður áhersla á að nemendur;

- geri sér grein fyrir því að reikistjörnnunar snúast í kringum sólina eftir sporbaug líkt og jörðin
- geri sér grein fyrir því hverjar eru helstu ástæður breytilegs veðurfars á jörðinni
- fjalli um eldvirkni og jarðhræringar á Íslandi og geri sér grein fyrir
 - orsökum og afleiðingu
 - mögulegum afleiðingum
- þekki myndunarsögu Surtseyjar

Lífvísindi;

Lögð verður áhersla á að nemendur;

- kynnist skógrækt og gróðursetningu
- kynnist margbreytileika lífríkisins á Íslandi
- kynnist helstu gróðursamfélögum hér á landi
- kunni skil á nokkrum mikilvægum náttúrufræðihugtökum
- þekki algenga íslenska fugla og lifnaðarhætti þeirra
- átti sig á skilyrðum til lífs
- kynnist ýmsum hugtökum í eðlis-, efna- og jarðfræði
- tileinki sér vísindaleg vinnubrögð

Námsefni:

- Auðvitað 1
- Lífríki á landi (valdir kaflar)
- Lífríki í fersku vatni (valdir kaflar)

Kennslutilhögun:

Nemendur lesa kennslubókina í skóla. Unnin eru verkefni samhliða efninu. Auk þess verður unnið með valin efni í þemavinnu og gerðar tilraunir eftir því sem við á.

Farið í Rafheima (kennsla út frá Auðvitað 1) og í Gjána við Bláa Lónið

Námsmat:

Janúar: Tekin verða kaflapróf eftir hvern kafla í Auðvitað 1 sem gilda samtals 60%. Vinnubækur gilda 20% og eitt stórt þemaverkefni sem gildir 20%.

Maí: Tekin verða kaflapróf eftir hvern kafla í Auðvitað 1 sem gilda samtals 60%. Vinnubækur gilda 20% og vinnueinkunn 20%

Kristinfræði:

Kennarar: Esther Inga Níelsdóttir og Jane Petra Gunnarsdóttir.

Tímafjöldi: 1 stund á viku

Markmið:

Lögð verður áhersla á að nemendur;

- Þekki valda þætti úr sögu Ísraels frá brottförinni úr Egyptalandi, m.a. sáttmálann og Jósúa og hlutverk hans.
- Kynnist lífi og starfi Jesús Krists .
- Hafi þekkingu á uppruna, sögu, og útbreiðslu annarra helstu trúarbragða heims, svo sem gyðingdóms, íslams, hindúasiðar og búddadóms.
- Hafi fengist við siðræn viðfangsefni sem tengjast samskiptum, sáttfýsi og fyrirgefningu.
- Hafi þjálfast í að ræða siðferðileg gildi og álitamál sem lúta að réttlæti, mannréttindum og jafnrétti.

(Aðalnámskrá grunnskóla 2007, kristinfræði,

bls. 10)

Námsefni:

- Brauð lífsins og vinnubók

Ítarefni:

- Ljósritað efni frá kennara.

Kennslutilhögun:

Bókin „Brauð lífsins“ er lesin og verkefni unnin í kennslustundum.

Námsmat:

Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum.

Lífsleikni:

Kennarar: Erla María Andrésdóttir og Jane Petra Gunnarsdóttir.

Tímafjöldi: 1 stund á viku

Markmið

Lögð verður áhersla á að nemendur;

- geti fylgt reglum, í leik eða starfi, einn eða með öðrum
- geti gert sér grein fyrir jákvæðum og neikvæðum tilfinningum og hvaða áhrif þær hafa á líðan og hegðun einstaklings og þeirra sem í kringum hann eru
- öðlist færni í rökrænni hugsun ásamt því að tjá hugsanir sínar og skoðanir

(Aðalnámskrá grunnskóla 2007, lífsleikni, bls 14)

Námsefni:

- Ég er það sem ég vel <http://www.namsgagnastofnun.is/thuert/5bekkur.pdf> til á bókasafni
- Olweus

Kennslutilhögun:

Unnið verður með Olweus-verkefni sem skólinn er þátttakandi í. Haldnir verða bekkjarfundir þar sem settar verða bekkjarreglur ásamt því að nemendur fara í hlutverkaleiki.

Farið verður í ýmsa leiki til að auka samheldni og bekkjaranda.

Námsmat: Ekki er um eiginlegt námsmat að ræða.

Íþróttir:

Kennari: Kristinn Óskarsson

Tímafjöldi: 2 tímar

Markmið: Á þessum aldri er lögð áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreisu hvers nemenda. Hér eru lærð undirstöðuatriði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru hér á landi. Byggt er ofan á þann grunn sem fyrir er frá aðlögunartímabili fyrstu skólaáranna þar sem leikræn atriði og jákvæð upplifun er meginmarkmið kennslunnar. Nauðsynlegt er á þessum aldri að huga að sérstöðu kynjanna, áhugasviði þeirra og hæfileikum. Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur þjálfist grófhreyfingum, flóknum æfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu, samsettum æfingum og undirstöðuatriða a.m.k. tveggja hóp- og einstaklingsíþróttu. Nemendur taka þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfipörf og efla samspil skynjunnar. Stefnt er að því að efla líkamspól, hraða, kraft og viðbragð.

Kennslutilhögun: Til að ná þessum markmiðum þá verður farið í ýmsa leiki og gerðar æfingar, s.s. eltingaleiki, boltaleiki (t.d. fótbolti og körfubolti), golf, hafnabolti, bandý, boðhlaup, hringþjálfun, fimleikar, frjálsar o.fl.

Námsmat: Í formi einkunnar í lok vetrar.

Ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum 50%

Fimm prófæfingar, hver 10% samtals 50%

Prófæfingar mæla; pól, kraft, samhæfingu, liðleika og hraða.

Sund:

Kennari: Elín Gunnarsdóttir og Freyja Másdóttir

Tímafjöldi: 1 tími í viku

Markmið: Í 5. bekk er megináherslan á færniþætti og grunnkennslu helstu sundtaka. Með tilliti til þroska taugakerfis eru nemendur í þessari bekkjardeild mjög móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi auk þess sem námsáhugi þeirra er yfirleitt mikill. Byggt er ofan á þann grunn sem skapaður hefur verið á aðlögunartímabili fyrstu skólaáranna þar sem aðlögun, samhæfing hreyfinga í vatni og kennslufræðileg nálgun með leik eru meginmarkmið kennslunnar. Í sunði þjálfast nemendur í æfingum sem viðhalda og bæta samhæfingu hreyfinga og fjölbreyttum æfingum sem leggja grunn að bættri færni í bringu-, skólabak-, skrið- og baksundi, einnig er farið í undirbúningsæfingar fyrir flugsund. Ætlast er til þess að nemendur í 5. bekk geti: a) 75 m bringusund. b) 25 m skólabaksund. c) 25 m skriðsund með sundfit. d) 12 m baksund. e) Stunga af bakka. f) Hluttur sóttur á 1-2 m dýpi eftir þriggja metra kafsund. g) Troða marvaða í 20-30 sek.. h) 10 m flugsunds- fótatök með eða án hjálpartækja. i) Sund í fötum.

Kennslutilhögun: Í sunði verður farið í leiki eins og boðsundsleiki, eltingaleiki, boltaleiki, kafleiki o.fl.

Námsmat: Prófað samkvæmt 5. sundstigi aðalnámskrár. Námsmati skilað í formi einkunnar, sem samanstendur af 50% sundfærni og 50% ástundun og hegðun.

Upplýsinga- og tæknimennt:

Kennarar: Esther Inga Níelsdóttir og Jane Petra Gunnarsdóttir.

Tímafjöldi: 1 stund á viku

Markmið:

Að nemandi

- móti sér skoðun á gildi tölvutækninnar við upplýsingaleit og þekkingaröflun.
- fái þjálfun í að nota tölvur til náms.
- þjálfist í réttri fingrasetningu.
- kynnist og vinni í ritvinnsluforritinu Word.
- læri að geyma eigin upplýsingar með skipulögðum hætti á tölvutæku formi.
- geta brotið upp texta með myndum.
- geti sett upp einfaldar skjásýningar í Power Point.
- læri að nota algengar leitarvélar.
- fái tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali.

Námsefni:

- Ritfinnur.
- Gagnvirkt efni af vef skólans - sjá önnur fög.
- Office pakkinn - Word og PowerPoint.
- Leitarvélin Google.
- Valdar heimasíður.

Kennslutilhögun:

Nemendur fara í tölvuver og vinna þar ýmis verkefni. Mikilvægt er að kenna nemendum tækni við öflun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám nemenda. Ýmsir námsvefir, sjá einstaka fög.

Námsmat: Vinna í tímum, virkni og áhugi metinn yfir allt skólaárið. Umsögn í lok skólaárs.

Tónmennt:

Kennari: Guðmundur Hermannsson

Tímafjöldi: Tveir tímar á viku

Markmið:

1. Að efla sönggleði og kenna sönglög úr ýmsum áttum
2. Að leyfa börnum að hlusta á sem fjölbreyttasta tónlist og sýna þeim fjölbreytta notkun tónlistar
3. Kynna sögu tónlistar og helstu tónskálda

Námsefni: Námsefni er ýmiss sönglög , tónlist og myndbönd sem henta þessu aldurstigi í tónmennt, Tónlist í tímanna rás.

Kennslutilhögun: 5. bekkur kemur samtals tvisvar í viku í tónmennt, og þá er sungið ,hlustað á tónlist og horft á myndbönd sem tengjast tónlist. Nemendur byrja að skrifa útdrátt úr tónlistarsöggunni. Byrja á Miðaldir og Endurreisnartíminn, síðan helstu tónskáld þess tímabils s.s Hildegard og Palestrina. Kennari fylgir þessu eftir með því að lesa ítarlegri texta um sama efni og styrkja það með hlustunardæmum. Hugmyndin er sú að þessi vinna haldi áfram í 6. og 7. bekk og í lokin verði nemendur með útdrátt úr tónlistarsöggunni fram að 20. öldinni. Að auki verður annað námsefni ýmiss sönglög , tónlist og myndbönd sem henta þessu aldursstigi.

Námsmat: Frágangur á vinnubók, virkni og hegðun í tíma.

Heimilisfræði:

Kennari: Ólöf Jónsdóttir.

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið: Að auka leikni nemanda við matreiðslu og frágang í eldhúsi. Að nemendur auki þekkingu sína á góðum matarvenjum. Að nemendur geti valið sér mælitæki og áhöld sem henta hverju verki. Að nemendur þjálfist í því að vinna sjálfstætt og í hópi. Að nemendur verði meðvitaðir um umhverfisvernd.

Námsefni: Gott og gagnlegt, námsefni fyrir 5. bekk, kennslubók og vinnubók. Myndbandið Ævintýrið um hina undursamlegu kartöflu.

Kennslutilhögun: Nemendur vinna verkefni úr bókinni, bæði verkleg og bókleg. Flest það sem þau baka fara þau með heim en annað er borðað í tímanum. Nemendur vaska upp og ganga frá eftir sig.

Námsmat: Frammistaða í tímum, kurteisi, vinnusemi, frágangur, sjálfstæði í vinnubrögðum og samvinna.

Myndlist:

Kennari: Margrét Jónsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Að nemandi:

- þekki möguleika línunnar og vinni með hana á markvissan hátt
- þekki hugtakið sjónarhorn og geri kannanir og verkefni tengd því
- geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni
- geti gengið frá verkefnum og áhöldum.
- viti að hefðbundin mynstur byggjast á notkun tákna
- vinni verk í tengslum við listasöguna
- þekki hugtökin hönnun, handverk og fjöldaframleiðsla og þann mun sem í þeim felst
- skoði litatóna og geri sér grein fyrir mismunandi áhrifum lita..
- þekki mun á forgrunni, bakgrunni í mynd.
- þekki einfalda fjarvídd, nálægð og fjarlægð.
- þekki mun á kyrrð og hreyfingu í mynd.
- þekki mun á ljósi og skugga í lit.

Námsefni: Höfundur er kennarinn.

Kennslutilhögun: Kennslan byggist á að þroska færni nemandasjá Aðalnámskrá grunnskóla listgreinar 1999

Námsmat: ...sjá Aðalnámskrá grunnskóla listgreinar 1999 ...bls. 12-13.

Textíl:

Kennari: Hanna Vilhjálmsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Nemendum er skipt í hópa eftir kynjum, kennarar leitast eftir því að hafa verkefnið þannig að þau taki mið af því hvort í hópnum séu eingöngu stelpur/ strákar

Markmið:

Að nemandi

- teikni einfaldar skissur og nýti sér þær við eigin hugmyndavinnu
- öðlist færni í að nota málband og setja merkingar á vefjaefni
- þekki undirtvinna, yfirtvinna, beint spor og sikk-sakk á saumavél
- noti einfaldar sporgerðir á saumavél til skreytinga og frágangs
- læri að þrjúna brugðna lykkju og skipta um lit á garni
- vinni eftir einföldum, skriflegum vinnuleiðbeiningum
- skilji tilgang þess að nota viðeigandi áhöld við vinnuna
- þekki helstu hugtök og heiti sem unnið er með
- geri sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni
- þjálfist í útsaum / krosssaum
- læri að nota Transfer liti

Námsefni: Samið af kennara, kennslubókin Hannyrðir í 3.-6. bekk, verkefnablöð fyrir saumavélar og á Á þrjónunum.

Kennslutilhögun

Hálfur bekkur er í handmennt í einu. Kennslan byggist á innlögnum þar sem m.a kennari sýnir nemendum hvernig vinna á verkefnið. Markmið verkefnis eru kynnt.

Flest verkefni eru verkleg þar sem verið er að þjálfa ákveðna afmarkaða þætti.

Verkefni;

- krosssaumsmynd (10%)
- þrjónaverkefni (10%)
- saumavélaæfingar (5%)
- Púði með taumálningu og útsaum (15%)
- annað (10%)

Hvert verkefni er metið til einkunnar, svo og

- áhugi og hegðun (20%)
- iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki (30%)

Smíði:

Kennari: Gróa Björk Hjörleifsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Stefnt er að því að nemandinn:

- Hafi náð valdi á að beita flestum verkfærum smíðastofunnar á réttan hátt, s.s. sög, vinkli, tifsög, hefli o.fl..
- Þekki algeng smíðæfni.
- Geti yfirborðsmeðhöndlað efni með olíumálningu.
- Læri að þekkja ýmsar málmtegundir ofl.
- Geri verkefni sín persónuleg með eigin hugmynd.
- Smíði nytjahlut úr furu.
- Sýni skilning á góðri samvinnu í smíðastofu.
- Sýni vinnu annarra virðingu.

Námsefni: Verkefni útbúin af kennara og hugmyndir nemendanna sjálfra.

Kennslutilhögun: Nemendur vinna þau verkefni sem fyrir þá er lagt hverju sinni og nota til þess viðeigandi verkfæri. Lögð er rík áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, vinnusemi og jákvætt hugarfar í tímum.

Námsmat:

hvort markmiðum verkefnis hafi verið náð

- kusukaffi standur 40%
- tréverkefni 15%
- annað 10%
- áhugi og hegðun 25%
- iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki 10%

Heiðarskóli



Bekkjarnámskrá
6. bekkur
2007-2008



Bakgrunnsupplýsingar

Í 6.bekk eru 52 nemendur, 26 stelpur og 26 strákar sem skiptast í 2 bekkjardeildir. Kennslustundir eru alls 35 á viku. Í heimilisfræði, myndmennt, verkmennt, textílmennt og sundi er nemendum skipt í tvo hópa. Umsjónarkennarar eru Eysteinn Eyjólfsson og Kristín Gunnarsdóttir

Nafnalistar eru aðgengilegir á fjölskylduvef Mentors.

Íslenska:

Kennarar: Eysteinn Eyjólfsson og Kristín Gunnarsdóttir

Tímafjöldi: Til ráðstöfunar eru 9 kst. á viku.

Markmið:

Stuðst verður við markmið með íslenskukennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007 þar sem íslenska er í eðli sínu margþætt námsgrein og miklu skiptir að öll íslenskukennsla taki mið af því. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra flokka: **1) talað mál og hlustun, 2) lestur og bókmenntir, 3) ritun og 4) málfræði.**

Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

„Ekki er gert ráð fyrir að nemendur vinni að mörgum markmiðum í sérhverju viðfangsefni. Hins vegar þurfa þeir að átta sig á hvernig viðfangsefnin tengjast innbyrðis. Því þarf að ræða um tilgang íslenskunámsins og stuðla að því að nemendur setji sér markmið í náminu. Gildi góðrar íslenskukunnáttu þarf að skýra og setja í samhengi við námið og málnotkun nemenda.”
(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

„Góð samvinna skóla og heimila um máluppeldi og móðurmálskennslu er lykilatriði. Foreldrar og aðrir forráðamenn gegna veigamiklu hlutverki í að rækta móðurmálið og efla áhuga nemenda á því.” (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

„Stuðningur foreldra við heimanám nemenda er mikilvægur fyrir nemendur á öllum stigum grunnskóla. “ (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

Kennslumarkmið:

- Að nemendur líti á móðurmálið sem heild en ekki fjölda stakra námsþátta.
- Að nemendur geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á glöggu og auðugu máli og fái tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín.

Námsmarkmið:

Að nemendur:

- geti lesið margvíslega texta og unnið með þá á fjölbreytilegan hátt.
- geti gert útdrætti, munnlega og skriflega.
- geti tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum.
- geti lesið upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum.
- þjálfist í að hlusta á upplestur á gagnrýninn hátt.
- skrifi skýrt og greinilega og vandi allan frágang.
- þekki stafsetningarreglur og reglur um greinarmerkjasetningu og geti nýtt sér þá þekkingu í ritun.
- þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögn og geti nýtt sér þau í eigin ritun.
- þekki grunnhugtök í greiningu ljóða og bókmennta og auki færni í notkun þeirra.
- lesi fjölbreytt efni sér til fróðleiks og skemmtunar að eigin vali miðað við lestrargetu og áhuga.
- auki við hugtakaþekkingu sína í málfræði og málnotkun.
- vinni með algeng orðtök og málshætti.
- efli færni sína í vinnubrögðum og frágangi.

- eflni færni sína í hraðlestri og lesskilningi

Námsefni:

Málrækt 2 og 3, Skræða grunnbók, Skræða II verkefnabók og Skrudda I verkefnabók, Stafsetning (Árni – Gunnar), Mál er miðill verkefnabók, Mál er miðill grunnbók, Rauðkápa, Benjamín dúfa, Skrift 6, Ljóðspor, Ljóðaleikur.

Ítarefni:

Fjölbreytt ljósritað efni fyrir nemendur auk frjálslestrarbóka s.s. ljóðahefti af Skólavefnum. Handbækur sem tilheyra heildstæðri móðurmálskennslu t.d. Íslensk orðabók, Réttitunarorðabók, Handbók um málfræði og Móðurmál 3. hefti.

Kennslutilhögun:

Lestur, bókmenntir, talað mál, framsögn, hlustun og áhorf:

Aukin áhersla verður lögð á lestur bæði í hraða og framsögn. Nemendur lesa í hraðlestrartímum einu sinni í viku og til að þjálfra framsögn eru nemendur með bókmenntakynningu og lesa upp úr eigin ritunarverkum fyrir bekkinn auk lesturs í öðrum greinum þar sem nemendur lesa upphátt í sætum sínum. Nemendur lesa bókmenntir heima og í skóla og viðfangsefni rædd og verkefni unnin heima og í skóla. Við munum lesa söguna „Benjamín dúfa” og horfa á myndband að lestri lokum og vinna verkefni.

Ritun –skrift-stafsetning:

Nemendur munu vinna ýmis ritunarverkefni heima og í skóla og mun ritun að einhverju leyti tengjast vinnu þeirra í upplýsingamennt. Lögð verður áhersla á vönduð vinnubrögð.

Ljóð:

Nemendur lesa og læra valin ljóð utanbókar úr bókinni „Ljóðspor”. Ljóðin skrifuð upp og myndskreytt auk þess sem nemendur yrkja sín eigin ljóð.

Málfræði:

Nemendur vinna með orðflokka, sagnorð, fallorð, lýsingaraorð og læra að þekkja einkenni þeirra s.s. kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt. Lögð verður áhersla á orðtök og málshætti og þekki mun á þeim og geti nýtt sér það í rituðu máli.

Námsmat:

Miðsvetrarmat janúar

Bókmenntir/ljóð	30%
Bókmenntir/ritun vinnubók	10%
Stafsetning	10%
Málfræði	30%
Ritunarverkefni	10%
Vinnubækur og virkni	10%
Samtals	100%
Lestur/framsögn	100%
Skrift/skriftarbækur	100%

Vor júní

Bókmenntir/ljóð	30%
Bókmenntir/ ritun vinnubók	10%
Stafsetning	10%
Málfræði	30%
Ritunarverkefni	10%
Vinnubækur og virkni	10%
Samtals	100%
Lestur/framsögn	100%
Skrift/skriftarbækur	100%

Stærðfræði:

Kennarar: Eysteinn Eyjólfsson og Kristín Gunnarsdóttir

Tímafjöldi: 6 kst. á viku.

Markmið:

Stuðst verður við markmið stærðfræðikennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007. Samkvæmt námskránni er stærðfræðinámi í 6. bekk skipt í 10 þætti: **1) stærðfræði og tungumál, 2) lausnir verkefna og þrauta, 3) röksamhengi og röksemdafærslur, 4) tengsl við daglegt líf og önnur svið, 5) tölur, 6) reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat, 7) hlutföll og prósentur, 8) mynstur og algebra, 9) rúmfræði og 10) tölfræði og líkindafræði.**

Með kennslu í stærðfræði í skólum er stefnt að því að nemendur

- öðlist næga kunnáttu til að takast á við stærðfræðileg verkefni sem upp koma í daglegu lífi og geti notað stærðfræði við margs konar störf í þjóðfélaginu
- öðlist nægilega kunnáttu til að þeir geti stundað framhaldsnám í ýmsum greinum
- kynnist stærðfræði sem hluta af menningararfi og almennri menntun.

Markmiðin eru:

- Að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem getur nýst nemendum í daglegu lífi og námi.
- Að efla vitsmunaproska þeirra, skipulagningu og skapandi hugsun á þeim sviðum sem tengjast stærðfræðinni.

Að nemendur:

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- noti dagatal og riti dagsetningar með algengum rithætti.

Lausnir verkefna og þrauta

- þjálfist í að leysa þrautir.
- þjálfist í að nota röksemdafærslu við lausn verkefna.
- kunni helstu mælieiningar og geti breytt úr einni mælieiningu í aðra s.s. km í m.
- vinni með almenn brot og tugabrot.

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- sjái að margföldun og deiling með 100 jafngilda færslu um tvö sæti í tugakerfi.

Hlutföll og prósentur

- kynnist prósentum. Geti reiknað 10%, 25% og 50% af stærðum.

Mynstur og algebra

- vinni með ýmis talnamynstur.

Rúmfræði

- vinni verkefni tengd rúmfræði s.s. hornasummu þríhyrnings, teikni og mæli horn.

Tölfræði og líkindafræði

- kynnist tölfræði og líkindafræði s.s. finni meðaltal og miðgildi.

Námsefni:

Geisli 2 og Vinnubækur 2A og 2B þemahefti og aukahefti.

Ítarefni:

Þrautahefti og annað útbúið efni, notað til upprifjunar á einstökum efnisatriðum. Stærðfræði hringekja, þar sem nemendur spreyta sig á hinum ýmsum verkefnum.

Kennslutilhögun:

Unnið er með Geisla að mestu í kennslustundum þar sem nemendum í árgangnum er skipt í hópa þar sem leitast er við að sinna þörfum hvers og eins. Í aukabókum fara nemendur á eigin hraða. Notast verður við fjölbreyttar kennsluáðferðir. Samþætting við upplýsingamennt þar sem farið verður inn á Rasmus, Geisla og aðra stærðfræðitengda vefi út frá námstenglum á heimasíðu skólans.

Námsmat:

Miðsvetrarmat janúar

Próf	50%,
Kannanir	30%,
Verkefni og vinnubók	10%
Virkni og þátttaka	10%.

Samtals 100%

Vor júní

Próf	50%,
Kannanir	30%,
Verkefni og vinnubók	10%
Virkni og þátttaka	10%.

Samtals 100%

Enska:

Kennarar: Eysteinn Eyjólfsson og Kristín Gunnarsdóttir

Tímalfjöldi: 2 stundir á viku. Annar tíminn er notaður að mestu í lesbók og hinn að mestu í vinnubók.

Markmið:

Samkvæmt námskránni er enskunámi skipt í fjóra þætti: **1) hlustun, 2) lestur, 3) talað mál og 4) ritun.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, og eðlilega stígandi í náminu.

Markmiðin eru að nemendur:

- geti hlustað eftir aðalatriðum.
- geti skilið léttan texta.
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða.
- geti skilið létt samtöl og tekið þátt í þeim.
- læri að glósa texta.
- þjálfist í að skrifa stuttan texta.
- geti sagt frá sjálfum sér, áhugamálum sínum og völdum atriðum úr umhverfinu.

Námsefni:

Build up 2 , Into Hobbies.

Ítarefni:

Krossgátur og annað ítarefni af skólavef. Valið efni úr bókinni Einn, tveir, þrír ensk málfræði fyrir alla og bókunum enskar málfræðiaefingar A og B

Kennslutilhögun:

Nemendur hlusta á, lesa, glósa og þýða texta bæði heima og í skóla auk þess vinna þeir verkefni í bókinni Build up sem byggjast bæði á töluðu máli og ritun.

Námsmat:

Miðsvetrarmat

Próf	50%
Könnun	20%
Build up verkefni	10%
Glósupróf	10%
Vinnubækur og virkni	10%
Samtals	100%

Vor

Próf	50%
Könnun	20%
Build up verkefni	10%
Glósupróf	10%
Vinnubækur og virkni	10%
Samtals	100%

Samfélagsfræði:

Kennarar: Eysteinn Eyjólfsson og Kristín Gunnarsdóttir

Tímafjöldi: 3 stundir á viku.

Markmið:

Að nemendur:

- kynnist fjölbreyttum þáttum íslensks mannlífs og menningar á tímabilinu 1000-1500.
- kynnist íslenskum miðaldarhöfðingjum, s.s. Snorra Sturlusyni.
- læri að lesa af hefðbundnu landakorti.

- þekki á Evrópukorti nöfn og legu Norðurlandanna, stærstu borgir, ár, vötn, eyjar og fjallgarða.
- átti sig á stöðu Norðurlandanna m.a. legu, landamærum, menningu o.fl.

Námsefni:

Norðurlönd, Snorra saga ásamt verkefnabók og Sjálfstæði Íslendinga I og verkefnabók

Kennslutilhögun:

Bækurnar eru lesnar bæði heima og í skóla og eru verkefni unnin samhliða því. Þá verður kennsla brotin upp með ýmsum hætti t.d. með þemavinnu og hópavinnu.

Námsmat:

Miðsvetrarmat

Heimapróf	20%
Próf	30%
Þemaverkefni	30%
Vinnubók	10%
Virkni og þátttaka	10%.

Vor

Heimapróf	20%
Próf	30%
Þemaverkefni	30%
Vinnubók	10%
Virkni og þátttaka	10%.

Náttúrufræði:

Kennarar: Eysteinn Eyjólfsson og Kristín Gunnarsdóttir

Tímafjöldi: 3 stundir á viku.

Markmið:

Eðlisvísindi:

Að nemendur:

- geri margvíslegar tilraunir s.s. mæli kraft og vinni með loft.
- þekki einfaldar vélar
- þekki núning og geri tilraunir með hann
- vinni einfalda hraðaútreikniga út frá eigin gögnum
- skoði bylgjuhreyfingu og þekki hugtök bylgju
- geri athuganir með hljóð

Jarðvísindi:

Að nemendur:

- geri sér grein fyrir mikilvægi lofthjúpsins fyrir lífríki jarðar og þekki í því sambandi hugtökin ósonlag og gróðurhúsaáhrif.
- þekki einkenni helstu jarðsögutímabila á jörðinni.
- þekki reikistjörnurnar og einkenni þeirra

Lífvísindi:

Að nemendur:

- læri um mannslíkamann, starfsemi hans og þroska.
- geri einfaldar athuganir á eigin líkama, t.d. að taka púls, mæla lungnarúmmál ofl.

- kynnist vísindalegri hugsun og hvernig eðli hluta liggur.

Námsefni:

Líkami mannsins og Auðvitað 2.

Ítarefni:

Kennslumyndbönd úr Eyewitness safninu: Beinagrindin og Líkaminn, Pláneturnar

Myndband viðfangsefni vísindanna: Líffæri líkamans

Forritin Svona vinna tækin og Undur líkaman míns

Glærumappa mannlíkaminn

Veggspjöld og mannlíkamalíkan.

Kennslutilhögun:

Nemendur lesa kennslubókina ýmist heima eða með kennara og unnin eru verkefni samhliða efninu. Heilsuvikur verða þar sem hollar lífsvenjur og heilbrigði verða höfð að leiðarljósi.

Auk þess verða gerðar tilraunir eftir því sem við á. Stefnt er að námsferðum í Fræðarsetrið í Sandgerði eða Alviðru.

Námsmat:

Miðsvetrarmat

Próf	40%
Kannanir	30%
Þemaverkefni	20%
Vinnubækur og virkni	10%

Vor

Próf	40%
Kannanir	30%
Þemaverkefni	20%
Vinnubækur og virkni	10%

Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði:

Kennarar: Eysteinn Eyjólfsson og Kristín Gunnarsdóttir

Tímalfjöldi: 1 kst. á viku.

Markmið:

Að nemendur:

- þekki sköpunarsöguna.
- kynnist sögum úr Nýja testamentinu sem tengdar eru siðfræðilegum rökum og sögum úr daglegu lífi
- kynnist völdum þáttum úr hindúasið.
- kynnist búddatrú að litlu leyti.

Námsefni:

Ljós heimsins, búddatrú og verkefnahefti.

Kennslutilhögun:

Bókin Ljós heimsins er lesin bæði í kennslustund og heima og fer kennslan að mestu fram í samtalsformi ásamt verkefnavinnu. Auk þess verður kennslan brotin upp með þemavinnu og

nemendur fá að kynnst völdum þáttum úr hindúasið, m.a. helgistöðum, musterum, táknum, hátíðum og siðum.

Námsmat:

Hópvavinna og þemavinna nemenda verður metin til einkunnar að vori.

Lífsleikni:

Kennarar: Eysteinn Eyjólfsson og Kristín Gunnarsdóttir

Tímafjöldi: 1 stund á viku.

Markmið:

Að nemendur:

- þjálfist í mannlegum samskiptum og læri að hver og einn hefur persónuleg og tilfinningaleg mörk sem hægt er að ganga of nærri með neikvæðum áreitum.
- geri sér grein fyrir að einelti er ekki þolað.
- taki þátt í að skapa þau skilyrði að þeim líði vel og metnaður og virðing ríki innan bekkjarins.
- virði settar bekkjarreglur og ræði um einelti, skólareglur og viðeigandi hegðun.

Einelti er ekki liðið í Heiðarskóla

Bekkurinn:

- Horfir á myndband “Gegn einelti” eða “Benjamín dúfa
- Rifjar upp skilgreiningu á einelti
- Fer í gegnum eineltishring
- Heldur bekkjarfundi tvisvar í mánuði
- Rifjar upp bekkjarreglur gegn einelti
- Fer í hlutverkaleik þar sem hin mismunandi hlutverk í eineltisaðstæðum koma fram

Námsefni:

Umræðuefni, bekkjarfundir og hlutverkaleikir sem fylgja átakinu Olweus á Íslandi og námsefnið Ég er bara ég verður tekið fyrir.

Kennslutilhögun:

Tekin verða fyrir valin viðfangsefni, þau rædd og unnin margvísleg verkefni. Einnig fá nemendur tækifæri til að halda menningarstund þar sem þeir öðlast færni í að koma fram fyrir aðra og tjá sig. Kennslan byggist mikið á umræðum, haldnir verða bekkjarfundir þar sem nemendur tjá sig um málefni bekkjarins og málefni líðandi stundar.

Námsmat:

Gefin er umsögn að vori eftir virkni og áhuga nemenda.

Upplýsingamennt:

Kennarar: Eysteinn Eyjólfsson og Kristín Gunnarsdóttir

Tímafjöldi: 1 kst á viku.

Markmið:

- ✓ Nemendur kynnist áfram tölvunni og innviðum hennar.
- ✓ Nemendur kynnist helstu 2 Office-pakkans frá Microsoft; Word og Excel
- ✓ Nemendur vinna í vefsíðugerð

- ✓ Nemendur kynnist meðferð á myndum og textum af geisladiskum og af neti.
- ✓ Nemendur geti sett inn myndir, gröf og töflur inn í texta.
- ✓ Nemendur haldi áfram vinnu í Ritfinni.
- ✓ Nemendur kynnist forritinu Powerpoint

Námsefni:

Kennsluefni af veraldarvefnum fyrir Office pakkan. Notast verður við forritið Ritfinn í kennslu í fingrasetningu og vélritun. Ýmsir námsvefir/nemendatenglar

Kennslutilhögun:

Kennari fer með nemendum í verklegar æfingar sem hann varpar á tjald í gegnum skjávarpa. Nemendum gefst kostur á að sjá hvernig gera á verkefni jafn óðum og kennari sýnir handbrögðin. Upprifjun nemenda á heimalyklum og stöfum frá árunum á undan. Kennsla í upplýsingamennt er þverfagleg grein og er samþætt við aðrar námsgreinar.

Námsmat:

Janúar: Nemendur fá umsagnir um margvíslega þætti s.s. áhuga, virkni, vinnubrögð, framkomu og framvindu náms í upplýsingamennt

Maí: Nemendur gera verkefni í Office forritunum sem þeir fá umsögn fyrir.

Íþróttir:

Kennarar: Helena Ósk Jónsdóttir og Kristinn Óskarsson

Tímafjöldi: 2 tímar í viku

Markmið:

Á þessum aldri er lögð áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreisn hvers nemenda. Hér eru lærð undirstöðuatriði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru hér á landi. Byggt er ofan á þann grunn sem fyrir er frá aðlögunartímabili fyrstu skólaáranna þar sem leikræn atriði og jákvæð upplifun er meginmarkmið kennslunnar. Nauðsynlegt er á þessum aldri að huga að sérstöðu kynjanna, áhugasviði þeirra og hæfileikum. Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur þjálfist í grófhreyfingum, flóknum æfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu, samsettum æfingum og undirstöðuatriða a.m.k. tveggja hóp- og einstaklingsíþróttar. Nemendur taka þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfipörf og efla samspil skynjunnar. Stefnt er að því að efla líkamspól, hraða, kraft og viðbragð.

Kennslutilhögun:

Til að ná þessum markmiðum þá verður farið í ýmsa leiki og gerðar æfingar, s.s. eltingaleiki, boltaleiki (t.d. fótbolti og körfubolti), golf, hafnabolta, bandý, boðhlaup, hringþjálfun, fimleikar, frjálssar o.fl.

Námsmat: Í formi umsagnar í lok annar og einkunnar að vori.

Ástundun, hegðun og frammistaða í tímum 50%

Fimm prófæfingar, hver 10% samtals 50%

Prófæfingar mæla; pól, kraft, samhæfingu, liðleika og hraða.

Sund:

Kennari: Elín Gunnarsdóttir.

Tímafjöldi: 1 tími í viku

Markmið:

Í 6. bekk er megináherslan á færniþætti og grunnkennslu helstu sundtaka. Með tilliti til þroska taugakerfis eru nemendur í þessari bekkjardeild mjög móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi auk þess sem námsáhugi þeirra er yfirleitt mikill. Byggt er ofan á þann grunn sem skapaður hefur verið á aðlögunartímabili fyrstu skólaáranna þar sem aðlögun, samhæfing hreyfinga í vatni og kennslufræðileg nálgun með leik eru meginmarkmið kennslunnar. Í sunði þjálfast nemendur í æfingum sem viðhalda og bæta samhæfingu hreyfinga og fjölbreyttum æfingum sem leggja grunn að bættri færni í bringu-, skólabak-, skrið- og baksundi, einnig er farið í undirbúningsæfingar fyrir flugsund. Þjálfist í stungu af bakka og köfun. Ætlast er til þess að nemendur í 6. bekk geti: a) 200 m bringusund, viðstöðulaust. b) 50 m skólabaksund. c) 25 m skriðsund. d) 25 m baksund. e) 25 m bringusund á tíma. Tímalágmörk 35,0 sek. f) 15 m björgunarsund (skólabaksundsfótatök). g) 8 m kafsund. h) 10 m flugsund með eða án hjálpartækja.

Kennslutilhögun:

Í sunði verður farið í eltingaleiki, boðsundsleiki, boltaleiki og kafsundsleiki og gerðar æfingar til að ná ofantöldum markmiðum.

Námsmat: Prófað samkvæmt 6. sundstigi aðalnámskrár. Námsmati skilað í lok annar og að vori í formi einkunnar, sem samanstendur af 50% sundfærni og 50% ástundun og hegðun.

Tónmennt:

Kennari: Guðmundur Hermannsson

Tímafjöldi: 2 tímar á viku

Markmið:

1. Að efla sönggleði og kenna sönglög úr ýmsum áttum
2. Að leyfa börnum að hlusta á sem fjölbreyttasta tónlist og sýna þeim fjölbreytta notkun tónlistar
3. Kynna sögu tónlistar og helstu tónskáld

Námsefni:

Námsefni er ýmiss sönglög, tónlist og myndbönd sem henta þessu aldurstigi í tónmennt,

Kennslutilhögun:

6. bekkur kemur samtals tvisvar í viku í tónmennt, og þá er sungið, hlustað á tónlist og horft á myndbönd sem tengjast tónlist. Nemendur halda áfram að skrifa útdrátt úr tónlistarsögunni. Byrja á Barrokk tímabilinu, síðan helstu tónskáld þess tímabils Vivaldi, Handel og Bach.. Samhliða þessu les kennari ítarlegri texta um sama efni og leyfir nemendum að heyra tóndæmi þessu til stuðnings. Hugmyndin er sú að þessi vinna haldi áfram í 7. og 8. bekk og í lokin verði nemendur með útdrátt úr tónlistarsögunni. Að auki verður annað námsefni ýmiss sönglög, tónlist og myndbönd sem henta þessu aldurstigi.

Námsmat:

Frágangur á vinnubók 50% , virkni og hegðun í tíma 50%

Heimilisfræði:

Kennari: Ólöf Jónsdóttir.

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Að auka þekkingu, leikni og sjálfstæði nemenda við matreiðslu og frágang í eldhúsi. Að nemandinn verði meðvitaður um mikilvægi næringar, umhverfisverndar og hreinlætis.

Námsefni:

Gott og gagnlegt, námsefni fyrir 6.bekk. Myndbandið kanntu til verka.

Kennslutilhögun: Nemendur vinna vekefni úr bókinni, bæði verkleg og bókleg. Flest það sem þau baka fara þau með heim en annað er borðað í tímanum. Nemendur vaska upp og ganga frá eftir sig.

Námsmat:

Frammistaða í tímum, kurteisi, vinnusemi, frágangur, sjálfstæði í vinnubrögðum og samvinna.

Myndlist:

Kennari: Margrét Jónsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Kennari velur úr eftirfarandi þrepamarkmiðum eða bætir við, fer það eftir þroska og getu hópsins:

Lögmál og aðferðir

- noti módel og snið sem hluta af vinnuferli
- kunningi skissugerð og öðlist skilning á mikilvægi hennar sem eðlilegs hluta af vinnuferli
- vinni með stærðir og hlutföll
- geti sýnt fram á að stærðarhlutföll, skörun og litir hafi rýmisskapandi áhrif
- blandi saman ólíkum efnum og noti margvíslega tækni í sömu mynd, s.k. blandaða tækni
- geti unnið þrívíð verk sem sýni áhrif ljóss og skugga á form og áferð
- viti að sólarljós og veðurfar hefur áhrif á liti umhverfisins
- geti beitt litum til að fá fram áhrif í mynd
- þekki feril hönnunar frá hugmynd til vöru
- geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum
- geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni

Sögulegt og félagslegt samhengi

- þekki tengsl hönnunar við eigin raunveruleika, þ.e.a.s. eigin fatnað, húsgögn, hjól, merki, tölvuleiki o.s.frv.
- viti að litir hafa mismunandi þýðingu í lífi mannsins, bæði hvað varðar áhrif þeirra á tilfinningar og merkingu þeirra, t.d. sem tákn götuvatans, á vatnskrananum, í kirkjunni o.s.frv.
- skoði mynddæmi um verk unnin í anda impressjónisma og geti lýst einkennum hans
- skoði mynddæmi um verk unnin í anda expressjónisma og geti lýst einkennum hans
- skoði mynddæmi um rýmislist („land-art“, landslagsarkitektúr, byggingarlist og innsetningar)

Námsefni: Höfundur er kennarinn.

Kennslutilhögun: Kennslan byggist á að þroska færni nemanda, námið felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og mat hins vegar. Myndlistarkennsla skal byggjast á því að þroska færni nemanda á báðum þessum sviðum.

Sköpun/túlkun/tjáning

Þessir færniþættir vísa til notkunar nemandans á fjölbreytilegu úrvali efniviðar og miðla greinarinnar til þess að skapa og tjá tilfinningar, hugsanir, hugmyndir og lausnir.

Skynjun/greining/mat

Þessir færniþættir vísa til þekkingar og skilnings á eðli myndlistar og á menningarlegu samhengi hennar; enn fremur til hæfninnar til að skynja og skilgreina myndlist og meta á rökstuddan hátt.

Inntak myndlistarnáms er flokkað í

- o lögmál og aðferðir greinarinnar
- o félagslegt og sögulegt samhengi
- o fagurfræði og rýni

Námsmat: Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, uppdrættir og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnir til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki.

Textíl:

Kennari: Hanna Vilhjámsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Nemendum er skipt í hópa eftir kynjum, kennarar leitast eftir því að hafa verkefnið þannig að þau taki mið af því hvort í hópnum séu eingöngu stelpur/ strákar

Markmið:

Að nemandi

- geri skissur af hugmynd sinni og þjálfist í að tjá sig um hugsanlega útfærslu
- vinni munstur þar sem formum er raðað saman
- búi til einfalt pappírssnið af nytjahlut
- öðlist færni í að sníða út textílefni eftir eigin pappírssniði og mæla fyrir saumförum
- læri að spóla og þræða tvinna á saumavél
- saumi óregluleg form á saumvél
- skreyti nytjahlut með hjálp saumavélarinnar
- noti skriflegar leiðbeiningar og handbækur
- sýni fram á skipulögð og vönduð vinnubrögð
- noti hugtök og heiti textílgreinarinnar
- þjálfist í þróunavinnu
- upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda

Námsefni:

Samið af kennara, kennslubækurnar; Á þróuninum og Hannyrðir í 3.-6. bekk.

Kennslutilhögun

Hálfur bekkur er í textílmennt í einu. Kennslan byggist á innlögn þar sem m.a kennari sýnir nemendum hvernig vinna á verkefnið. Markmið verkefnis eru kynnt.

Flest verkefni eru verkleg þar sem verið er að þjálfra ákveðna afmarkaða þætti.

Námsmat

- Prjón (10%)
- Krossaumur (10%)
- Svunta (10%)
- Saumaverkefni (15%)
- Annað (5%)
- Áhugi og hegðun (20%)
- Iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki (30%)

Smíði:

Kennari: Gróa Björk Hjörleifsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið: Stefnt er að því að nemandinn:

- ✓ Þekki algeng smíðaefni.
- ✓ Geti yfirborðsmeðhöndlað efni með olíumálningu.
- ✓ Hanni og smíði nytjahlut úr furu.
- ✓ Geri verkefni sín persónuleg með eigin hugmynd.
- ✓ Þekki muninn á kopar, messing og nýsilfri.
- ✓ Sýni skilning á góðri samvinnu í smíðastofu.
- ✓ Sýni vinnu annarra virðingu.
- ✓ Hafi tileinkað sér góðan frágang á efnunum og áhöldum, s.s. málningaráhöldum.
- ✓ Hafi lært að vinna með öðrum og taka lýðræðislegar ákvarðanir.

Námsefni:

Verkefni útbúin af kennara og hugmyndir nemendanna sjálfra.

Kennslutilhögun:

Nemendur vinna þau verkefni sem fyrir þá er lagt hverju sinni og nota til þess viðeigandi verkfæri. Lögð er rík áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, vinnusemi og jákvætt hugarfar í tímum.

Námsmat:

- hvort markmiðum verkefnis hafi verið náð
 - Dagatal 40%
 - Tréverkefni 15%
 - Annað 10%
 - áhugi og hegðun 20%
- iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki 15%

Heiðarskóli



**Bekkjarnámskrá
7. bekkur
2007-2008**



Bakgrunnsupplýsingar

Í árganginum eru 51 nemendur, 25 drengir og 26 stúlkur, fjöldi kennslustunda er 35 í viku hverri. Umsjónarkennarar eru Þórey Garðarsdóttir og Agnes Ósk Ómarsdóttir.

Nafnalistar eru aðgengilegir á fjölskylduvef Mentors.

Íslenska

Kennarar: Þórey Garðarsdóttir og Agnes Ósk Ómarsdóttir

Tímalfjöldi: Til ráðstöfunar eru 7 kennslustundir á viku. Heildstæðri móðurmálskennslu er haldið, þó skipting sé eftirfarandi; 2 tímar í málfræði, 2 tími í stafsetningu, 1 tími lestur og bókmenntir, 1 tími ljóð og 1 tími í ritun/skrift. Talað mál og framsögn, hlustun og áhorf skarast við þessa tíma.

Markmið:

Stuðst verður við markmið með íslenskukennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007 þar sem byggt er á heildstæðri móðurmálskennslu. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra flokka: **1) talað mál og hlustun, 2) lestur og bókmenntir, 3) ritun, 4) málfræði.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

Góð samvinna skóla og heimila um máluppeldi og móðurmálskennslu er lykilatriði. Stuðningur foreldra við heimanám nemenda er mikilvægur.

Kennslumarkmið:

- Að nemendur líti á móðurmálið sem heild en ekki fjölda stakra námspátta..
- Að nemendur geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á glöggu og auðugu máli og fái tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín.

Námsmarkmið:

Að nemendur:

- hafi lesið margvíslega texta s.s. vísur, ljóð og þjóðsögur og unnið með þá á fjölbreytilegan hátt.
- geti gert útdrætti, munnlega og skriflega, úr því sem þeir hafa lesið.
- geti tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum.
- geti lesið upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum.
- þjálfist í að hlusta á upplestur á gagnrýninn hátt, af þolinmæði, með athygli og skilningi.
- skrifi skýrt og greinilega og vandi allan frágang en hafi þó náð góðum skriftarhraða.
- þjálfist í að nota tölvur við frágang ritunarverkefna.
- geti fengist við skapandi skrif, m.a. geti samið sögur, ljóð og leikrit.
- þekki allar stafsetningarreglur og reglur um greinarmerkjasetningu og geti nýtt sér þá þekkingu í allri ritun.
- þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögn og geti nýtt sér þau í eigin ritun.
- hafi lært nokkur valin ljóð.
- þekki grunnhugtök í greiningu ljóða og bókmennta og auki færni í notkun þeirra.
- lesi fjölbreytt efni sér til fróðleiks og skemmtunar að eigin vali miðað við lestrargetu og áhuga.
- auki við hugtakþekkingu sína í málfræði og málnotkun.
- vinni með algeng orðtök og málshætti.
- geti nýtt sér orðabækur og handbækur.
- efla færni sína í vinnubrögðum og frágangi.

Námsefni:

Fallorð e. Magnús Jón Árnason (unnið að fornöfnum).
Skrudda verkefnabók 1 og 2 e. Gísla Ásgeirsson og Þórð Helgason.
Mál er miðill grunnbók e. Kolbrúnu Sigurðardóttur og Þóru Kristinsdóttur.
Mál er miðill vinnubók e. Kolbrúnu Sigurðardóttur og Þóru Kristinsdóttur.
Stafsetning - ritreglur og æfingar e. Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson.
Ljósrit um sóknarskrift
Grænkápa, Guðný Ýr Jónsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir tóku saman.
Gunnlaugs saga Ormstunga.
Skrift 7 e. Björgvin Jósteynsson.
Ljósþor, Kolbrún Sigurðardóttir, Sverrir Guðjónsson og Þórdís M. Mósesdóttir tóku saman.
Ljósrit úr Bragfræði e. Ragnar Inga Aðalsteinsson.
Réttritunarorðabók með verkefnabókum 2-3.

Ítarefni:

Fjölbreytt ljósritað efni fyrir nemendur auk frjálslestrarbóka.
Handbækur sem tilheyra heildstæðri móðurmálskenndu t.d. Íslensk orðabók, Réttritunarorðabók,
Handbók um málfræði og Móðurmál 3. hefti.
Heiðarskólavefur
Gunnlaugssaga (myndband á bókasafni Heiðarskóla)
Örsögur

Kennslutilhögun:

Lestur - bókmenntir:

Lestur er ávallt í nánum tengslum við bókmenntir (og aðrar námsgreinar) og skarast því verulega. Nemendur ýmist lesa valdar sögur heima eða í skóla. Lögð er áhersla á framburð og skilning. Textinn ræddur við nemendur og verkefni unnin, bæði heima og í skóla. Nemendur geri grein fyrir skoðunum sínum á efninu, munnlega og/eða skriflega. Nemendur velja sér bækur á safni eða heima til lestrar. Stefnt er að þátttöku í „Stóru upplestrarkeppninni”. Eftirfarandi sögur og verkefni verða unnin úr Grænkápu: 1. Brot úr gömlum gervihnetti 2. Snjór 3. Fínt fólk og ófínt 4. Frá marbendli 5. Hafmærin 6. Bíóferðin 7. Sálin hans Jóns míns 8. Næturgalinn 9. Hrói Höttur 10. Rauðhetta 11. Úlfurinn
Nemendur lesa Gunnlaugs sögu Ormstungu. Þeir munu vinna verkefni úr hverjum kafla sögunnar og þreyta fjölvalsþurningapróf. Nemendur vinna einnig útdrætti úr fyrri og seinni hluta sögunnar og skila til kennara.

Talað mál og framsögn:

Þessi þáttur skarast að miklu leyti við lestur – bókmenntir. Nemendur fá þjálfun fyrir „Stóru upplestrarkeppnina”. Lögð verður áhersla á að nemendur séu ekki hræddir eða feimnir við að koma fram fyrir áheyrendur/áhorfendur. Þeim finnst sjálfsagt að lesa bæði sitt eigið efni og annarra.

Hlustun og áhorf:

Hlustun og áhorf skarast á við talað mál og framsögn og ekki er hægt að þjálfna þennan þátt án beinna tengsla við hinn. Þegar nemendur hafa lokið við að lesa Gunnlaugs sögu munu þeir horfa á myndband með sömu sögu. Athugað verður hvað er öðruvísi í myndbandinu og bókinni.

Ritun – skrift – stafsetning:

Nemendur vinni ýmis ritunarverkefni heima og í skólanum. Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð. Stafsetningin er æfð þannig að þeir læri reglur og kunni að beita þeim en einnig er mikil áhersla lögð á sjónminni og sóknarskrift.

Ljóð:

Nemendur lesa ljóð úr ljóðabókinni Ljóðspor og valin ljóð og læra nokkur þeirra utanbókar. Ljóðin skrifuð og myndskreytt, auk þess sem nemendur yrkja sín eigin ljóð. Nemendur þekki hugtökin rím, stuðla, höfuðstafir, braglínu, persónugervingu og líkingu og geti notað í umfjöllun um bókmenntir. Eftirfarandi ljóð verða lesin og einhver af þeim þurfa nemendur að læra utanbókar: # Heilræðavísur # Ást í kreppu (bls. 25) # Jólamingning (bls. 68) # Fundið Vínland (bls. 63) # Öfund (bls. 68) # Móðurmálið (bls. 86) # Fljótið (bls. 113) # Dagatal (bls. 140) # Það vex eitt blóm... (bls. 141)

Málfræði:

Námsefni fyrri ára rifjað upp, þar að auki verður farið í alla fornafnaflokkana. Nemendur þjálfaðir í notkun handbóka s.s. orðabókar, málsháttabókar og réttitunarorðabókar. Nemendur þurfa að kunna skil á eftirfarandi fallorðum og þáttum innan þeirra: nafnorð, lýsingarorð, persónufornöfn, eignarfornöfn, afturbeygt fornafn, ábendingarfornöfn, tilvísunarfornöfn, spurnarfornöfn, óákveðin fornöfn, föll, kyn, tala, fallgreining, greinir, skammstafanir, töluorð.

Lestur:

Unnið verður markvisst í lestri allt skólaárið með lestrarkennslu. Kennarar verða lestararaðferðir s.s. hraðlestur og leitarlestur. Reglulega verða verða lögð fyrir próf til að meta framfarir nemenda.

Námsmat:

Haustönn:

Bókmenntir og ljóð 45%
 Tvö kaflapróf 17,5%
 Ljóðaverkefni 5%
 Gunnlaugssaga 20%
 Vinnueinkunn 2,5%

Vorönn

Bókmenntir og ljóð 45%
 Tvö kaflapróf 27,5%
 Ljóðaverkefni 5%
 Ritgerð 10%
 Vinnueinkunn 2,5%

Málfræði 35%

Tvö kaflapróf úr Fallorðum 10%
 Próf úr Skruddu 7,5%
 Lokapróf 15%
 Vinnueinkunn 2,5%

Málfræði 35%

Tvö kaflapróf úr Fallorðum 10%
 Próf úr Skruddu 7,5%
 Lokapróf 15%
 Vinnueinkunn 2,5%

Stafsetning og ritun 20%

Stafsetningarupplestur 2x 10%
 Tvö heimaverkefni 10%

Stafsetning og ritun 20%

Stafsetningarupplestur 4 x 2,5%
 Tvö heimaverkefni 10%

Tekið skal fram að litið er á alla heimavinnu sem sjálfsagðan hlut. Kennarar áskilja sér rétt til breytinga gerist þess þörf.

Stærðfræði:

Kennarar: Þórey Garðarsdóttir og Haraldur Axel Einarsson

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku.

Markmið:

Stuðst verður við markmið stærðfræðikennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007. Samkvæmt námskránni er stærðfræðinámi í 7. bekk skipt í 10 þætti: **1) stærðfræði og tungumál, 2) lausnir**

verkefna og þrauta, 3) röksamhengi og röksemdafærslur, 4) tengsl við daglegt líf og önnur svið, 5) tölur, 6) reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat, 7) hlutföll og prósentur, 8) mynstur og algebra, 9) rúmfræði og 10) tölfræði og líkindafræði.

„Með kennslu í stærðfræði í skólum er stefnt að því að nemendur

- öðlist næga kunnáttu til að takast á við stærðfræðileg verkefni sem upp koma í daglegu lífi og geti notað stærðfræði við margs konar störf í þjóðfélaginu
- öðlist nægilega kunnáttu til að þeir geti stundað framhaldsnám í ýmsum greinum
- kynnist stærðfræði sem hluta af menningararfi og almennri menntun“ (1999)

Markmiðin eru:

- Að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem getur nýst nemendum í daglegu lífi og námi.
- Að efla vitsmunaproska þeirra, skipulagningu og skapandi hugsun á þeim sviðum sem tengjast stærðfræðinni.

Að nemendur:

Stærðfræði og tungumál

- ✓ vinni með algengar rómverskar tölur, s.s. í blaðsíðutölum og ártölum.
- ✓ finni ferningsrót af lágum ferningstölum

Lausnir verkefna og þrauta

- ✓ þjálfist í að leysa þrautir.
- ✓ glími í samvinnu við aðra við verkefni sem gera kröfur til frumkvæðis og hugkvæmni.
- ✓ geti sett upp dæmi og túlkað niðurstöður.

Röksamhengi og röksemdafærslur

- ✓ þjálfist í að nota röksemdafærslu við lausn verkefna.
- ✓ flokki hugtök s.s. ferhyrninga, í yfir- og undirflokk.

Tengist við daglegt líf og önnur svið

- ✓ kunnir helstu mælieiningar og geti breytt úr einni mælieiningu í aðra s.s. km í m.
- ✓ reikni út í tímamun milli ólíkra heimshluta

Tölur

- ✓ vinni með almenn brot og tugabrot.
- ✓ vinni með neikvæðar tölur.

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- ✓ kynnist forgangsröð aðgerða.
- ✓ sjái að margföldun og deiling með 100 jafngilda færslu um tvö sæti í tugakerfi.
- ✓ námundi hvaða tölu sem er að næsta tug eða hundraði eftir því sem við á og noti til að áætla svar í samlagningu og frádrætti.

Hlutföll og prósentur

- ✓ kynnist prósentum. Geti reiknað 10%, 25% og 50% af stærðum.
- ✓ reikni brot og prósentur af heilum stærðum.

Mynstur og algebra

- ✓ vinni með ýmis talnamynstur.
- ✓ setji upp einföld föll og teikni gröf þeirra.

Rúmfræði

- ✓ vinni verkefni tengd rúmfræði s.s. hornasummu þríhyrnings, teikni og mæli horn.

- ✓ reikni ummál, flatarmál og rúmmál.

Tölfræði og líkindafræði

- ✓ kynnist tölfræði og líkindafræði s.s. finni meðaltal og miðgildi.
- ✓ setji gögn inn í og geri fyrirspurnir til tölvuunnins gagnasafns og dragi ályktanir af svörum.

Námsefni:

Geisli 3 grunnbók og vinnubækurnar 3A og 3B. Ljósrituð hefti og nemendatenglar.

Kennslutilhögun:

Í Geisla fylgjast nemendur að en takast á við námsefni á eigin forsendum. Í vinnubókunum fara nemendur á eigin hraða.

Notast verður við fjölbreyttar kennsluáðferðir s.s. sýnikennslu, beina kennslu, utanbókarnám, vettvangsferðir, samræðuaðferðir, raunveruleg viðfangsefni, leikir og spil, þrautalausnir, þjálfunarforrit, frásagnir, þemavinnu og kannanir. Samþætting við upplýsingamennt þar sem farið verður inn á Rasmus, síðu Geisla og aðra stærðfræðitengda vefi.

Námsmat:

Vetur:

Kaflapróf	40%
Heimadæmi	20%
Vinnueinkunn	10%
Lokapróf	30%

Vor:

Kaflapróf	40%
Heimadæmi	20%
Vinnueinkunn	10%
Lokapróf	30%

Danska:

Kennari: Eygló Pétursdóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku.

Markmið: Með námi í dönsku er stuðlað að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlönd. Lífandi tungumál eru síbreytileg og tengsl málnotkunar og menningar eru órjúfanleg. Samkvæmt námskránni er dönskunámi skipt í fjóra þætti: **1) hlustun, 2) lestur, 3) talað mál (samskipti og frásögn) og 4) ritun.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

Hlustun – að nemandi

- geti skilið þegar talað er við hann á skýru og einföldu máli um efni sem tengist daglegu lífi hans
- geti skilið einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar, t.d. í tali kennara, sem varðar umgengni í skólastofu
- geti skilið aðalatriði í einföldum samtölum tveggja í þar til gerðum hlustunaræfingum

Lestur – að nemandi

- geti lesið stuttan texta án þess að skilja hann til fullnustu í þeim tilgangi að finna í honum ákveðnar upplýsingar (leitarlestur)
- geti áttað sig á megininnihaldi í lengri texta sem skrifaður er á léttu máli og með orðaforða sem tengjast efninu
- geti skilið til fullnust stutta valda texta sem fjalla um efni sem hann þekkir

Talað mál - samskipti – að nemandi

- geti heilsað, kynnt sig og þakkað fyrir sig og afsakað sig með viðeigandi orðalagi
- geti myndað einfaldar setningar
- geti myndað og svarað einföldum spurningum út frá orðaforða sem tengist viðfangsefninu

Talað mál – frásögn – að nemandi

- geti sagt í stuttu, einföldu máli frá efni sem fjallað hefur verið um
- geti líkt eftir framburði á algengum orðum, orðasamböndum og stuttum setningum
- geti notað orð og orðasambönd, sem hann hefur lært, til að tjá sig um afmörkuð efni

Ritun – að nemandi

- geti skrifað stök orð, t.d. orðalista, setningar og örstutta texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við
- geti skrifað stuttar kveðjur eða póstkort

Málfræði – að nemandi

- kynnist einfaldri málfræði s.s. nafnorðum, óákveðnum og ákveðnum greinir, persónuorðum og nútíð og þátíð sagna.

Námsefni: Klar Parat A lesbók, Klar Parat B vinnubók, orðabók, ljósrít og kvikmyndir sem talsettar eru á dönsku.

Ítarefni: Ýmis verkefni unnin af kennara til að auka skilning og orðaforða ákveðinna viðfangsefna.

Kennslutilhögun: Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s beina kennslu, utanbókarnám, hugtakakort, þemavinnu, hópverkefni, umræði- og spurnaraðferð. Farið verður yfir alla Klar Parat A lesbók, eða eins langt og hægt er og Klar Parat B vinnubók notuð samhliða. Skrifaðir verða stuttir stílar á dönsku og unnið með setningar. Ekki er farið mikið í málfræði en óákveðinn og ákveðinn greinir verður lagður inn ásamt persónuorðum og nútíð og þátíð sagna. Nemendur vinna aukaverkefni til að öðlast frekari færni í notkun einstakra málfræðiatríða. Í hverjum tíma skrifa nemendur í leiðarbók misjafnlega mikið allt eftir aðstæðum og tilefni. Eftir áramót lesa nemendur smásögu og vinna verkefni tengt henni.

Námsmat:

Vetur:

Kaflapróf	40%
Glósupróf	30%
Próf í tölum frá 1-100	10%
Leiðarbók	20%

Vor:

Kaflapróf	40%
-----------	-----

glósupróf	25%
Smásaga/verkefni	15%
Leiðarbók	20%

Enska:**Kennari:** Agnes Ósk Ómarsdóttir og Þórey Garðarsdóttir**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir í viku.

Markmið:

Hlustun - að nemandi;

- skilji ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með, geti hlustað eftir aðalatriðum og skilji efni sem tengist lífi jafnaldra í enskumælandi löndum.

Lestur – að nemandi;

- geti lesið einfaldar smásögur og stuttar skáldsögur, geti leitað að upplýsingum í texta.
- og geti lesið efni sem tengist jafnöldrum í enskumælandi löndum.

Talað mál – að nemandi;

- geti tekið þátt í samskiptum innan kennslustofunnar og geti sagt á skýran og skipulegan hátt frá viðfangsefnum.

Málfræði – að nemandi kunni að beita;

- nútíð algengra sagna, algengum fornöfnum, nafnorðum, lýsingarorðum og greini.

Ritun – að nemandi;

- geti skrifað skipulega, skiljanlegan og viðeigandi samfelldan texta eftir fyrirmyndum s.s. dagbókarbrot, frásagnir, texta við myndir o.s.frv., þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða. og þjálfist í réttri stafsetningu.

Námsefni: Portfolio, Build up 2 mögulega Matrix ásamt vinnubók
 Topic bækur, Going Places , Children of the world og Heroes auk verkefna.
 Ensk málfræði B og C bók
 Easy True Stories og True Stories in the News ásamt verkefnum
 Phantom of the Opera (hlustun) og próf
 Elephant Man (hlustun) og verkefni

Kennslutilhögun: Portfolio topic bækur og bókin Build up 2 eru lagðar til grundvallar og verður unnið markvisst með þær allan veturinn. Textana í topic bókunum munu nemendur glósa nokkuð ítarlega og unnið verður sérstaklega með nýjan orðaforða m.a. verða lögð glósupróf fyrir reglulega. Unnið verður með málfræðibækur í afmarkaðan tíma og síðan tekið próf úr þeim. Einnig hlusta nemendur á og lesa bækurnar Elephant Man og Phantom of the opera, stefnt á og nem taki próf úr þeirri síðarnefndu. Reyni að fá nemendur til að lesa bækur af bókasafni, sérstaklega þá sem lengra eru komnir. Kennsluaðferðirnar eru margar og reynt er að höfða til áhugasviðs sem flestra með því að nota fjölbreytt efni. Mest er um einstaklings vinnu en þó nokkuð um paravinnu. Reynt að fá nemendur til að nota tungumálið með því að fá þau til að fara í samtalsleiki tvö og tvö. Einnig mun kennari reyna að tala sem mest á enskri tungu í tímum og þannig reyna að hvetja þau til að tala á ensku líka.

Námsmat:**Haust:**

Build Up 2 kaflapróf	20%	Going places próf 2	15%
Going places próf 1	15%	Vinnueinkunn	5%
Málfræði könnun b bók	25%		
Matrix kaflapróf	20%		

<u>Vor:</u>		Vinnueinkunn	5%
Heroes próf 1	15%	Matrix próf 1	20%
Heroes próf 2	15%	Matrix próf 2	20%
Málfræði könnun c bók	25%		

Birt með fyrirvara um breytingar, kennarar áskilja sér rétt til að breyta einstökum þáttum námsmats gerist þess þörf.

Samfélagsfræði:

Kennarar: Martha Jensdóttir

Landafræði

Tímafjöldi: 3 kennslustundir í viku

Markmið:

- Nemendur kynnist helstu svæðum og löndum Evrópu. Einnig er vikið að nokkrum þáttum í sögu álfunnar.
- Nemendur kynnist landafræði nánar sem samfélagsfræðigrein.
- Nemendur kynni sér mismunandi gerðir landakorta, kortavörpun og mælikvarða. Einnig fræðist þeir um tímabelti og bauganetið.
- Nemendur fræðist um sögu jarðar og þau öfl sem mótað hafa hana.

Námsefni: Evrópa álfan okkar e. Ragnar Gíslason bls. 3-85.
Ljósrit og verkefni frá kennara.

Kennslutilhögun: Kennslan fer fram bæði í fyrirlestrarformi, samræðum og verkefnavinnu en kennslubókin er lesin bæði í kennslustundum og heima og unnin verkefni út frá henni. Einnig verður námið brotið upp með þemaverkefnum um valin lönd í Evrópu.

Námsmat:

Miðsvetrarmat:

Kaflapróf	20%
Vinnueinkunn	15 %
Þemaverkefni	35%
Lokapróf	30%

Saga

Tímafjöldi: 3 kennslustundir í viku.

Markmið: Nemendur fræðist um:

- tímabilið 1550-1800 með sérstakri áherslu á sögu Íslands.
- stöðu Íslands miðað við önnur lönd á tímabilinu.
- það hvernig Íslendingar bundust norsku og síðan dönsku konungsvaldi.
- einokunarverslun Dana á Íslandi.
- siðaskiptin, einkum á Íslandi.

Námsefni: Ein grjóthrúga í hafinu bls 4-73
Ljósrit og verkefni frá kennara.
Valdir kaflar úr Sjálfstæði Íslendinga II e. Gunnar Karlsson.

Kennslutilhögun: Kennslan fer fram bæði í fyrirlestarformi, samræðum og verkefnavinnu en kennslubókin er lesin bæði í kennslustundum og heima og unnin verkefni út frá henni. Einnig verður námið brotið upp með þemaverkefnum s.s Tímavélin.

Námsmat:

Maí:	Próf, Ein grjóthrúga í hafinu	40%
	Þemaverkefni	40%
	Vinnueinkunn/verkefni	20%

Náttúrufræði:

Kennari: María Óladóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku.

Markmið:

Eðlisvísindi:

Að nemendur:

- þekki kenninguna um hreyfingu sameindanna, þ.e. að hiti er mælikvarði á hreyfiorku sameindanna
- þekki hugtökin felling og metnun
- fjalli um hvernig menn hafa nýtt sér þekkingu sína á áhrifum hita á efni í daglegu lífi
- geri tilraunir sem sýna að leysni efna fer m.a. eftir hitastigi.
- geri könnun á því hvers konar orka er notuð á heimilum og hvaðan hún kemur
- geri sér grein fyrir að allt efni er gert úr frumeindum sem geta tengst saman og myndað sameindir.
- þekki að andrúmsloftið er samsett úr nokkrum efnum.
- fjalli um hvernig menn hafa nýtt sér þekkingu sína á áhrifum hita á efni í daglegu lífi
- fjalli um notkun hitaveituvatns á Íslandi og kynnist starfsemi Hitaveitu Suðurnesja.

Jarðvísindi:

Að nemendur:

- geti lýst aðskildum lögum lofthjúps jarðar, með áherslu á veðra- og heiðhvolf.
- geri sér grein fyrir áhrifum hafsins á mótun umhverfis, lífríki á jörðu og neðansjávarlandslag.
- fjalli um áhrif ákveðna hafstrauma á íslenskt veðurfar, veðurfar á jörðinni og lífsskilyrði.
- þekki hvaða kraftar halda lofthjúpnum við jörðina.
- geti skilið og túlkað veðurkort sér til gagns og gamans.
- þekki mótunaráhrif jökla og áa á landslag og tengi við jarðsögu Íslands.

Lífvísindi:

Að nemendur:

- Að nemendur þekki helstu flokka lífvera sem lifa í og við hafið á Íslandi, hryggleysingja, fugla og fiska.
- Að nemendur þekki hafstrauma við Ísland og áhrif þeirra á veðurfar og lífsskilyrði

Námsefni: Auðvitað 3
Lífríkið í sjó
Vefurinn Fjaran og hafið

Kennslutilhögun:

Nemendur vinna fjölbreytt verkefni, bæði einstaklings- og hópverkefni. Nokkuð verður um verklegar æfingar og nemendum kynnt vísindaleg vinnubrögð. Lögð verður áhersla á gagnvirkan lestur og samvinnunám. Farið verður í fjöruferð og gerðar athuganir.

Námsmat:

<u>Vor:</u>	Þemaverkefni Lífríki í sjó	10%
	Fjöruverkefni	15%
	Kaflapróf	45 % (15% hvert)
	Vinnueinkunn	10%
	“Græna mappan” skil í des	20 %

Haust:

	Þemaverkefni Eðlisfræði	10 %
	Skýrslur	10 % (5% hvor)
	Kaflapróf/verkefni	50% (10% hvert)
	Vinnueinkunn	10%
	“Græna mappan” skil í maí	20 %

Kristinfræði, siðfræði og trúabragðafræði

Kennarar: Þórey Garðarsdóttir og Agnes Ósk Ómarsdóttir

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku.

Markmið:

Að nemendur:

- kynnist þáttum úr sögu Ísraelsþjóðarinnar frá því að ríkið klofnaði og til heimkomunnar úr útlegðinni í Babýlon.
- temji sér samskiptareglur sem byggja á kærleika og sáttfýsi.
- læri að virða einstaklinginn án tillits til getu hans, hæfileika og aðstöðu.
- kynnist frásögnum úr Gamla og Nýja testamenntinu.
- kynnist völdum þáttum búddhadóms, m.a. musterum, klaustrum, táknum, hátíðum og siðum.

Námsefni:

Upprisan og lífið e. Iðunni Steinsdóttur og Sigurð Pálsson.

Verkefnahefti af skólavefnum.

Búddhatrú – Leiðin til Nirvana e. Sigurð Inga Ásgeirsson. + Verkefnahefti eftir Höllu Tómasdóttur.

Verkefni af vef Námsgagnastofnunar,

Kirkjuhefti unnið af Arnbjörgu Drífu Káradóttur

Kennslutilhögun:

Bókin er lesin bæði í kennslustund og heima. Notast verður við ýmsar kennsluaðferðir s.s. frásagnir, utanbókarnám, samræðuaðferðir, þemavinnu og tímaverkefni. Samþætting við upplýsingamennt þar sem farið verður inn á vefi sem tengjast námsefninu.

Námsmat: Verkefni unnið úr Kirkjuhefti.
Hópverkefni í trúarbragðafræði

Lífsleikni:

Kennarar: Þórey Garðarsdóttir og Agnes Ósk Ómarsdóttir

Tímafjöldi: 1 kennslustund í viku.

Markmið:

Að nemendur:

- læri að taka afstöðu
- velti fyrir sér ýmsum hliðum þess að breytast úr barni í ungling og geri sér grein fyrir áskorunum og ánægjustundum þessa æviskeiðs.
- ræði um einelti, skólareglur og viðeigandi hegðun.
- geri sér grein fyrir hugtakinu *mannréttindi*
- taki afstöðu varðandi góðar og slæmar fyrirmyndir
- taki þátt í að skapa þau skilyrði að þeim líði vel í skólanum sem og annarsstaðar

Bekkurinn:

- Horfir á myndband „Gegn einelti“
- Lærir skilgreiningu á einelti
- Fer í gegnum eineltishring
- Heldur bekkjarfundi mánaðarlega
- Endurskoðar bekkjarreglur gegn einelti
- Fer í hlutverkaleik þar sem hin mismunandi hlutverk í eineltisaðstæðum koma fram

Námsefni:

Efni valið af kennurum til umfjöllunar á ákveðnum málefnum.

Umræðuefni og hlutverkaleikir sem fylgja Olweus eineltisátakinu sem Heiðarskóli er þátttakandi í.

Kennslutilhögun:

Kennslan byggist mikið á umræðum og stuttum verkefnum. Samræðuaðferð og sjálfsmat ásamt léttum verkefnum sem hvetja nemendur til að taka afstöðu. Áhersla er lögð á sjálfstæða hugsun og vinnubrögð og virkni nemenda í kennslustundum.

Meðal viðfangsefna eru:

- nemandin og umhverfið
- hvenær þarf að taka afstöðu
- fjölmiðlar
- sjálfsmynd
- siðklemma
- nemandinn sem hluti af einhverju
- áhugamál
- heilbrigður lífsstíll
- menningarstundir
- vettvangsferðir
- hópefli

Námsmat: Verkefni og vinna í tímum. Umsögn við lok anna.

Íþróttir:

Kennarar: Helena Ósk Jónsdóttir og Kristinn Óskarsson

Tímafjöldi: 2 tímar í viku

Markmið: Á þessum aldri er lögð áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreisu hvers nemenda. Hér eru lærð undirstöðuatriði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru hér á landi. Byggt er ofan á þann grunn sem fyrir er frá aðlögunartímabili fyrstu skólaáranna þar sem leikræn atriði og jákvæð upplifun er meginmarkmið kennslunnar. Nauðsynlegt er á þessum aldri að huga að sérstöðu kynjanna, áhugasviði þeirra og hæfileikum. Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur þjálfist í grófhreyfingum, flóknum æfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu, samsettum æfingum og undirstöðuatriða a.m.k. tveggja hóp- og einstaklingsíþróttu. Nemendur taka þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfipörf og efla samspil skynjunnar. Stefnt er að því að efla líkamspól, hraða, kraft og viðbragð.

Kennslutilhögun: Til að ná þessum markmiðum þá verður farið í ýmsa leiki og gerðar æfingar, s.s. eltingaleiki, boltaleiki (t.d. fótbolta og körfubolta), golf, hafnabolta, bandý, boðhlaup, hringþjálfun, fimleika, frjálssar o.fl. Nemendur taka þátt í æfingum og leikjum sem efla kraft, hraða, viðbragð og líkamspól.

Námsmat: Í formi umsagnar í lok annar og einkunnar að vori.

Ástundun, hegðun og frammistaða í tímum 50%

Fimm prófæfingar, hver 10% samtals 50%

Prófæfingar mæla; þol, kraft, samhæfingu, liðleika og hraða.

Sund:

Kennari: Elín Gunnarsdóttir og Helena Ósk Jónsdóttir.

Tímafjöldi: 1 tími í viku

Markmið: Í 7. bekk er megináherslan á færniþætti og grunnkennslu helstu sundtaka. Með tilliti til þroska taugakerfis eru nemendur í þessari bekkjardeild mjög móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi auk þess sem námsáhugi þeirra er yfirleitt mikill. Byggt er ofan á þann grunn sem skapaður hefur verið á aðlögunartímabili fyrstu skólaáranna þar sem aðlögun, samhæfing hreyfinga í vatni og kennslufræðileg nálgun með leik eru meginmarkmið kennslunnar. Nemendur fá aukna þjálfun í samhæfingu hreyfinga og tengingu þeirra í eina heild í bringu-, skólabak-, skrið- og baksundi. Einnig er farið í undirbúningsæfingar fyrir flugsund. Þjálfist í stungu af bakka, köfun og björgun. Ætlast er til þess að nemendur í 7. bekk geti: a) 300 m bringusund, tímalágmörk; synt innan 10 mín. b) 25 m bringusund c) 25 m skólabaksund d) 25 m baksund e) 8 m kafsund f) Val nemenda: 50 m bringusund á tíma eða 50 m skriðsund á tíma. g) 15 m björgunarsund h) Þrjú leysitök i) Ein lífgunaraðferð.

Kennslutilhögun: Nemendur taka þátt í æfingum og leikjum sem efla kraft, hraða, viðbragð og líkamspól.

Námsmat: Prófað samkvæmt 7. sundstigi aðalnámskrár. Námsmati skilað í formi einkunnar í lok annar og að vori, sem samanstendur af 50% sundfærni og 50% ástundun og hegðun.

Upplýsingamennt:

Kennarar: Sigurbjörg Róbertsdóttir

Tímafjöldi: 1 stund á viku.

Markmið:

Að nemendur:

- þekki og geti notað helstu forrit Office pakkans frá Microsoft, Word, Excel, Publisher og Powerpoint.
- þekki helstu leitarmöguleika á netinu og noti þá.
- geti notað þjálfunarforrit og valdar vefssíður til náms í samvinnu við fagkennara.

Námsefni:

Notast er við efni um forrit í Office gefin út af Námsgagnastofnun og eru vef.

Námsefni annarra námsgreina verður samþætt upplýsingamennt og nemendur því með mismunandi markmið.

Kennslutilhögun:

Kennari fer yfir verkefni með nemendum með því að varpa skjámynd á tjald í gegnum skjávarpa. Þannig gefst nemendum færi á að sjá hvernig á að gera hlutina. Nemendur notfæra sér kosti fingrasetningarforritanna beint í vinnu á lyklaborðum. Nemendur eru hvattir til að vinna sjálfstætt og læra því hvernig ber að umgangast tölvurnar, netið og ýmis forrit til náms.

Námsmat:

Vor:	Verklegar æfingar	70%
	Leitarverkefni	10%
	Vinnueinkunn	20%

Tónmennt:

Kennari: Guðmundur Hermannsson

Tímafjöldi: Tveir tímar á viku.

Markmið:

- Að efla sönggleði og kenna sönglög úr ýmsum áttum
- Að leyfa börnum að hlusta á sem fjölbreyttasta tónlist og sýna þeim fjölbreytta notkun tónlistar
- Kynna sögu tónlistar og helstu tónskáld
Kynning á geisladiski að eigin vali.

Námsefni: Námsefni er ýmiss sönglög, tónlist og myndbönd sem henta þessu aldurstigi í tónmennt,

Kennslutilhögun:

7. bekkur kemur einu sinni í viku í tónmennt, og þá er sungið, hlustað á tónlist og horft á myndbönd sem tengjast tónlist. Nemendur halda áfram að skrifa útdrátt úr tónlistarsögunni. Byrja á Klassíska tímabilinu, síðan helstu tónskáld þess tímabils s.s J.Haydn og W.A. Mozart. Einnig mun kennari lesa ítarlegri texta um sama efni fyrir nemendur og styrkja það með hlustunardæmum. Að auki verður annað námsefni ýmiss sönglög, tónlist og myndbönd sem henta þessu aldurstigi.

Stefnt er að því að hætta í vinnubókargerð um áramót og hefja gerð geisladisakynninga sem verður unnin í hópum 2-4 saman. Þar munu nemendur taka fyrir geisladisk að eigin vali og kynna innihald hans og útgáfu s.s hverjir spila á hvaða hlhjóðfæri, hver semur lög og texta, útgáfuár o.s.frv.

Kennari mun halda áfram að kynna tónlistarsöguna og taka fyrir Rómantíska tímabilið og tónskáldin L.V. Beethoven og J.Brahms

Námsmat: Frágangur á vinnubók 50% , virkni og hegðun í tíma 50% ,
Eftir áramót : geisladiskakynningar 50 % og virkni og hegðun í tíma.50%

Heimilisfræði:

Kennari: Ólöf Jónsdóttir.

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir í viku hálfan veturinn.

Markmið: Að auka þekkingu, leikni og sjálfstæði nemanda við matreiðslu og frágang í eldhúsi. Að gera nemandann meðvitaðan um mikilvægi réttar næringar. Að nemandinn verði meðvitaður um mikilvægi umhverfisverndar og hreinlætis á heimilum.

Námsefni: Gott og gagnlegt, námsefni fyrir 7.bekk. Myndbandið Ekki er sopið kálið.

Kennslutilhögun: Nemendur vinna verkefni úr bókinni, bæði verkleg og bókleg. Flest það sem þau baka fara þau með heim en annað er borðað í tímanum. Nemendur vaska upp og ganga frá eftir sig.

Námsmat: 70% frammistaða í tímum, kurteisi, vinnusemi, frágangur, sjálfstæði í vinnubrögðum og samvinna. 30 % verklegt próf í lok annar.

Myndlist:

Kennari: Margrét Jónsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Kennari velur úr eftirfarandi þrepamarkmiðum eða bætir við, fer það eftir þroska og getu hópsins:

Lögmál og aðferðir

- teikni hluti eftir fyrirmynd, s.s. uppstillingu og/eðumhverfisteikningu
- þekki hugtakið fjölfelldi og a.m.k. eina grafíska aðferð, t.d. dúkristu
- þekki samhengi grunnforma í tvívídd og þrívídd
- vinni með form á fjölbreytilegan hátt með margs konar miðlum og tækni, t.d. einfalda, brjóta upp, þenja út og draga saman og teikna sama formið frá fleiru en einu sjónarhorni, m.a. með hjálp tölvu
- þekki hugtakið fjarvídd og vinni einföld verk sem fela í sér notkun sjónhæðarlínu, hvarfþunkta, mismunandi sjónarhorna o.s.frv.
- vinni skissur með áherslu á hvernig form, litir og myndbygging geta undirstrikað ákveðna þætti eða boðskap myndverks, t.d. með því að raða sömu formum upp á mismunandi vegu
- geti gengið frá verkefnum, efnunum og áhöldum
- geri sér grein fyrir eiginleikum og verðmæti efna sem unnið er með hverju sinni og áhrifum þeirra á umhverfið

Sögulegt og félagslegt samhengi

- geti lýst á einfaldan hátt munnlega og skriflega helstu einkennum kúbismans og abstraktsins
- þekki og geti fjallað um popplista og skoði mynddæmi af verkum sem unnin eru í þeim anda
- þekki og geti fjallað um súrrealisma og skoði mynddæmi af verkum sem unnin eru í þeim anda
- þekki hugtakið uppstilling og skoði mynddæmi af þeirri tegund myndverka

-kanni byggingarsögu nánasta umhverfis

Fagurfræði og rýni

- geti lýst munnlega og skriflega skoðun sinni á mynd; áhersla skal lögð á þætti s.s. myndlýsingu sem tekur til lögmála og aðferða myndlistarinnar og inntaks, þ.e. túlkunar innihalds

Námsefni: Höfundur er kennarinn.

Kennslutilhögun: Kennslan byggist á að þroska færni nemanda, námið felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og mat hins vegar. Myndlistarkennsla skal byggjast á því að þroska færni nemanda á báðum þessum sviðum.

Sköpun/túlkun/tjáning

Þessir færniþættir vísa til notkunar nemandans á fjölbreytilegu úrvali efniviðar og miðla greinarinnar til þess að skapa og tjá tilfinningar, hugsanir, hugmyndir og lausnir.

Skynjun/greining/mat

Þessir færniþættir vísa til þekkingar og skilnings á eðli myndlistar og á menningarlegu samhengi hennar; enn fremur til hæfninnar til að skynja og skilgreina myndlist og meta á rökstuddan hátt.

Inntak myndlistarnáms er flokkað í

- o lögmál og aðferðir greinarinnar
- o félagslegt og sögulegt samhengi
- o fagurfræði og rýni

Námsmat: Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, uppdrættir og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnir til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Lokaeinkunn byggist á símati þar sem verkefni/vinnubrögð gilda 40%, ástundun 20%, frumkvæði 20% og hegðun 20%.

Textílmennt

Kennari: Hanna Vilhjálmsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturnn

Nemendum er skipt í hópa eftir kynjum, kennarar leitast eftir því að hafa verkefnin þannig að þau taki mið af því hvort í hópnum séu eingöngu stelpur/strákar

Markmið:

Að nemandi;

- geri skissur af hugmynd sinni, búi til sitt eigið munstur
- þjálfist í útsaumi
- þjálfist í að vinna í saumavél
- þjálfist í að vinna eftir einföldum sniðum og leiðbeiningum
- þjálfist í að þrjóna og noti puttaprjón ef þrjónið reynist erfitt
- tileinki sér vandvirkni, góða umgegni og rétta meðferð áhalda og véla.

Námsefni: Samið af kennara, kennslubókin Hannyrðir í 3.-6. bekk, verkefnablöð fyrir saumavélar og á Á þrjónunum.

Kennslutilhögun

Hálfur bekkur er í textílflemt í einu. Kennslan byggist á innlögn þar sem m.a kennari sýnir nemendum hvernig vinna á verkefnið. Markmið verkefnis eru kynnt. Flest verkefni eru verkleg þar sem verið er að þjálfa ákveðna afmarkaða þætti.

Helstu verkefni eru, krosssaumur, húfa/saumavél, prjón,

Námsmat:

- saumavélaæfingar (5%)
- útsaumur (20%)
- prjón (10%)
- náttbuxur (25%)
- áhugi og hegðun (20%)
- iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki (20%)

Smíði:

Kennari: Gróa Björk Hjörleifsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið: Stefnt er að því að nemandinn:

- Sýni vinnu annarra virðingu.
- Fáist við verkefni þar sem lögð er áhersla á hönnun nytjahluta með listræna útfærslu í huga.
- Þjálfast í að rissa upp mismunandi útlitsmyndir af hlutum og velja eftir eigin mati.
- Geti unnið í hóp.
- Geri verkefni sín persónuleg með eigin hugmynd.
- Hafi tileinkað sér góðan frágang á efnunum og áhöldum, s.s. málningaráhöldum.

Námsefni: Verkefni útbúin af kennara og hugmyndir nemendanna sjálfra.

Kennslutilhögun: Nemendur vinna þau verkefni sem fyrir þá er lagt hverju sinni og nota til þess viðeigandi verkfæri. Lögð er rík áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, vinnusemi og jákvætt hugarfar í tímum.

Námsmat:

- hvort markmiðum verkefnis hafi verið náð
 - fótaskemill 40%
 - gluggaskraut úr málmi 20%
 - annað 10%
- áhugi og hegðun 15%
- iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki 15%

Heiðarskóli



Bekkjarnámskrá
8. bekkur
2007-2008



Bakgrunnsupplýsingar

Í 8. bekk eru 47 nemendur, 26 stúlkur og 21 drengir. Kennslustundir í kjarnagreinum eru 32 á viku og eru nemendur hálfan vetur í heimilisfræði og myndmennt, að auki eru svo 8 stundir í valgreinum. Umsjónarkennarar í 8. bekk eru Ragnheiður Guðný Ragnarsdóttir og Kristinn Óskarsson.

Nafnalistar eru aðgengilegir á fjölskylduvef Mentors.

Íslenska

Kennarar: Agnes Ósk Ómarsdóttir og Erla María Andrésdóttir

Tímafjöldi: 6 tímar á viku.

Kennt verður í lotum þar sem hugmyndafræði heildstæðrar móðurmálskennslu verður höfð að leiðarljósi.

Markmið:

Stuðst verður við markmið íslenskukennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007 þar sem byggt er á heildstæðri móðurmálskennslu. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra þætti: **1) talað mál og hlustun, 2) lestur og bókmenntir, 3) ritun, og 4) málfræði.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

Góð samvinna skóla og heimila um máluppeldi og móðurmálskennslu er lykilatriði. Stuðningur foreldra við heimanám nemenda er mikilvægur.

Kennslumarkmið:

- Að nemendur líti á móðurmálið sem heild en ekki fjölda stakra námsþátta.
- Að nemendur geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á glöggu og auðugu máli og fái tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín.

Námsmarkmið:

Að nemendur;

- þjálfist í lestri og ræði um mismunandi lausamálstexta, s.s. smásögur, þjóðsögur, goðsögur, ævintýri og valda texta úr Íslendingasögum og nútímabókmenntum
- þekki grunnhugtök í umfjöllun um skáldsögur, t.d. boðskapur, aðal- og aukapersónur, tíma og umhverfi.
- þjálfist í að túlka myndmál og myndrænt efni, tengt lestri bókmennta og ljóða.
- þjálfist í að taka þátt í samræðum og framsögn.
- þjálfist í að hlusta á upplestur og virða skoðanir hvers annars.
- þekki flestar stafsetningarreglur og nái nokkurri færni í greinarmerkjarsetningu.
- þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta.
- auki við hugtakaþekkingu sína í málfræði og málnotkun.
- þjálfist í að taka niður glósur.
- þekki grunnhugtök í greiningu ljóða og bókmenntaverka.
- efli færni sína í vinnubrögðum og frágangi.

Námsefni:

- Mályrkja, I, grunnbók e. Þórunni Blöndal + hljóðbók.
- Finnur I, verkefnabók e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur
- Sagnorð e. Magnús Jón Árnason
- Kennslubók í stafsetningu e. Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson.
- Ljóðspeglar, tekin saman af Kolbrúnu Sigurðardóttur, Sverri Guðjónssyni og Þórdísi Mósesdóttur
- Áfram Óli – smásagnasafn fyrir grunnskóla.

- Laxdæla.
- Bragfræði e. Ragnar Inga Aðalsteinsson
- „Svífðu burt og sestu hjá sumargleði þinni“ (ljósritað ljóðavinnuhefti af Skólavefnum).

Ítarefni:

- Fjölbreytt ljósritað efni fyrir nemendur auk yndislestrarbóka
- Handbækur sem tilheyra heildstæðri móðurmálskennslu
- Orðhákur 1
- Orðalind, stafsetning – kennslubók e. Ingu Þórunni Halldórsdóttur og Svanhildi Kr. Sverrisdóttur.
- Málfinnur og Skriffinnur

Kennslutilhögun:

Kennt verður samkvæmt hugmyndafræði heildstæðrar móðurmálskennslu þar sem hinir fjórir þættir íslenskunnar eru samþættir. Samfellu og stígandi er haldið allt kennsluárið með fjölbreyttum kennsluaðferðum og margvíslegu námsefni. Námsefnið er kennt í lotum þar sem farið er í visst viðfangsefni og það klárað áður en byrjað er á næsta. Höfðað er til færniþátta nemenda og leitast við að laða fram það besta hjá hverjum og einum. Kennsluaðferðirnar eru jafnmargar og kennarinn notar t.d. yfirlitslestur, leitarnám, samvinnunám og sóknarskrift. Nemendum á þessu skólastigi er jafnframt kennd námstækni og öguð vinnubrögð þegar leitað er leiða til að örva málkennd og færni í íslensku máli. Hraðlestrarnámsskeið verður hjá 8. bekk þar sem nemendum verður kennd tækni til að auka hraða sinn í lestri. Nemendur verða með leiðarabók fyrir yndislestur og er ætlast til að nemendur séu að lesa sér til yndisauka allt skólaárið.

Námsmat: Janúar	Tímabil	Hlutfall	Einkunn
Málfræði-Fallorð+Finnur I	september	15%	
Bókmenntir – Áfram Óli próf	október	10%	
Áfram Óli - veggspjöld-sjálfsm.jafningjam.	október	10%	
Frjáls ritun-ritgerð	okt/nóv	5%	
Málfræði-Finnur I	nóvember	20%	
Bókm., málfr. og stafsetning	des/jan.	35%	
Mályrkja og Finnur			
Ritgerð úr Mályrkju	des/jan.	3%	
Stafsetning - reglur	des/jan.	2%	
		100%	

Námsmat: vor 2007	Tímabil	Hlutfall	Einkunn
Mályrkja og Finnur	febrúar	15%	
Málfræði - sagnorð	febrúar	10%	
Ljóð	mars	5%	
Ritgerð	mars	5%	
Stafsetning	mars	5%	
Bókmenntir - Laxdæla	apríl/maí	20%	
Laxdæla - vinnubók	apríl/maí	10%	
Bókm., málfr. stafsetning, ljóð o. fl.	maí/júní	30%	
Sjá gátlista			
		100%	

Tekið skal fram að litið er á alla heimavinnu sem sjálfsagðan hlut.

Kennarar áskilja sér rétt til breytinga gerist þess þörf.

Stærðfræði:

Kennarar: Guðmundur Hermannsson, Haraldur Axel Einarsson og Þóra Guðrún Einarsdóttir.

Tímafjöldi: 6 stundir á viku.

Markmið:

Stuðst verður við markmið stærðfræðikennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007. Samkvæmt námskránni er stærðfræðinámi í 8. bekk skipt í 10 þætti: **1) stærðfræði og tungumál, 2) lausnir verkefna og þrauta, 3) röksamhengi og röksemdafærslur, 4) tengsl við daglegt líf og önnur svið, 5) tölur, 6) reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat, 7) hlutföll og prósentur, 8) mynstur og algebra, 9) rúmfræði og 10) tölfræði og líkindafræði.**

„Með kennslu í stærðfræði í skólum er stefnt að því að nemendur

- öðlist næga kunnáttu til að takast á við stærðfræðileg verkefni sem upp koma í daglegu lífi og geti notað stærðfræði við margs konar störf í þjóðfélaginu
- öðlist nægilega kunnáttu til að þeir geti stundað framhaldsnám í ýmsum greinum
- kynnist stærðfræði sem hluta af menningararfi og almennri menntun“ (2007)

Markmiðin eru:

- að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem getur nýst nemendum í daglegu lífi og námi.
- að efla vitsmunaprofna þeirra, skipulagningu og skapandi hugsun á þeim sviðum sem tengjast stærðfræðinni.

Að nemandi:

Stærðfræði og tungumál

- þjálfist í notkun sviga og forgangsröð aðgerða
- taki þátt í samstarfsverkefni með bekkjarfélögum

Lausnir verkefna og þrauta

- glími við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram

Röksamhengi og röksemdafærslur

- þjálfist í að nota röksemdafærslu við lausn verkefna

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- þýði verkefni úr daglegu lífi yfir á táknmál stærðfræði
- vinni með tíma-, lengdar-, flatar-, rúmmáls- og þyngdareiningar í metrakerfi og kynnist sambandi innbyrðis

Tölur

- meti hvenær tvö almenn brot eru jöfn og fáist við röðun almennra brota, styttingu og lengingu og tengsl þeirra við tugabrot og prósentur
- þekki frumtölur og þáttun talna í frumþætti og viti hvernig má finna lægstu frumtölurnar
- stytta almenn brot með því að leysa teljara og nefnara í frumþætti
- breyti endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- temji sér að prófa útkomur og leita að reiknivillum
- námundi tölur að heilum þúsundum, hundruðum, tugum, einingum, tíundu hlutum, hundraðshlutum og þúsundustu hlutum

Hlutföll og prósentur

- vinni með prósentur í margvíslegu samhengi þannig að nemandinn skilji að prósent merkir hluta af hundraði og byggi á þeim skilningi þegar hann reiknar með prósentum
- fáist við prósentureikning sem algengur er í þjóðfélaginu, t.d. hækkun eða lækkun, aukningu eða minnkun og afslátt

Mynstur og algebra

- leysi einfaldar jöfnur og byggi á skilningi á því hvernig bókstafir eru notaðir til að tákna stærðir

Rúmfræði

- þekki hugtök, s.s. punkt, línu, línustirk, hornréttu línu, geisla, miðstreng, horn og ýmsar gerðir marghyrninga, fari rétt með heiti þeirra og geti lýst þeim bæði í mæltu máli og með því að teikna myndir
- kynnist rétthyrndum, jafnarma og jafnhliða þríhyrningum og geti nýtt sér eiginleika þeirra í útreikningum
- vinni verkefni sem sýna fram á regluna um hornasummu þríhyrnings og noti hana til að reikna stærðir grannhorna og horna í jafnarma, jafnhliða og rétthyrndum þríhyrningum
- þjálfist í notkun hringfara og þekki gotneskan boga.

Tölfræði og líkindafræði

- fáist við, þekki og skilju hugtökin tíðni, tíðnidreifing, meðaltal, miðgildi og tíðasta gildi
- geri sér grein fyrir líkindahugtakinu og átti sig á að sumir hlutir eru háðir líkindum en aðrir ekki

Námsefni:

8-tú, bók 1 og 2

Ljósrit frá kennara m.a. frá Skólavefnum, ýmis dæmasöfn og Rasmus.

Stærðfræðikeppni grunnskólanna, ýmis ljósrit

Þemahefti - Töflureiknir notaður.

Kennslutilhögun:

Unnið er með bókina heima og í tíma. [Leiðarabók](#) er notuð til samskipta við kennara og skráningu hinna ýmsu hugleiðinga er snúa að stærðfræðináminu.

Notast verður við fjölbreyttar kennsluáferðir s.s. sýnikennslu, beina kennslu, utanbókarnám, vettvangsferðir, samræðuáferðir, raunveruleg viðfangsefni, leiki og spil, þrautalausnir, þjálfunarforrit, frásagnir, þemavinnu, hugtakakort og kannanir. Samþætting við upplýsingamennt þar sem farið verður inn á Rasmus, síðu Átta-tíu og aðra stærðfræðitengda vefi.

Hluti nemenda tekur þátt í stærðfræðikeppni grunnskólanna.

Mikil samvinna verður á milli kennara og nemenda. Nemendur eiga von á því að bekkjunum verði skipt upp eftir þörfum.

Námsmat:

Fylgst er reglulega með heimavinnu.

Námsmat: Janúar

	Tímabil	Hlutfall	Einkunn
Dæmi 50 bls. 19	september	3%	
Próf úr Algberu	september	15%	
Dæmi 44 bls. 29 - algebra	september	2%	
Heimadæmi (Hlutföll)	október	5%	
Próf (Almenn brot)	október	15%	
Heimadæmi (Frumtölur)	október	5%	

Próf (Tugabrot og prósentur)	nóvember	15%	
Hópverkefni	desember	10%	
Ferilmappa og Leiðarbók	janúar	5%	
Yfirlitspróf	janúar	25 %	
		100%	

Námsmat: Maí	Tímabil	Hlutfall	Einkunn
Dæmi 50 bls 15	janúar	5%	
Tímaverkefni – Líkindi og almenn brot	febrúar	10%	Má nota gögn
Heimadæmi	febrúar	10%	
Plaggat - Hnitakerfi og flutningar	mars	5%	
Próf	mars	10%	
Próf – bls. 30-64	apríl	10%	
Tölur - hópverkefni	apríl	10%	
Bæklingur – stæ. í atvinnulífinu	maí	5%	
Hugtakaort	maí	5%	
Ferilmappa og Leiðarbók	maí	5%	
Yfirlitspróf	maí	25%	
		100%	

Tekið skal fram að litið er á alla heimavinnu sem sjálfsgöðan hlut.
Kennarar áskilja sér rétt til breytinga gerist þess þörf.

Danska:

Kennari: Eygló Pétursdóttir

Tímafjöldi: 3 stundir á viku

Markmið: Með námi í dönsku er stuðlað að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlönd. Lífandi tungumál eru sýnbreytileg og tengsl málnotkunar og menningar eru órjúfanleg. Samkvæmt námskránni er dönskunámi skipt í fjóra þætti: **1) hlustun, 2) lestur, 3) talað mál (samskipti og frásög)** og **4) ritun**. Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

Hlustun – að nemandi

- skilji flest venjuleg fyrirmæli og leiðbeiningar í tali kennara, nemenda og í þar til gerðu hlustunarefni
- skilji aðalatriði í tilkynningum, samtölum og stuttum frásögnum
- geti fylgst með og haldið þræði þegar fjallað er um efni sem hann þekkir vel og hefur grunnorðaförða um

Lestur – að nemandi

- geti beitt leitarlestri í stuttum textum, þ.e. lesið texta hratt yfir til að finna ákveðnar upplýsingar
- geti hraðlesið stuttan texta og skilið í honum aðalatriðin (yfirlitslestur)
- átti sig á hvernig hægt er að geta sér til um merkingu orða út frá samhengi
- geti lesið og skilið til hlítar stutta einfalda texta sem tengjast efnisflokkum sem fengist er við

Talað mál – samskipti - að nemandi

- geti hafið og endað samtali
- geti tekið þátt í einföldum samræðum tveggja um efni sem hann þekkir vel úr sínu umhverfi
- geti unnið stýrðar samtalsæfingar þar sem skiptast þarf á upplýsingum þar sem annar aðilinn hefur upplýsingar sem hinn hefur ekki og öfugt
- geti beðið um leyfi eða aðstoð, boðið fram aðstoð sína, leyft eitthvað eða hafnað einhverju

Talað mál – frásögn - að nemandi

- geti sagt frá sjálfum sér og persónulegum högum sínum
- geti tjáð skoðanir sínar og tilfinningar
- geti notað grunnorðaförða í efnisflokkum, sem unnið hefur verið með, á eigin forsendum í nýju samhengi
- geti sagt stutta sögu eða lýst einhverju út frá myndum eða minnispunktum

Ritun – að nemandi

- geti skrifað einföld skilaboð
- geti skrifað dagbók og/eða leiðarabók
- geti skrifað kort og stutt persónuleg sendibréf
- geti skrifað stutta texta út frá myndum eða myndasögum

Málfræði – að nemandi

- þekki og geti notað spurnarorð
- þekki reglulega endingu lýsingarorða
- þekki persónu- og eignarforöfn
- geti notað ákveðinn og óákveðinn greinir
- þekki fleirtölu nafnorða
- nútíð og þátíð sagnorða

Námsefni: Hvað siger du? A, orðabók, myndbönd og ljósrit eftir þörfum. Ætlunin er að taka inn nýja kennslubók í 8.bekk sem heitir Tænk! og samanstendur af lesbók, vinnubók og hlustunarefni.

Kennslutilhögun: Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. beina kennslu, utanbókarnám, hugtakakort, þemavinnu, hópverkefni, umræðu- og spurnaraðferð. Farið verður yfir alla Tænk lesbókina, eða eins langt og hægt er. Vinnubókin notuð samhliða. Skrifaðir verða stuttir stílar á dönsku þar sem sá orðaförði sem unnið er með hverju sinni er lagður til grundvallar t.d. sendibréf. Nemendum verður kennt að nota spurnarorð við myndun spurnarsetninga og einnig að þekkja reglulegar endingar lýsingarorða og persónufornöfn ásamt því að fyrri kunnátta verður rifjuð upp. Nemendur vinna aukaverkefni til að öðlast meiri færni í notkun einstakra málfræðiatríða. Hvað siger du? A verður notuð að meðaltali 2-3 í mánuði til að öðlast færni í hlustun. Áætlað er að sýna 2 myndbönd, eitt fyrir áramót og eitt eftir áramót, og eiga nemendur að skrifa stutta ritgerð um þær. Í hverjum tíma skrifa nemendur í leiðarabók misjafnlega mikið allt eftir aðstæðum og tilefni.

Námsmat: Áætlað er að nemendur taki kaflapróf úr Tænk, glósupróf og regluleg sagnapróf. Einnig verða ýmis verkefni unnin sem gilda munu til einkunnar.

Hlutföll í námsmati eru:

Vetur:	Kaflapróf	60%
	Léttlestarbók/verkefni	20%
	Leiðarabók	20%

Vor:	Kaflapróf	45%
	Sagnapróf, sagnir 1-5	3%
	Sagnapróf, sagnir 6-10	3%
	Sagnapróf, sagnir 11-15	3%
	Sagnapróf, sagnir 16-20	3%
	Sagnapróf, sagnir 21-25	3%
	Heimaverkefni	10%
	Léttlestrarbók	10%
	Leiðarbók	20%

Enska:

Kennarar: Ragnheiður Ragnarsdóttir og Þórey Garðarsdóttir

Tímafjöldi: 4 tímar á viku.

Markmið: að efla færni nemenda jafnt í hlustun, lestri, talmáli sem og ritun.

Hlustun: - að nemandi:

- skilji efni þar sem hlustun og myndefni tengjast
- skilji ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með
- geti skilið nokkuð nákvæmar upplýsingar s.s. tilkynningar og skilaboð.

Lestur – að nemandi:

- geti lesið léttar smásögur, styttri skáldsögur, tímarit og annað létt efni sér til fróðleiks og ánægju
- geti leitað að upplýsingum í handbókum og á tölvu (internet)
- geti unnið markvisst með orðaforða.

Talað mál – að nemandi:

- öðlist færni í því að tjá sig á ensku og geti veitt upplýsingar um sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi
- læri að beita réttum framburði, áherslum og hrynjandi.

Ritun – að nemandi

- auki færni sína í ritun
- geti skrifað skipulega samfelldan texta
- nýti sér markvisst þann orðaforða sem hann hefur lært
- geti skrifað frá eigin brjósti með aðstoð orðabóka
- þjálfist í réttri stafsetningu.

Námsefni:

Matrix foundation book 1 – Matrix foundation workbook 1.

Go for it lesbók ásamt verkefnum

Kjörbækurnar Voodoo Island , Earrings from Frankfurt og Karen Silkwood.

Ýmsar smásögur og verkefni af netinu.

Kennslutilhögun:

Í ensku er unnið samhliða með 4 þætti tungumálsins; hlustun, lestur, ritun og talað mál.

Bókin Matrix er lögð til grundvallar og nemendur vinna markvisst með hana allan veturinn. Farið er yfir hvern kafla í grunnbókinni fyrir sig og verkefni í vinnubókinni unnin samhliða. Þá verður

einnig unnið sérstaklega með nýjan orðaforða, nemendur þreyta svo skrifleg próf við lok hvers kafla þar sem áhersla er lögð á hlustun, málfræði, orðaforða og ritun. Þar sem lítið er um lestexta í bókinni verður að jafnaði einum tíma á viku varið í lestur þar sem nemendur lesa stutta texta m.a. úr bókinni Go for it og vinna úr þeim verkefni. Einnig er gert ráð fyrir því að nemendur lesi stuttar skáldsögur (tilgreindar að ofan).

Kennsluáætlunir eru margar, nemendur eru til dæmis hvattir til að tala á ensku og mun kennari eftir fremsta megna tala ensku í tímum þannig þjálfast nem í hlustun ásamt því að hlusta á verkefni og sögur af geisladiskum. Leitast er við að tengja enskunámið daglegu lífi og því sem er að gerast í fréttum og dægurmálum. Unnið verður með blaðgreinar af netinu en einnig dægurlagatexta. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytni í efnisvali og áherslum og þannig reynt að koma til móts við þarfir og áhugasvið flestra. Mest vinna nemendur sjálfstætt, nokkuð er þó um paravinnu og talsvert um umræður sem fara fram bæði í litlum hópum og svo bekkjarumræðum sem kennari stjórnar.

Námsmat:

Haust

Kaflapróf 1 – 5

75%

Kaflaprófin eru tekin í lok hvers kafla og gildir hvert um sig 15%. Í hverju prófi er könnuð hlustun, málfræði og orðaforði.

Vinna

10%

Hér er tekið tillit til vinnu í tímum og heimavinnu sem kennari skráir nákvæmlega hjá sér

Sagnapróf og ritun

15%

Tvö sagnapróf eru tekin á önninni og gildir hvert um sig 2,5%. Verkefni úr Kjörbókum hvort um sig gildir 5%

Vor:

Kaflapróf 6 – 10

75%

Kaflaprófin eru tekin í lok hvers kafla og gildir hvert um sig 15%. Í hverju prófi er könnuð hlustun, málfræði og orðaforði.

Vinna

10%

Hér er tekið tillit til vinnu í tímum og heimavinnu sem kennari skráir nákvæmlega hjá sér

Kjörbækur

10%

Tekin verða 2 sagnapróf hvort gildir 2.5% og svo eitt ritunarverkefni úr sögu sem nemandi les.

Að auki meta nemendur sig sjálfir. Þá leggja þeir mat á eigin vinnu fyrir einstök verkefni eða kennslustundir sem og heildarmat yfir lengra tímabil.

Kennsluáætlun er alltaf í endurskoðun og áætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar og kennari áskilur sér rétt til að breyta áherslum í kennslu, námsefni eða námsmati gerist þess þörf. M.a. gæti komið til að nemendur skiptu um námsefni í nóvember. En það á eftir að koma ljós.

Samfélagsfræði:

Kennari: Martha Jensdóttir

Landafræði

Tímafjöldi:

3 kennslustundir á viku

Markmið:

- Að nemendur kunni að lesa landakort og geti aflað sér upplýsinga af þeim.
- Að nemendur skilji eðlisræn og náttúruleg öfl sem hafa áhrif á hinum ýmsu landsvæðum jarðarinnar.
- Að nemendur átti sig á umsvifum mannsins og áhrifum þeirra á hin náttúrulegu öfl.
- Að nemendur þekki valda landfræðilega þætti Íslands og nágrannalanda.
- Að nemendur skilji að loftslags- og gróðurbelti jarðar ráði því hvar fólk býr og hvernig það lifir.
- Að nemendur átti sig á hvernig náttúran skapar mismunandi og síbreytilegar aðstæður.

Námsefni:

Landafræði handa unglingum 1. hefti. E. Göran Anderson ásamt ljósritum og myndböndum.

Kennslutilhögun: Fyrirlestrar, verkefnavinna, heimildaritgerðir, myndbönd.

Námsmat:	Vitnisburður í janúar	
	Verkefna og vinnueinkunn	30 %
	Ritgerð	20 %
	Próf	50 %.

Saga

Markmið:

- Að nemendur þekki helstu viðburði 19. og 20. aldar á Íslandi.
- Að nemendur skilji áhrif atburða í öðrum löndum á íslenskt samfélag.
- Að nemendur læri um grundvallaratriði í síðari tíma sögu landsins og átti sig á þeim breytingum sem hafa átt sér stað.
- Að nemendur skilji þjóðfélagslegan mun sem kemur til vegna mismunandi trúarbragða og menningar.

Námsefni:

Sjálfstæði Íslendinga 3, Maðurinn og trúin
Ljósrit og myndbönd

Kennslutilhögun: Fyrirlestrar, verkefnavinna, heimildavinna, ritgerðir, myndbönd.

Námsmat:	Vetur mars/apr:	
	Próf	50%
	Verkefnavinna	40 %
	Ritgerð	10 %

Fréttir dagsins í dag.

Markmið:

- -Að nemendur læri að fylgjast með fréttum í fjölmilðum
- -Að nemendur viti hvað er að gerast í nánasta umhverfi þeirra

- -Að nemendur verði gagnrýnir og læri að hugsa sjálfstætt um fréttir sem þeir heyra

Námsefni:

Notuð eru dagblöð og unnið úr þeim efni á veggspjöld. Efninu er skipt í flokka og hver velur sér áhugasvið og flokk. Sjónvarps og útvarpsfréttir ræddar.

Kennslutilhögun: Umræður um fréttir og lestur blaða. Kynning á efni sem hver og einn velur.

Námsmat:

Vor:

Einkunn fyrir vinnubrögð og frammistöðu í kynningu 50%

Sjálfsmat 25%

Jafningjamat 25%

Að vori er gefin einkunn í samfélagsfræði sem samanstendur af þremur þáttum samfélagsfræðinnar: landafræði, trúarbragðafræði og fréttir dagsins í dag, þar sem hver þáttur gildir 1/3 af lokaeinkunn.

Náttúrufræði:

Kennari: María Óladóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Lífvisindi :

Markmið:

Að nemendur kynnist vísindalegum vinnubrögðum, notkun áhalda og tækja við vísindarannsóknir.

Að nemendur nái færni í beitingu ýmissa grunnhugtaka varðandi efnaskipti, frumuöndun, ljóstillífun, vöxt, æxlun, þroskun og hreyfingu.

Að nemendur geti lýst sameiginlegum einkennum, skipulagi, orkuþörf og orkuöflun lífvera.

Að nemendur geri greinamun á ólífrænum og lífrænum efnum og þekki algengustu frumefni í lífverum.

Að nemendur geti lýst uppbyggingu fruma, frumulíffærum og frumuskiptingu.

Að nemendur læri um tengsl lífvera í vistkerfi og aðlögun að umhverfinu.

Að nemendur þekki grunnhugtök vistfræðinnar.

Námsgögn:

Hálfðan Ó. Hálfðanarson og Þuríður Þorbjarnardóttir og fl. Þýddu og staðfærðu 1997. **Einkenni lífvera**, Námsgagnastofnun.

Efnafræði:

Markmið:

- Að nemendur læri lögmálið um varðveislu massans
- Að nemendur skilji og geti notað hugtökin, leysni, mettun og felling
- Nemendur æfist í vinnubrögðum við tilraunavinnu, fari eftir fyrirmælum og geti unnið einfalda skýrslu
- Að nemendur læri muninn á efnablöndu, hreinu efni og efnasambandi.
- Að nemendur læri frumeindakennninguna og helstu grunnhugtök efnafræðinnar.
- Að nemendur læri um byggingu frumeinda og þekki helstu eindir þeirra.
- Að nemendur læri hugtökin, frumeind, sameind, frumefni og efnasamband.
- Að nemendur skilji hamskipti og þekki hama efnis.
- Að nemendur skilji efnahvörf og geti lýst þeim með sameindalíkönnum, efnaformúlum og efnajöfnum.
- Að nemendur þekki samsetningu lofthjúpsins og hringrás helstu efna þar.

- Að nemendur skilji og geti lýst bruna og ljóstillífun m.a. með hjálp efnaformúla og efnajafna.

Námsefni:

Hafþór Guðjónsson 2005 **Efnisheimurinn** Námsgagnastofnun, Rvk.
Myndbönd og ljósrit.

Kennslutilhögun:

Kennt er í stofu 20. Fyrirlestrar og sýnikennsla nýrra atriða, nemendur glósa og taka þátt í umræðum. Lögð verður áhersla á gagnvirkan lestur og samvinnunám. Skrifleg verkefni, bæði unnin í tímum og heima. Mest er unnið í hópum í verklegum æfingum en nemendur skila ýmist einir eða hópurinn. Heimavinna: lestur, skrifleg verkefni bæði sem skilað er og farið yfir í tímum.

Námsmat:

Kaflapróf úr 1 -2 köflum í senn eftir umfangi efnisins. Metin verkefni og skýrslur.

Vinnueinkunn byggð á vinnu í tímum, skýrslum, skilaðri heimavinnu. Farið er fram á góða uppsetningu og vönduð vinnubrögð, sérlega í verklegum æfingum.

Nemendur skila í annarlök vinnuöppu sem innihaldi verkefni bæði úr bók og ljósrituð, skýrslur úr tilraunum, hugtakakort, myndir, glósur o.fl. Samkvæmt lista.

Haust:	Vægi:
Próf 1. kafli, El	10%
Próf 2. kafli, El	10%
Próf 3. kafli, El	10%
Verkefni úr 4. kafla, El	10%
Próf 5. kafli, El	10%
Skýrslur	20%
Frumumynd	5%
Vinnueinkunn	5%
„Græna mappan”	20%

Vor:	Vægi:
Próf 1. kafli, Efnisheimurinn	10%
Próf 2. kafli, Efnisheimurinn	10%
Próf 3. kafli, Efnisheimurinn	10%
Próf 4. kafli, Efnisheimurinn	10%
Hugtakakort	5%
Skýrslur	30%
Vinnueinkunn	5%
„Græna mappan”	20%

Lífsleikni:

Kennari: Ragnheiður Guðný Ragnarsdóttir og Kristinn Óskarsson

Tímafjöldi: 1 tími á viku

Markmið:

- geti tjáð og fært rök fyrir hugsunum sínum og skoðunum á formlegum fundi.
- læri að veða og meta langanir sínar og væntingar á raunhæfan hátt til að geta sett sér persónuleg markmið.

- geti sýnt ábyrga hegðun í öllum ferðum á vegum skólans.
- þekki flest boð-, bann- og leiðbeiningarmerki í umferðinni
- átti sig á að einstaklingar eru stöðugt að miðla tilfinningum sín á milli og láta þannig í ljós líðan sína og hugarástand.
- öðlist skilning á að einstaklingar geta upplifað og túlkað áreiti í umhverfinu með ólíkum hætti.
- geri sér grein fyrir hlutverki laga og reglna, skrifaðra og óskrifaðra í samskiptum manna á milli.
- geti fundið lausnir á margvíslegum málum sem upp kunna að koma í daglegu lífi.

Dæmi um verkefni:

- Einelti
- Skólareglur
- Útivistarreglur
- Fundarsköp/málfundir
- Umræða um kynjamál
- Málefni líðandi stundar og dægurmál
- Sparnaður
- Mannleg samskipti
- Gildismat - siðferði
- Tóbaksvarnir
- Bekkjarfundir

Handbækur/gögn:

Að ná tókum á tilverunni
Orðið er laust
Ýmis lög og reglugerðir
Í sátt og samlyndi
Kynlega klippt og skorið
Tóbaksvarnarefni Krabbameinsfélagsins „Vertu frjáls”
Ýmis myndbönd
Að missa heilsuna
Allir geta eitthvað – enginn getur allt
Dagblöð, tímarit, fjölmiðlar, netið
Verkefni um raunveruleiknibarnið unnið í samráði við ÓB ráðgjöf
Ýmsar handbækur tengdar Uppbyggingastefnunni.

Námsmat: Verkefni nemendanna metin og vinna í tímum.

Íþróttir:

Kennari: Helena Ósk Jónsdóttir og Kristinn Óskarsson

Tímafjöldi: 2 tímar í viku

Markmið:

Reynt verður að bjóða nemendum upp á sem fjölbreyttasta þjálfun, miðað við þá aðstöðu sem til er, sem nær til alhliða líkams- og heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina. Við kennslu íþróttagreina skal áfram leggja áherslu á leikræna nálgun undirstöðuatriða. Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur þjálfist í samsettum hreyfingum og flóknum hreyfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu. Nemendur taka þátt í æfingum og leikjum sem veita útrás fyrir

hreyfiþörf og efla færni í íþróttagreinum. Þeir þjálfist í æfingum og leikjum sem efla líkamspól, hraða, kraft, viðbragð, hjarta- og blóðrásarkerfið.

Kennslutilhögun:

Til að ná þessum markmiðum verður farið í leiki og gerðar æfingar. M.a. verður farið í boltagreinar (fótbolta, körfubolta, blak), fimleika, golf, hafnabolta, bandý, hringþjálfun, frjálssar og leiki eins og eltingaleiki, boðhlaup, einfalda ratleiki o.fl.

Námsmat:

Í formi einkunnar í lok annar og að vori.

Ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum 50%

Fimm prófæfingar, hver 10% samtals 50%

Prófæfingar mæla; þol, kraft, samhæfingu, liðleika og hraða.

Sund:

Kennari: Elín Gunnarsdóttir og Freyja Másdóttir.

Tímafjöldi: 1 tími í viku

Markmið:

Í 8. bekk er áhersla á þátt upplifunar í allri sundkennslu. Slík nálgun hefur það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall og slaka ástundun sem oft einkennir þetta tímabil. Á unglingsstigi skal einnig auka vægi sundþjálfunar þar sem efling þrekþátta í tengslum við sundiðkun er höfð að leiðarljósi. Í sundi bæta nemendur tækni sína í helstu sundaðferðum þ.e. bringu-, skrið- og baksundi. Ætlast er til þess að nemendur í 8. bekk geti: a) 400 m frjálssaðferð, viðstöðulaust. b) 75m skriðsund. c) 50 m baksund. d) 25 m flugsund. e) Tímataka: 50 m bringusund, tímalágmörk. f) Tímataka: 50 m skriðsund, tímalágmörk. g) Troða marvaða í eina mín. h) Nem. syndir 8 m kafsund að hlut á botni laugar (allt að 2 m dýpi). Syndir með hann til baka (ekki í kafi). Æfingin endurtekin eftir 10 sek.

Kennslutilhögun:

Í sundi taka nemendur þátt í æfingum og leikjum sem efla þau markmið sem sett eru í 8. bekk, s.s. líkamspól, kraft, hraða, viðbragð, samhæfingu, nýtni sundtaka, liðleika og hreyfanleika.

Námsmat:

Prófað samkvæmt 8. sundstigi aðalnámskrár. Námsmati skilað í formi einkunnar í lok annar og að vori, sem samanstendur af 50% sundfærni og 50% ástundun og hegðun.

Upplýsingamennt:

Kennari: Ragnheiður Guðný Ragnarsdóttir og Kristinn Óskarsson

Tímafjöldi: 1 stund á viku.

Markmið:

Að nemendur:

- þjálfist í fingrasetningu og blindskrift.
- þekki og geti notað helstu forrit Office pakkans frá Microsoft, Word, Excel, Publisher og Powerpoint.
- læri að nýta sér helstu kennsluforrit sem tengjast öðrum námsgreinum í 8. bekk.
- hafi þekkingu á upplýsingaveitum á Netinu.

Námsefni:

Ýmsar vefsíður, kennsluforrit og verkefni frá kennurum. Sorpa.is, umferd.is, visindavefurinn.is svo dæmi séu nefnd. Einnig verkefni þar sem upplýsingamennt er samþætt öðrum námsgreinum.

Kennslutilhögun:

Nemendur fá leiðsögn við að vinna að ýmsum verkefnum og skila lausnum í möppu á sínu heimasvæði.

Námsmat:

Verkefni og vinna nemenda. Umsögn að vori.

Tónmennt:

Kennari: Guðmundur Hermannsson

Tímafjöldi: 1 stund á viku

Markmið

Að halda áfram að syngja

Að víkka út hlustunarheim nemenda

Að nemendur hlusti gagnrýnir á tónlist og velti fyrir sér innihaldi og stefnum í dægurtónlist.

Kennslutilhögun:

8. bekkur kemur einu sinni í viku í tónmennt og þá er sungið, hlustað á tónlist og horft á myndbönd sem tengjast tónlist. Námsefni er ýmis sönglög, tónlist og myndbönd sem henta þessu aldurstigi. Einnig vinna nemendur kynningar á hljómsveit eða á tónlistarmönnum að eigin vali þar sem koma fram upplýsingar um feril hljómsveita bæði hvað varðar tónlistina og síðan þá listamenn sem vinna í henni. Áætlað er að nemendur flytji síðan kynningar þessar í tíma og búi til stutt útvarpsatriði þar sem skiptis á tónlist og lestur og verður verkefnið að taka að minnsta kosti 30 mínútur í flutningi og í mesta lagi 90 mín. Því það er áætlað flytja að meðaltali eina kynningu í hverjum tíma og áætluð hópastærð er 2 – 4 nemendur. Ef tími vinnst til verða önnur verkefni sem gera kröfur til sköpunar og samvinnu nemenda. Kennari mun kynna stærstu nöfn poppsögunnar fyrir nemendum s.s Bítlanu, Bob Dylan o.fl.

Námsmat: Hegðun og virkni í tímum 50% kynningar 50%

Heimilisfræði:

Kennari: Ólöf Jónsdóttir.

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Að nemendur þekki helstu næringarefni og hlutverk þeirra. Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við meðferð matvæla og í allri umgengni. Að nemendur geti matreitt einfaldar máltíðir eftir uppskriftum og gengið frá eftir sig.

Námsefni:

Ljósrit frá kennara.

Kennslutilhögun:

Flestir tímar eru verklegir þar sem nemendur elda og baka eftir uppskriftum og leiðbeiningum kennara. Það sem þau baka fara þau oftast með heim, annað er borðað í tímanum. Nemendur vaska upp og ganga frá. Í bóklegum tímum vinna nemendur verkefnablöð í næringarfræði.

Námsmat:

70% Frammistaða í tímum, kurteisi, vinnusemi, frágangur, sjálfstæði í vinnubrögðum og samvinna.
30% Verklegt próf í lok annar.

Myndlist:

Kennari: Margrét Jónsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Kennari velur úr eftirfarandi þrepamarkmiðum eða bætir við, fer það eftir þroska og getu hópsins:

Lögmál og aðferðir

- þekki hlutföll mannslíkamans
- geri sér grein fyrir heildarbyggingu mannslíkamans og geti gert samanburð á hlutföllum og stærðum með mælingum
- vinni mynd af andliti og mannslíkamanum í tvívídd og þrívídd
- vinni mynd af manneskju í ákveðnu rými
- þekki hugtakið fjölfeldi
- geti notað mismunandi tæknilega miðla, s.s. tölvu, ljósritunarvél, ljósaborð, myndvarpa o.s.frv.
- geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum
- geri sér grein fyrir verðmæti efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni

Sögulegt og félagslegt samhengi

- geri sér grein fyrir mismunandi sýn listamanna á mannslíkamann á ólíkum skeiðum listasögunnar
- geti skilgreint konseptlist og skoði mynddæmi af verkum í þeim anda
- geti skilgreint hugtakið portrettmynd og þekki dæmi af þeirri tegund myndverka
- þekki atvinnugreinar myndlistarmanna og hönnuða

Fagurfræði og rýni

- geti lýst munnlega og skriflega skoðun sinni á mynd og rökstutt hana; áherslu skal leggja á þætti s.s. myndlýsingu sem tekur til lögmála og aðferða myndlistarinnar og inntaks, þ.e. túlkunar innihalds
- geti fjallað um ýmis dæmi um konseptlist í nútímanum
- hafi fengið innsýn í myndmál nútímamiðla með mynddæmum.

Námsefni: Höfundur er kennarinn.

Kennslutilhögun: Kennslan byggist á að þroska færni nemanda, námið felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og mat hins vegar. Myndlistarkennsla skal byggjast á því að þroska færni nemanda á báðum þessum sviðum.

Sköpun/túlkun/tjáning

Þessir færniþættir vísa til notkunar nemandans á fjölbreytilegu úrvali efniviðar og miðla greinarinnar til þess að skapa og tjá tilfinningar, hugsanir, hugmyndir og lausnir.

Skynjun/greining/mat

Þessir færniþættir vísa til þekkingar og skilnings á eðli myndlistar og á menningarlegu samhengi hennar; enn fremur til hæfninnar til að skynja og skilgreina myndlist og meta á rökstuddan hátt.

Inntak myndlistarnáms er flokkað í

- o lögmál og aðferðir greinarinnar
- o félagslegt og sögulegt samhengi
- o fagurfræði og rýni

Námsmat: Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, uppdrættir og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnir til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Lokaeinkunn byggist á símati þar sem verkefni/vinnubrögð gilda 40%, ástundun 20%, frumkvæði 20% og hegðun 20%.

Valgreinar:

Tjáning

Kennari: Guðný Kristjánsdóttir.

Tímafjöldi: 1 stund á viku hálfan veturinn

Markmið:

Nemendur þróa með sér raddbeitingu og látbragð, geti skapað og túlkað leikþætti með mismunandi aðferðum. Munnleg og líkamleg tjáning sem eflir sjálfsvitund og félagsþroska nemenda.

Námsefni:

Sköpun, túlkun, tjáning. Látbragð og hreyfing til túlkunar á líðan og tilfinningum, hlutverkaleikir, auk þess ýmsar upplestraræfingar með texta að eigin vali.

Kennslutilhögun:

Kennari setur upp aðstæður sem nemendur eiga að túlka, spuni er mikið notaður til að nemendur öðlist sjálfsöryggi og frumleika. Nemendur velja texta til að æfa sig á til upplesturs sem þeir síðan lesa upp fyrir framan hóp.

Námsmat:

Túlkun á niðurstöðum (framkoma, framsögn, hæfni til að túlka), samstarfshæfni, frumleiki í hugsun og hlustun á aðra nemendur. Geta sett sig í spor annarra í viðteknum mannlegum samskiptum.

Textílmennt

Kennari: Hanna Vilhjámsdóttir

Tímafjöldi: 2 tímar á viku hálfan veturinn.

Nemendum er skipt í hópa eftir kynjum, kennarar leitast eftir því að hafa verkefni þannig að þau taki mið af því hvort í hópnum séu eingöngu stelpur/ strákar

Hálfur bekkur er í handmennt í einu. Kennslan byggist á innlögn þar sem m.a kennari sýnir nemendum hvernig vinna á verkefnið. Markmið verkefnis eru kynnt. Flest verkefni eru verkleg þar sem verið er að þjálfa ákveðna afmarkaða þætti.

Markmið:

Að nemandi

- þjálfast í að þrjóna eftir einföldum leiðbeiningum.
- læri að taka mál, sníða og sauma einfalda flík
- þjálfast í að fara eftir skriflegum vinnulýsingum
- þjálfast í úsaumi
- tileinki sér vandvirkni, góða umgegni og rétta meðferð áhalda og véla

Námsefni: Samið af kennara, kennslubókin Hannyrðir í 3.-6. bekk, verkefnablöð fyrir saumavélar og á Á þrjónunum.

Námsmat:

- þrjónaðir vettlingar (20%))
- Útsaumur (20%)
- Saumaverkefni (20%)
- áhugi og hegðun (20%)
- iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki (20%)

Hönnun/Smíði

Kennari: Gróa Björk Hjörleifsdóttir

Tímafjöldi: 2 tímar á viku hálfan veturinn.

Markmið: Stefnt er að því að nemandinn:

- ✓ Fáist við verkefni þar sem lögð er áhersla á hönnun nytjahluta með listræna útfærslu í huga.
- ✓ Þjálfast í að rissa upp mismunandi útlitsmyndir af hlutum og velja eftir eigin mati.
- ✓ Læri að skreyta viðfangsefni sín á persónulegan hátt.
- ✓ Sýni handverki virðingu og meti að verðleikum.
- ✓ Sýni sjálfstæði í vinnubrögðum.
- ✓ Hafi tileinkað sér góðan frágang á efnunum og áhöldum, s.s. málningaráhöldum.
- ✓ Sýni vinnu annarra virðingu.

Námsefni: Verkefni útbúin af kennara og hugmyndir nemendanna sjálfra.

Kennslutilhögun: Nemendur vinna þau verkefni sem fyrir þá er lagt hverju sinni og nota til þess viðeigandi verkfæri. Lögð er rík áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, vinnusemi og jákvætt hugarfar í tímum.

Námsmat:

- hvort markmiðum verkefnis hafi verið náð
 - gestabók 40%
 - silfurkross hálsmen 20%
- áhugi og hegðun 20%
- iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki 20%

Hönnun/Gler

Kennari: Gróa Björk Hjörleifsdóttir

Tímafjöldi tvær stundir á viku hálfan vetur

Námsefni samið af kennara

Markmið

Að nemandinn

- Þekki og kunnir að umgangast þau verkfæri sem til þarf við að vinna mósaik/gler verkefni.
- Nýti sér tölvutækni við hugmyndaleit.
- Læri að búa til nytjahlut.
- Hafi kunnáttu við að nota verkfærin.
- Geti metið á sjálfstæðan hátt hvaða kröfur eru gerðar til vandvirkni og frágangs.
- Geti unnið sjálfstætt og haldið sér við verkefnið.

Kennslutilhögun

Mósaik= Nemendur kynnast og fá tilsögn um mósaik og gerð hennar. Nemendur mega nýta sér hugmyndir af veraldarvefnum og úr bókum við gerð verks þeirra. Áður en nemendur byrja á verkefninu fá þeir kennslu í hvernig nota eigi verkfærin sem til þarf, s.s. beitingu og umgengni áhalda. Þegar kennari metur að nemandinn kunnir á verkfærin byrjar nemandinn á verkefninu. Kennarinn verður með ákveðinn verkefni en nemendur ráða útliti hlutsins.

Tiffanýs= Nemendur eru kynntir fyrir Tiffanys glervinnu og gerð hennar. Nemendur mega nýta sér hugmyndir af veraldarvefnum og úr bókum við gerð verks þeirra. Áður en nemendur byrja á verkefninu fá þeir kennslu í hvernig nota eigi verkfærin sem til þarf, s.s. beitingu og umgengni áhalda. Þegar kennari metur að nemandinn kunnir á verkfærin byrjar nemandinn á verkefninu.

Námsmat

Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum, hegðun, verklægni og framförum á því sviði.

- Mósaik (spegill) 25%
- Tiffanys 25%
- áhugi og hegðun (20%)
- iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki (30%)

Lokamarkmið í gleri. Nemandi hafi fengið innsýn í og öðlast þekkingu í áfanganum og vinnsluaðferðum við glervinnslu.

Námstækni

Kennari: Steinunn Snorradóttir

Tímafjöldi ein stund á viku hálfan vetur

Markmið

Að kynna nemendum árangursríkar aðferðir í námi og stuðla að því að nemendur meti og endurskoði námsvenjur sínar og aðrar lífsvenjur sem geta haft áhrif á nám. Að aðstoða nemendur við að setja sér raunhæf markmið í námi sínu og stuðla að auknu sjálfstrausti nemenda.

Kennslutilhögun

Fjallað verður um þætti eins og skipulagninu á tíma, lífsvenjur, minni, gleysku og einbeitingu, árangursríkar lestrarvenjur, glósur, prófaundirbúning, próftöku og fleira. Í hverjum tíma er fræðsla um hvern þátt en nemendur vinna verkefni sjálfir eða undir stjórn kennara. Nemendur skoða eigin námsvenjur og athuga hvað megi bæta til að ná markmiðum sínum og árangri í námi.

Námsmat

Virkni og vinna í tímum 50% og verkefni 50%

Stærðfræði

Kennari: Þóra Guðrún Einarsdóttir.

Tímafjöldi: 1 stund á viku allt árið.

Markmið

Að nemandinn

- öðlist meiri leikni og þjálfun í stærðfræði.
- þekki sögu stærðfræðinnar.

Námsefni

Átta-tíu bækurnar, Gullinsnið og ljósrit frá kennara.

Kennslutilhögun

Farið verður dýpra í einstaka efnisþætti samhliða námsbókinni s.s.algebru og rúmfræði ásamt því að nýir þættir verða teknir fyrir. Unnið verður með ýmis þemu svo sem Gullinsnið. Þá verður saga stærðfræðinnar lítillaga kynnt.

Námsmat

Heimadæmi og próf 50%, verkefni 40%, leiðabók og hugtakakort 10%

Enska

Tímafjöldi: ein stund á viku hálf árið

Valið er ætlað nemendum sem vilja auka orðaforða sinn í ensku og byggja ofan á sterkan grunn.

Markmið

Nemendur auki orðaforða sinn í ensku, þjálfist í lestri enskra bókmennta og geti sagt frá efni bókarinnar bæði á ensku og íslensku.

Kennslutilhögun

Einstaklings- og hópavinnu. Nemendur ræði sín á milli bækurnar sem þeir lesa og kynna líka fyrir samnemendum. Verkefni frá kennara og umræður.

Námsmat

Hópverkefni 40%, einstaklingsverkefni 40%, virkni 20%

Kynningarforrit

Tímafjöldi: ein stund á viku hálf t. árið

Markmið

Að nemendur kynnist forritum sem nota má við kynningar og fyrirlestra.

Kennslutilhögun

Farið verður í glærugerðarforritið Power Point og útgáfuforritið Publisher og verkefni unnin samhliða. Nokkur stór og tímafrek verkefni verða einnig unnin og er ætlast til að nemendur notfæri sér þessi forrit til þess.

Einnig verður nemendum kynntir möguleikar í vinnslu á stafrænum hreyfimyndum. Nemendur geri stutt atriði og vinni til enda og verður afraksturinn sýndur öðrum nemendum.

Námsmat

Verkefni 70%, ástundun, sjálfstæð vinnubrögð, virkni 30%

Hraðlestur

Tímafjöldi: ein stund á viku hálf t. árið

Markmið

Að nemendur:

- fái meiri áhuga á lestri
- auki lestrarhraða sinn
- auki lestrarskilning sinn,
- geti lesið með mismunandi hraða eftir efni
- haldi áfram að æfa lestur eftir að vali lýkur

Kennslutilhögun

Nemendur æfa hraðlestur með ýmsum æfingum. Farið á bókasöfn. Heimalestur á hverjum degi.

Námsmat

Nemendur taka hraðlestrarpróf í upphafi annar og við lok annar. Árangur metinn. Einkunn samsett úr eftirfarandi þáttum:

Tímavinna 30%, framfarir 40%, lestrardagbók 30%

Dans

Tímafjöldi: tvær stundir á viku hálf t. árið

Markmið

Að nemendur þekki mismunandi dansa og þekki tónlistina fyrir hvern og einn dans.

Að nemendur þekki mismunandi dansstöður og viti hvenær á að nota þær í mismunandi dönsum.

Kennslutilhögun

Kenndir/kynntir verða samkvæmisdansarnir ásamt gömlu dönsunum, línudansi og partydönsum.

Námskeiðinu lýkur með sýningaratriði.

Námsmat

Virkni 60 %, framfarir 20%, tillitsemi og jákvæðni 10%, tækni og skapandi ferli 10%

Yndislestur

Tímafjöldi: ein stund á viku hálftr árið

Kennari: Eygló Pétursdóttir

Valið er ætlað nemendum sem hafa áhuga á lestri góðra bókmennta. Megináhersla er lögð á upplifun og skilning og að nemendur lesi sér til ánægju. Nemendur velja sér 5 - 8 verk yfir önnina og gera skriflega grein fyrir þeim eftir þar til gerðum spurningarlista. Ef margir nemendur velja sömu verk er hægt að stofna til hópumræðna. Einnig er ætlunin að flestir lesi ákveðið bókmenntaverk sem gerð hefur verið bíómynd eftir "Bók verður bíó". Nemendur skrifa stutta ritgerð um eitt verkanna í lokin.

Markmið

Að auka færni og áhuga nemenda á lestri bókmennta. Að nemendur geri sér betur grein fyrir því sem í boði er og geti valið sér bókmenntaverk eftir áhuga og getu. Nemendur vinna bæði í skólanum og skila heimaverkefnum.

Námsmat

Bókrýni 30%

Ritgerð 10%

Áhugi og virkni 60%.

Íþróttir/þjálfun

Tímafjöldi: ein stund eða tvær á viku allt árið

Þátttakendur

Þetta valfag er fyrir nemendur sem stundað hafa sömu íþróttina undanfarin tvö ár eða lengur. Aðeins kemur til greina að viðurkenna þjálfun nemenda sem stunduð er hjá deildum íþróttafélaga sem hlotið hafa viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag/fyrirmyndardeild. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins.

Markmið

Að viðurkenna störf nemenda innan íþróttafélaganna og hvetja þá til að taka íþrótt sína alvarlega og öðlast meiri skilning á uppbyggingu þjálfunarinnar og þeim þáttum sem áhrif hafa á árangur í íþróttum.

Kennslutilhögun

Nemendur stunda þjálfun sinnar íþróttagreinar hjá sínu íþróttafélagi undir stjórn þjálfara. Heiðarskóli metur þjálfunina til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Heiðarskóli tilnefnir kennara sem hefur umsjón með að nemendur stundi þjálfun sína af vinnusemi og alvöru. Nemendur vinna verkefni í tengslum við þjálfun sína sem að kennari í Heiðarskóla leggur fyrir. Verkefnaskil verða í september, um áramót og að vori. Nemendur mæta til fundar við kennara í Heiðarskóla eftir því sem hann óskar.

Námskröfur

Nemendur mæta til allra æfinga sem að þjálfari gerir kröfur um. Félag/deild viðkomandi íþróttagreinar leggur fram kennslu og æfingaskrá þar sem fram koma markmið þjálfunar, sbr. Handbók fyrirmyndarfélags ÍSÍ.

Námsmat

Í lok skólaárs fá nemendur einkunn á vitnisburðarblað. Námsmat verður sett saman úr mati þjálfara á ástundun og einkunnum nemenda fyrir verkefni vetrarins.

Tónlistarnám

Tímafjöldi: ein stund eða tvær á viku allt árið

Í samvinnu við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Nemendur sem stunda nám í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar geta fengið nám sitt metið sem eina valgrein, þ.e. tvær kennslustundir.

Heiðarskóli



Bekkjarnámskrá 9. bekkur 2007-2008



Bakgrunnsupplýsingar

Í árgangnum eru 60 nemendur, 32 piltar og 28 stúlkur. Kennslustundir eru 29 í kjarnagreinum, en 8 í valgreinum. Umsjónarkennarar eru Eygló Pétursdóttir, Haraldur Axel Einarsson og Þóra Guðrún Einarsdóttir.

Nafnalistar eru aðgengilegir á fjölskylduvef Mentors.

Danska

Kennarar: Eygló Pétursdóttir og Martha Jensdóttir.

Tímafjöldi: 4 stundir á viku

Markmið: Með námi í dönsku er stuðlað að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlönd. Lifandi tungumál eru síbreytileg og tengsl málnotkunar og menningar eru órjúfanleg. Samkvæmt námskránni er dönskunámi skipt í fjóra þætti: **1) hlustun, 2) lestur, 3) talað mál (samskipti og frásögn) og 4) ritun.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

Hlustun – að nemandi

- geti skilið aðalatriði venjulegs talmáls í samtölum tveggja og frásögnum þegar fjallað er um málefni úr daglegu lífi hans eða í viðfangsefni sem fjallað er um í öðrum þáttum dönskunámsins.
- fylgi nokkuð auðveldlega atburðarás í frásögn þar sem hann getur sett sig inn í aðstæður.
- skilji fyrirhafnarlítið þegar talað er beint við hann um málefni sem hann þekkir og hefur fengist við.

Lestur – að nemandi

- geti lesið fyrirhafnarlítið texta á frekar léttu máli.
- geti leitað eftir upplýsingum t.d. á netinu, og í uppflettibókum.
- geti lesið mismunandi texta þar sem áhersla er lögð á að skilja hvert orð (og nota við það glósutækni og orðabækur), áttað sig á samhenginu og svo hraðlesið sögur eða stuttar bækur þar sem skrifaður er stuttur útdráttur úr efninu.

Talað mál - samskipti – að nemandi

- geti beðið viðmælanda um að endurtaka, útskýra eða að segja með öðrum orðum það sem sagt var til að fullvissa sig um gagnkvæman skilning.
- geti hrósað öðrum, látið í ljós þakklæti, ánægju eða óánægju og borið fram kvartanir.
- geti notað grunnorðaförða sem unnið hefur verið með á eigin forsendum í nýju samhengi.

Talað mál – frásögn – að nemandi

- geti endursagt stutta texta eða frásagnir með aðstoð minnispunkta og hjálparorða.
- geti með einföldum hætti lýst útliti, persónuleika og lifnaðarháttum fólks auk atburða og fyrirætlana í daglegu lífi.

Ritun – að nemandi

- geti skrifað stutta og skiljanlegan texta (80-100 orð) út frá grunnorðaförða.
- geti skrifað einfaldar endursagnir t.d. út frá lestri eða fyrirmælum.
- geti geti skrifað einfaldan texta í nútíð og þátíð þar sem notaðar eru algengustu samtengingar, t.d. *som, og, fordi, at.*

Málfræði – að nemandi

- þekki og geti beitt ákveðnum og óákveðnum greini.
- eintölu og fleirtölu.
- nútíð og þátíð.
- tölum.
- sögnum, nafnorðum, lýsingarorðum, forsetningum og fornöfnum.

Námsefni:

Glimrende, lesbók og vinnubók.

Hvad siger du-B (hlustunarbók).

Danskar æfingar (ritunarverkefni).

Sagnablað (63 óreglulegar sagnir).

Ýmis verkefni og textar á blöðum frá kennara.

2 smásögur lesnar.

2 dvd myndir sýndar og unnið út frá þeim.

Kennslutilhögun: Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s beina kennslu, utanbókarnám, hugtakakort, þemavinnu, hópverkefni, umræði- og spurnaraðferð. Unnið er markvisst með bókina Glimrende allan veturinn og samhliða er unnið í verkefnabók sem fylgir henni. Nemendur læra 63 óreglulegar sagnir og verða sagnapróf með reglulegu millibili. Innlagnir verða á þeirri málfræði sem áður hefur verið talin upp og verða verkefni og ritunarstílar unnir út frá því. Horft verður á 2 dvd myndir og unnin verða verkefni út frá þeim. Einnig verða lesnar tvær smásögur og ritunarverkefni unnin út frá því. Í hverjum tíma skrifa nemendur í leiðarbók, misjafnlega mikið eftir aðstæðum og tilefnum.

Námsmat:

Vetur: próf	55 %
smásaga	10 %
dvd mynd	10 %
jólabók	5%
leiðarbók	20 %

Vor: sagnapróf	24 %
próf	45 %
kynning	6%
hópverkefni	10%
leiðarbók	15%

Enska

Kennari: Ragnheiður Guðný Ragnarsdóttir.

Tímafjöldi: 3 tímar á viku.

Markmið:

Hlustun – að nemandi:

- geti skilið fyrirhafnarlítið þegar talað er um málefni sem hann þekkir.
- geti skilið meginefni þegar nokkrir tala saman og greint hver segir hvað.
- þjálfist í að hlusta markvisst eftir ákveðnum orðaforða og geti notað hlustunarefni til að vinna ákv. verkefni.

- geti skilið leiðbeiningar og nákvæm fyrirmæli.

Lestur – að nemandi:

- geti lesið megininntak úr völdu blaðafni og átti sig á hvenær er nauðsynlegt að skilja lesefni til hlítar, s.s. leiðbeiningar, fyrirmæli o.s.frv.
- geti leitað ákveðinna upplýsinga í texta.
- geti lesið bókmenntaefni við hæfi sér til ánægju og yndisauka.
- þjálfist í að vinna með orðaforða í tengslum við texta.

Talað mál – að nemandi:

- geti notað ensku á lipran hátt í persónulegum samskiptum, m.a. tjáð skoðanir sínar og tilfinningar.
- hafi náð tókum á framburði, áherslum og hrynjandi.
- geti gert munnlega grein fyrir efni sem hann hafur lesið um, hlustað á eða horft á og geti gefiðupplýsingar um valda þætti í íslenskri menningu.

Ritun – að nemandi

- geti skrifað skiljanlega samfelldan texta á nokkuð réttu máli.
- geti tjáð sig skiljanlega um efni sem hann hefur lesið um, heyrt eða horft á.
- þjálfist í að vinna með orðaforða í ritunarverkefnum og noti orðabækur í tengslum við ritun.

Námsefni:

- Network 2 Students book og workbook.
- Move on og verkefni
- Kjörbækur – The Moonspinners, Love Story og Dr. Jekel and Mr. Hyde
- The Schooltimes – Valin verkefni.
- Ýmis verkefni og textar sem er að finna í verkefnamöppum.
- Óreglulegar sagnir.

Kennslutilhögun:

Í ensku er unnið smhliða með 4 þætti tungumálsins; hlustun, lestur, ritun og talað mál.

Bókin Network er lögð til grundvallar og nemendur vinna markvisst með hana allan veturinn. Farið er yfir hvern kafla í grunnbókinni fyrir sig og verkefni í vinnubókinni unnin samhliða. Þá verður einnig unnið sérstaklega með nýjan orðaforða, nemendur þreyta svo skrifleg próf við lok hvers kafla þar sem áhersla er lögð á hlustun, málfæði, orðaforða og ritun. Einnig munu nemendur læra óreglulegar sagnir og þreyta tilheyrandi sagnapróf. Lesnar verða bækurnar Moonspinners og Dr. Jekel and Mr. Hyde. Einnig eru þeir hvattir til að lesa enskar bækur á bókasafni. Þá verða nýttir hinir ýmsu textar af netinu.

Nemendur skila 5 ritunarverkefnum og velja eitt sem verður metið til einkunnar.

Kennsluáferðirnar eru margar, nemendur eru til dæmis hvattir til að tala á ensku og mun kennari eftir fremsta megna tala ensku í tímum þannig þjálfast nem í hlustun ásamt því að hlusta á verkefni og sögur af geisladiskum. Leitast er við að tengja enskunámið daglegu lífi og því sem er að gerast í fréttum og dægurmálum. Unnið verður með blaðagreinar af netinu en einnig dægurlagatexta. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytni í efnisvali og áherslum og þannig reynt að koma til móts við þarfir og áhugasvið flestra. Mest vinna nemendur sjálfstætt, nokkuð er þó um paravinnu og talsvert um umræður sem fara fram bæði í litlum hópum og svo bekkjarumræðum sem kennari stjórnar.

Námsmat:

Námsmat í lok anna mun samanstanda af einkunnum úr kaflaprófum sem tekin eru í lok hvers kafla, sagnaprófum og öðrum verkefnum sem unnin eru. Rík áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér vönduð vinnubrögð. Þá munu nemendur meta stöðu sína sjálf að nokkru leyti. Þau munu setja sér markmið og meta svo sjálf hvernig til hefur tekist. Sjálfsmatið verður unnið í tengslum við einstök verkefni og kennslustundir.

Haust

Sagnapróf og ritun 10%

Nemendur taka 3 sagnapróf og þau gilda 2,5 % hvert. Skila einu ritunarverkefni sem gildir 2,5%

Vinnueinkunn 10%

Hér er metin vinna í tímum sem og heimavinna. Kennari skráir nákvæmlega hjá sér og gefur einkunn skv. því.

Kaflapróf 1-4 80%

Kaflaprófin eru tekin í lok hvers kafla og gildir hvert um sig 20%. Í hverju prófi er könnuð hlustun, málfræði og orðaforði.

Kjörbækur

Nemendur lesa eina kjörbók og fá lokið/ólókið fyrir vinnu sína.

Að auki verða nemendur látnir meta sig sjálfir. Þá leggja þeir mat á eigin vinnu fyrir einstök verkefni eða kennslustundir sem og heildarmat yfir lengra tímabil.

Vor

Kjörbækur 10%

Nemendur lesa tvær bækur á vorönn og gera verkefni úr annarri bókinni 5% en fá lokið/ólókið fyrir hina gildir líka 5%

Vinnueinkunn 10%

Hér er metin vinna í tímum sem og heimavinna. Kennari skráir nákvæmlega hjá sér og gefur einkunn skv. því.

Kaflapróf 5-8 80%

Kaflaprófin eru tekin í lok hvers kafla og gildir hvert um sig 20%. Í hverju prófi er könnuð hlustun, málfræði og orðaforði.

Að auki verða nemendur látnir meta sig sjálf. Þá leggja þau mat á eigin vinnu fyrir einstök verkefni eða kennslustundir sem og heildarmat yfir lengra tímabil.

Kennsluáætlun er alltaf í endurskoðun og áætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar og kennari áskilur sér rétt til að breyta áherslum í kennslu, námsefni eða námsmati gerist þess þörf.

Íslenska

Kennarar: Bryndís Björg Guðmundsdóttir, Steinþóra Eir Hjaltadóttir og Þóra Guðrún Einarsdóttir.

Tímafjöldi:

6 tímar á viku. Um er að ræða samkennslu þar sem kennt er í lotum og hugmyndafræði heildstæðrar móðurmálskennslu höfð að leiðarljósi.

Markmið:

Stuðst verður við markmið með íslenskukennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007 þar sem byggt er á heildstæðri móðurmálskennslu. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra flokka: **1) talað mál og hlustun, 2) lestur og bókmenntir, 3) ritun, 4) málfræði.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

Góð samvinna skóla og heimila um máluppeldi og móðurmálskennslu er lykilatriði. Stuðningur foreldra við heimanám nemenda er mikilvægur.

Kennslumarkmið:

- Að nemendur líti á móðurmálið sem heild en ekki fjölda stakra námsþátta (skrift, lestur, rétttritun) sem nemendur eru þjálfaðir í án samhengis.

- Að nemendur geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á glöggu og auðugu máli og fái tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín.
- Að nemendur fái tækifæri til margvíslegrar samvinnu, innan bekkjar og árgangsins t.d. með hópverkefnum, lestrarsamvinnu og leiðarbók.

Námsmarkmið:

Að nemendur;

- þjálfist í að hlusta á upplestur á gagnrýninn hátt, af þolinmæði, með athygli og skilningi á samræður annarra, hlusti á fréttáflutning í fjölmiðlum og fyrirlestra
- auki lesskilning sinn með einstaklingsvinnu og leiðarbók, í upplestrarsamvinnu innan bekkjar
- geta lagt mat á gildi og trúverðugleika texta og fjölmiðlaefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess
- þjálfist í að taka þátt í samræðum og framsögn
- geta notað algeng hugtök úr bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið
- auki við hugtakabekkingu sína í málfræði og málnotkun
- nái valdi á stafsetningu og þekki flestar reglur um greinarmerkjasetningu
- þjálfist í að taka niður glósur og nái tókum á byggingu ritaðs máls
- þjálfist í skapandi skrifum með því að semja margs konar texta
- efli færni sína í vinnubrögðum og frágangi

Námsefni:

- Mályrkja II, grunnbók e. Þórunni Blöndal +hljóðbók
- Finnur II, verkefni í málfræði og stafsetningu e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur
- Málfinnur og Skrifinnur e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur
- Ljóðspeglar, tekin saman af Kolbrúnu Sigurðardóttur, Sverri Guðjónssyni og Þórdísi Mósesdóttur
- Gauragangur e. Ólaf Hauk Símonarson + hljóðbók
- Gísla saga Súrssonar + hljóðbók
- Bragfræði e. Ragnar Inga Aðalsteinsson - ljósrít

Ítarefni:

- Fjölbreytt ljósritað efni fyrir nemendur
- Yndislestrarbækur
- Sagnorð og Smáorð e. Magnús Jón Árnason og Orðhákur 1-2 e. sama höfund
- Kennslubók í stafsetningu e. Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson.
- Réttitunarorðabók/stafsetningarorðabók

Kennslutilhögun:

Kennt verður samkvæmt hugmyndafræði heildstæðrar móðurmálskennslu þar sem hinir fjórir flokkar íslenskunnar eru samþættir. Samfellu og stígandi er haldið allt kennsluárið með fjölbreyttum kennsluáferðum og margvíslegu námsefni. Námsefnið er kennt í lotum þar sem farið er í ákveðið viðfangsefni og því lokið áður en byrjað er á næsta. Höfðað er til færniþátta nemenda og leitast við að laða fram það besta hjá hverjum og einum. Kennsluáferðirnar eru jafn margar og kennari notar, t.d. einstaklingskennsla, yfirlitslestur, leitarnám og sóknarskrift. Nemendum á þessu skólastigi er jafnframt kennd námstækni og öguð vinnubrögð þegar leitað er leiða til þess að örva málkennd og færni í íslensku máli. Sérstök áhersla verður lögð á lestur þar sem einni kennslustund á vikur verður varið til lestu. Leiðarbækur nota nemendur með yndislestri sem eykur lestrargetu og lesskilning, ritun og færni í öllum fjórum flokkum íslenskunnar.

Námsmat: Janúar	Tímabil	Hlutfall	Einkunn
Bókm., málfr. og stafs. Mályrkja II bls. 13-74 og Finnur II.	sept./okt.	30%	
Ritgerð úr Mályrkju II	sept./okt.	10%	
Gaurangur - hópverkefni	okt./nóv.	10%	
Bókmenntir – Gaurangur póf	nóv./des.	10%	
Gaurangur - vinnubók	nóv./des.	10%	
Tímaritgerð - skáldsaga	nóv./des.	10%	
Hópverkefni – málfræði	desember	10%	
Lesskilningspróf	janúar	10%	
		100%	

Námsmat: Vor 2008	Tímabil	Hlutfall	Einkunn
Bókm., málfr. og stafs. Mályrkja II bls. 76-132 og Finnur II.	janúar	25%	
Bókmenntir – Gísla saga próf k. 1-14	jan./feb.	10%	
Bókmenntir – Gísla saga próf k. 12-38	feb./mars.	10%	
Gísla saga - vinnubók	feb./mars.	10%	
Bókm., málfr. og stafs. Mályrkja II bls. 133-214 og Finnur II.	apríl/maí	25%	
Tímaritgerð - skáldsaga	apríl/maí	10%	
Leiðarbók	maí	10%	
		100%	

Nemendur taka raddlestrarpróf við lok 9. bekkjar að vori.

Nemendur þurfa, skv. viðmiði grunnskóla Reykjanesbæjar, að geta lesið 200-240 orð á mínútu (300-370 atkvæði) við lok grunnskóla til að geta tekist á við framhaldsnám.

Íþróttir

Kennari: Helena Ósk Jónsdóttir og Kristinn Óskarsson

Tímafjöldi: 2 tímar í viku

Markmið: Reynt verður að bjóða nemendum upp á sem fjölbreyttasta þjálfun, miðað við þá aðstöðu sem fyrirfinnst, sem nær til alhliða líkams- og heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina. Við kennslu íþróttagreina skal áfram leggja áherslu á leikræna nálgun undirstöðuatriða. Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur þjálfist í samsettum hreyfingum og flóknum hreyfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu. Nemendur taka þátt í æfingum og leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla færni í íþróttagreinum. Þeir þjálfist í æfingum og leikjum sem efla líkamspól, hraða, kraft, viðbragð, hjarta- og blóðrásarkerfið.

Kennslutilhögun: Til að ná þessum markmiðum verður farið í leiki og gerðar æfingar. M.a. verður farið í boltagreinar (fótbolta, körfubolta, blak), fimleika, hafnabolta, golf, bandý, hringþjálfun, frjálssar og leiki eins og eltingaleiki, boðhlaup, einfalda ratleiki o.fl

Námsmat: Í formi einkunnar í lok annar og að vori.

Ástundun, hegðun og frammistaða í tímum 50%

Fimm prófæfingar, hver 10% samtals 50%

Prófæfingar mæla; þol, kraft, samhæfingu, liðleika og hraða.

Lífsleikni

Kennarar: Eygló Pétursdóttir, Haraldur Axel Einarsson og Þóra Guðrún Einarisdóttir.

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið: Unnið samkvæmt þrepamarkmiðum aðalnámskrár í lífsleikni bls. 17
Efni s.s.

- Að setja sér markmið
- Einelti
- Skólareglur
- Ópersónuleg samskipti
- Umræða um kynjamál, samskipti
- Tóbaks- og vímuvarnir
- Að standast þrýsting og mynda sér eigin skoðanir
- Að kynnast atvinnulífinu
- Málefni líðandi stundar og dægurmál

Einelti er ekki liðið í Heiðarskóla:

- Horft á myndband “Unglingamyndbandið”
- Rifjað upp skilgreiningu á einelti
- Farið í gegnum eineltishring
- Haldnir bekkjarfundir reglulega
- Settar bekkjarreglur gegn einelti
- Farið í hlutverkaleik þar sem hin mismunandi hlutverk í eineltisaðstæðum koma fram

Námsefni:

Umræðuefni og hlutverkaleikir sem fylgja áttakinu Olweus á Íslandi
Leið þín um lífið, valdir kaflar
Kynlega klippt og skorið, valdir kaflar
Vertu reyklausa, frjáls fyrir 9. bekk, valdir kaflar
Ég er það sem ég vel, valið efni
Dagblöð, tímarit, fjölmiðlar, netið

Kennslutilhögun: Kennslan byggist mikið á umræðum, haldnir verða bekkjarfundir þar sem nemendur tjá sig um málefni bekkjarins og málefni líðandi stundar. Farið verður í lengri og styttri vettvangsferðir og unnin rannsóknarverkefni í nánasta umhverfi, leikræn tjáning og áhorf myndbanda einnig nýtt. Nemendur fara í Ungmenna og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal 15. – 19. október þar sem lögð er áhersla á samvinnu nemenda.

Námsmat: Verkefnamappa, virkni og þátttaka í tímum metin til einkunnar.

Náttúrufræði

Kennari : María Óladóttir

Tímafjöldi: 3 stundir

Jarðvísindi

Markmið:

- Að nemendur þekki samspil, jarðar tungls og sólar

- Að nemendur kunni skil á eftirtöldu: myrkvar, flóð og fjara, árið, dagur, tunglið, umferðartími, snúningstími
- Að nemendur þekki sólkerfi jarðar og einkenni þess
- Að nemendur þekki reikistjörnurnar og helstu einkenni hvernar.

Námsefni:

Þorsteinn Vilhjálmsson þýddi og staðfærði... 2001. Sól, tungl og stjörnur, Námsgagnastofnun, (3. og 4 kafla)
Myndbönd

Efnafræði

Markmið:

- Að nemendur læri lögmálið um varðveislu massans
- Að nemendur skilji og geti notað hugtökin, leysni, metnun og felling
- Nemendur æfist í vinnubrögðum við tilraunavinnu, fari eftir fyrir mælum og geti unnið einfalda skýrslu
- Að nemendur læri muninn á efnablöndu, hreinu efni og efnasambandi.
- Að nemendur læri frumeindakennina og helstu grunnhugtök efnafræðinnar.
- Að nemendur læri um byggingu frumeinda og þekki helstu eindir þeirra.
- Að nemendur læri hugtökin, frumeind, sameind, frumefni og efnasamband.
- Að nemendur skilji hamskipti og þekki hama efnis.
- Að nemendur skilji efnahvörf og geti lýst þeim með sameindalíkönunum, efnaformúlum og efnajöfnum.
- Að nemendur þekki samsetningu lofthjúpsins og hringrás helstu efna þar.
- Að nemendur skilji og geti lýst bruna og ljóstillífun m.a. með hjálp efnaformúla og efnajafna.
- Þekki hvolfalíkan frumeindarinnar

Námsefni:

Hafþór Guðjónsson 2005 Efnisheimurinn Námsgagnastofnun, Rvk.
Myndbönd og ljósrit.
Efnafræði eftir Þórir Ólafsson

Líffræði

Markmið:

- Að nemendur geti skýrt gagnsemi og notkun flokkunarkerfa og geti nefnt sjö helstu flokkunareiningar lífvera og ríkin fimm.
- Að geta gert grein fyrir helstu einkennum veira og dreifkjörnunga, frumvera, sveppa, þörungna, mosa, byrkninga, hryggleysingja og hryggdýra.
- Að geta gert grein fyrir meginatriðum í ljóstillífun og geta lýst helstu einkennum fræplantna

Námsefni:

Hálfðan Ó. Hálfðanarson þýddi og staðfærði. 1999. Lifandi veröld Námsgagnastofnun.
Myndbönd og ljósrit

Kennslutilhögun: Fyrirlestrar og sýnikennsla nýrra atriða, nemendur glósa og taka þátt í umræðum. Flestum köflum fylgir verkleg æfing (tilraun) og alltaf skrifleg verkefni, bæði unnin í tímum og heima. Lögð verður áhersla á gagnvirkan lestur og samvinnunám. Mest er unnið í hópum í verklegum æfingum en nemendur skila ýmist einir eða hópurinn. Heimavinna: lestur, skrifleg verkefni bæði sem skilað er og farið yfir í tímum. Stefnt er að sjóferð með Skólaskipinu Dröfn.

Verklegar æfingar í 9. bekk eru æfingar með frumeindalíkön, athugun á frumefnum og efnasamböndum, skoðuð efnahvörf, hjartarsalt, koparduft, rafgreining vatns, plöntuskoðun og söfnun, skoðuð frumdýr úr fiskabúri í smásjá.

Námsmat:

Kaflapróf úr 1 -2 köflum í senn eftir umfangi efnisins. Metin verkefni og skýrslur.

Vinnueinkunn byggð á vinnu í tímum, skýrslum, skilaðri heimavinnu. Farið er fram á góða uppsetningu og vönduð vinnubrögð, sérlega í verklegum æfingum.

Nemendur skila í annarlök vinnuöppu sem innihaldi verkefni bæði úr bók og ljósrituð, skýrslur úr tilraunum, hugtakakort, myndir, glósur o.fl. Samkvæmt lista.

Vorönn	Vægi:
Próf 1. kafla Lifandi veröld	10 %
Verkefni 2. kafla Lifandi veröld	10%
Verkefni 3.- 4. kafla Lifandi veröld	10%
Próf 5. kafla Lifandi veröld	10%
Próf 6. kafla Lifandi veröld	10 %
Verkefni 7. kafla Lifandi veröld	10%
Verkefni 8. kafla Lifandi veröld	10%
Vinnueinkunn	5 %
Græna mappan” skil í des	20 %

Haustönn	Vægi
Próf 1. kafla Efnisheimurinn	20 %
Verkefni 2. kafla Efnisheimurinn	15%
Verkefni 3. kafla Efnisheimurinn	15 %
Próf 4. kafla Efnisheimurinn	20 %
Tilraunapróf	5 %
Vinnueinkunn	5 %
“Græna mappan” skil maí	20 %

Samfélagsfræði:

Kennari: Martha Jensdóttir

Landfræði

Tímafjöldi: 3 kennslustundir í viku.

Markmið:

- Nemandinn læri að bera saman ólík svæði í heiminum út frá upplýsingum og kortum, læri að lesa úr og búa til aldurspíramída og ræði um hvaða þættir hafi áhrif á lífsskilyrði fólks.
- Nemandinn skilji hvernig náttúrufar hefur áhrif á athafnir fólks og hvernig mismunandi menningarleg gildi, trúarleg viðhorf, efnahagsleg og pólitísk kerfi geta mótað umhverfið á ólíka vegu.
- Nemandinn fái yfirlit yfir atvinnulífið og kynnist því hvernig atvinnu fólks er skipt í frumvinnslu, annars og þriðja stigs atvinnugreinar og hver þróun atvinnulífsins er.
- Nemandinn kynnist því sem efst er á baugi í umhverfismálum og öðlist skilning á gildi umhverfisverndar heima og á heimsvísu.
- Nemandinn öðlist yfirlit um heiminn, jafnt þætti náttúrufars sem og menningarleg einkenni og geti borið saman ýmis einkenni heimsálfanna.

- Nemandinn kynnist vandamálum fólksfjölgunar og ójafnrar dreifingar mannfjöldans, þar með talið vaxandi borgvæðingu.
- Nemendur kynnist megindrátum efnahagslífs þjóða og skiptingu heimsins í ríkar þjóðir og fátækar.
- Nemandinn átti sig á hvað einkennir þróunarlönd t.d. með tilliti til atvinnuvega og tæknistigs þeirra, fæðingar- og dánartíðni, ungbarnadauða, læsis og fjölda lækna.

Námsefni: Landafræði fyrir unglunga 2. hefti
Ljósrit, myndbönd og verkefni frá kennara.

Kennslutilhögun: Fyrirlestrar og verkefnavinna. Heimildaritgerð

Saga

Tímafjöldi: 3 kennslustundir í viku

Markmið:

- Nemandinn fræðist um hernám Breta í ljósi stríðsins í Evrópu, viti um aðdraganda varnarsamningsins við Bandaríkin og framkvæmd hans og þekki atburðarrásina sem leiddi til stofnunar Lýðveldis á Íslandi.
- Nemandinn kynni sér stjórn málasögu Íslands á 20. öldinni, sjái hvernig og hvaða ágreiningsmálefni hafa verið bundin stjórn málaflokkum og hver ekki og geti fylgt eftir og greint málefni sem eru ofarlega á baugi á líðandi stund.
- Nemandinn kynni sér árin á milli heimstyrjaldanna tveggja, með sérstakri áherslu á ríkjandi öfgastefnur í stjórn málum og heimskreppuna, og aðdraganda seinni heimstyrjaldarinnar
- Nemendur kynni sér gang seinni heimstyrjaldarinnar út frá ýmsum sjónarhornum t.d. ólíku hlutskipti Norðurlandanna, hlutskipti stríðsaðila á vígstöðum og heima fyrir og gyðingaofsóknir.
- Nemendur þekki vel aðstæður á Íslandi í heimstyrjöldinni síðari, þekki til menningar- og þjóðernistogstreitu sem kom upp og mismunandi viðhorfum hennar.
- Nemendur þekki áhrif hersetunnar á atvinnulíf, viðskipti og tækni og kunni skil á siglingum Íslendinga í stríðinu, áhættu og mannfalli.

Námsefni: Stríðsárin á Íslandi e. Jenný Björk Olsen og Unni Hrefnu Jóhannsdóttir
Ljósrit, myndbönd og verkefni frá kennara.
Fréttir líðandi stundar.

Kennslutilhögun: Fyrirlestar og verkefnavinna. Námið brotið upp með þemaverkefnum. Vettvangsferðir á staði sem tengjast sögunni ef tími vinnst til. Ein heimildaritgerð um valið efni. Umræður um fréttir í dagsins í dag og tengsl fortíðar og nútíma.

Námsmat:	Vetur		Vor	
	Tímavinna	20%	Tímavinna	20%
	Vinnueinkunn	20%	Vinnueinkunn	20%
	Próf	40%	Próf	40%
	Ritgerð	20%	Ritgerð	20%

Stærðfræði

Kennarar: Haraldur Axel Einarsson, Þóra Guðrún Einarsdóttir og Þórey Garðarsdóttir.

Tímafjöldi: 6 stundir á viku.

Markmið:

Stuðst verður við markmið stærðfræðikennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007. Samkvæmt námskránni er stærðfræðinámi í 8. bekk skipt í 10 þætti: **1) stærðfræði og tungumál, 2) lausnir verkefna og þrauta, 3) röksamhengi og röksemdafærslur, 4) tengsl við daglegt líf og önnur svið, 5) tölur, 6) reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat, 7) hlutföll og prósentur, 8) mynstur og algebra, 9) rúmfræði og 10) tölfræði og líkindafræði.**

„Með kennslu í stærðfræði í skólum er stefnt að því að nemendur

- öðlist næga kunnáttu til að takast á við stærðfræðileg verkefni sem upp koma í daglegu lífi og geti notað stærðfræði við margs konar störf í þjóðfélaginu
- öðlist nægilega kunnáttu til að þeir geti stundað framhaldsnám í ýmsum greinum
- kynnist stærðfræði sem hluta af menningararfi og almennri menntun“ (2007)

Markmiðin eru:

- að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem getur nýst nemendum í daglegu lífi og námi.
- að efla vitsmunaprofna þeirra, skipulagningu og skapandi hugsun á þeim sviðum sem tengjast stærðfræðinni.

Að nemandi:

Stærðfræði og tungumál

- temji sér vandaða meðferð máls og þjálfist í að nota táknmál stærðfræðinnar í bland við venjulegt mál
- taki þátt í samstarfsverkefni með bekkjarfélögum

Lausnir verkefna og þrauta

- glími við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram

Röksamhengi og röksemdafærslur

- rökstyðji niðurstöður sínar og skýri lausnarleiðir af nákvæmni
- þjálfist í flokkun hugtaka eftir eiginleikum í undir- og yfirflokkum

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- þýði verkefni úr daglegu lífi yfir á táknmál stærðfræði
- vinni með tímareikninga og lengdar- og flatarmælingar marghyrninga og hringa, einkum í metrakerfi
- kynnist dæmum og vinni verkefni um notkun stærðfræði í nútímapjóðfélagi

Tölur

- vinni með veldareglur um heiltöluveldi
- vinni með frumtölur og frumtölupáttun, noti frumtölupáttun við styttingu brota og átti sig á því að ein tala gengur upp í annarri ef allir frumþættir hinar fyrri felast í hinni seinni
- breyti endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot með gefinni nákvæmni

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- vinni með formerkjareglur um reikninga með neikvæðum tölum
- vinni með veldi sem endurtekna margföldun, deilingu sem endurtekinn frádrátt og deilingu sem skiptingu
- kynnist staðalformi og kostum þess og reikni með tugveldum

- temji sér að prófa útkomur og leita að reiknivillum

Hlutföll og prósentur

- skipti stærðum í margvíslegum hlutföllum
- vinni með hlutföll í daglegu lífi og viðskiptum t.d. reikni milli gjaldmiðla og breyti mataruppskriftum
- öðlist færni í prósentureikningi þar sem finna þarf prósentu, hluta og heild og geti reiknað breytingar og mismun í hundradshlutum

Mynstur og algebra

- vinni áfram að lausn á fyrsta stigs jöfnum með einni óþekktri stærð með áherslu á rökrétta notkun jafnaðarmerkis

Rúmfræði

- tileinki sér hugtakið hringur og hugtök honum tengd, s.s., geisli, þvermál, bogi og hringgeiri, samsíða, hornréttur, strendingur, teningur og sívalingur, fari rétt með heiti þeirra og geti lýst þessum hugtökum, borið þau saman og flokkað
- reikni rúmmál og yfirborðsflatarmál réttra strendinga, þrístrendinga og sívalinga

Tölfræði og líkindafræði

- vinni með og skilji hugtökin tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, miðgildi og tíðasta gildi
- fáist við líkindafræðileg verkefni sem tengjast daglegu lífi eða málefnum sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélaginu, t.d. úrtakskönnunum og happdrættisleikjum

Námsefni:

Átta-tíu, bók 3 og 4.

Kengúrústökkið, (stærðfræði keppni grunnskólanna, ýmis ljósrit, gögn vegna Kapp Abel).

Skólavefurinn, vefur Námsgagnastofnunnar, Rasmus.is og ýmis dæmasöfn. Stærðfræðikeppni grunnskólanna.

Kennslutilhögun:

Unnið er með bókina heima og í tíma. [Leiðarbók](#) er notuð til samskipta við kennara og skráningu hinna ýmsu hugleiðinga er snúa að stærðfræðináminu.

Notast verður við fjölbreyttar kennsluáferðir s.s. sýnikennslu, beina kennslu, utanbókarnám, vettvangsferðir, samræðuáferðir, raunveruleg viðfangsefni, leikir og spil, þrautalausnir, þjálfunarforrit, frásagnir, þemavinnu, hugtakakort og kannanir. Samþætting við upplýsingamennt þar sem farið verður inn á Rasmus, síðu Átta-tíu og aðra stærðfræðitengda vefi.

Hluti nemenda tekur þátt í stærðfræðikeppni grunnskólanna.

Mikil samvinna verður á milli kennara og nemendur eiga von á því að árgangnum verði skipt upp eftir þörfum.

Námsmat:

Fylgst er reglulega með heimavinnu.

Námsmat: Janúar 2008

	Tímabil	Hlutfall	Einkunn
Heimadæmi - Tölur	september	10%	
Hópverkefni	september	5%	
Dæmi 42 bls. 31	október	5%	Unnið í tíma
Próf – algebra og jöfnur	október	15%	
Próf	nóvember	10%	
Heimadæmi	nóvember	10%	

Hópverkefni	nóv/des	5%	
Kaflapróf	nóv/des	10%	
Ferilmappa og Leiðarbók	janúar	5%	
Yfirlitspróf	janúar	25 %	
		100%	

Námsmat: Vor 2008	Tímabil	Hlutfall	Einkunn
Hópverkefni – Leiðin heim	jan/feb	15%	
Próf	febrúar	10%	
Heimadæmi	febrúar	5%	
Próf - Jöfnur	mars	10%	
Tímadæmi	mars	5%	
Próf	apríl	10%	
Hópverkefni	apr/maí	10%	
Hugtakakort	maí	5%	
Ferilmappa og Leiðarbók	maí	5%	
Yfirlitspróf	maí	25%	
		100%	

Tekið skal fram að titið er á alla heimavinnu sem sjálfsagðan hlut. Kennarar áskilja sér rétt til breytinga gerist þess þörf.

Sund

Kennari: Elín Gunnarsdóttir og Kristinn Óskarsson

Tímafjöldi: 1 tími í viku

Markmið: Í 9. bekk er áhersla á þátt upplifunar í allri sundkennslu. Slík nálgun hefur það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall og slaka ástundun sem oft einkennir þetta tímabil. Á unglingastigi skal einnig auka vægi sundþjálfunar þar sem efling þrekþátta í tengslum við sundiðkun er höfð að leiðarljósi. Í sundi viðheldur nemandinn sundfærni sinni með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar. Þeir þjálfast enn frekar í fjölbreyttum samsettum hreyfingum arma og fóta með mismunandi útfærslu. Ætlast er til þess að nemendur í 9. bekk geti: a) 500 m þolsund. Nemandi syndir lágmark 3 sundaðferðir. Ekki skal synda hverja aðferð skemur en 75 m. b) Sund í fötum. Stunga á bakka, 50 m fatastund þar af 8-10 m kafund. Troða marvaða og afklæðast á sundi. Synt til baka sömu vegalengd. c) 25 m flugsund. d) Val nemenda, 2 atriði af 3: 100 m bringusund á tíma, 50 m skriðsund á tíma, 25 m baksund á tíma.

Kennslutilhögun: Í sundi eru gerðar ýmsar æfingar til að ná þeim markmiðum sem ætlast er til að nemendur í 9. bekk ljúki. Nemendur taka þátt í markvissri sundþjálfun sem líkams- og heilsrækt.

Námsmat: Prófað samkvæmt 9. sundstigi aðalnámskrár. Námsmati skilað í formi einkunnar í lok annar og að vori, sem samanstendur af 50% sundfærni og 50% ástundun og hegðun.

Heiðarskóli



Bekkjarnámskrá 10. bekkur 2007-2008



Bakgrunnsupplýsingar

Í árganginum eru 40 nemendur, 21 piltur og 19 stúlkur. Umsjónakennarar eru Brynjar Harðarson og Martha Ó. Jensdóttir. Kennslustundir fyrir utan valtíma eru 29 í kjarnagreinum, en 8 í valgreinum. Hver valgrein er 2-3 kennslustundir á viku.

Nafnalistar eru aðgengilegir á fjölskylduvef Mentors.

Danska:

Kennarar: Eygló Pétursdóttir og Martha Jensdóttir.

Tímafjöldi: 4 tímar.

Markmið: Með námi í dönsku er stuðlað að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlönd. Lifandi tungumál eru síbreytileg og tengsl málnotkunar og menningar eru órjúfanleg. Samkvæmt námskránni er dönskunámi skipt í fjóra þætti: **1) hlustun, 2) lestur, 3) talað mál (samskipti og frásög) og 4) ritun.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

Hlustun – að nemandi

- skilji og geti nýtt sér hagnýtar upplýsingar sem heyrast við ákveðnar aðstæður, t.d. á járnbrautarstöð, á flugvelli, í banka, á matsölustað og öðrum stöðum sem tengjast daglegu lífi.
- geti fylgt atburðarás í styttri frásögnum sem tengjast orðaforða þeirra efnisflokka sem unnið er með.
- geti hlustað eftir tilteknum upplýsingum í samtali eða frásögn.
- skilji heildarinntak í samtölum tveggja um efni almenns eðlis.

Lestur – að nemandi

- geti lesið fjölbreytta texta og unnið verkefni út frá þeim.
- geti beitt yfirlitslestri þar sem nóg er að skilja megininntak textans.
- geti beitt leitarlestri þar sem leitað er eftir ákveðnum upplýsingum.
- geti beitt nákvæmnislestri þar sem nauðsynlegt er að skilja hvert einasta orð.

Talað mál - samskipti – að nemandi

- geti notað grunnorðaforða úr efnisflokkum, sem fjallað hefur verið um, á eigin forsendum í nýju samhengi.
- geti tjáð sig um tilfinningar, þarfir, óskir og athafnir daglegs lífs af kurteisni og með viðeigandi orðalagi.
- geti beðið um upplýsingar og leiðbeiningar, t.d. á flugvöllum, lestarstöðvum, erlunum og veitingastöðum.

Talað mál - frásögn – að nemandi

- geti endursagt smásögu, blaðagrein, frásögn, samræður eða viðtöl og svarað spurningum út frá innihaldi.
- geti sagt frá nánasta umhverfi sínu, landi og þjóð á einföldu máli.
- Geti verið með stutta undirbúna kynningu eða fyrirlestur fyrir framan hóp.

Ritun – að nemandi

- geti skrifað mismunandi textagerðir í ólíkum tilgangi,
- geti skrifað lengri samfelldan texta um efni sem tengjast daglegu lífi.

- geti tjáð skoðanir sínar eða hugsanir á skiljanlegu rituðu máli og í góðu samhengi.
- geti skrifað endursagnir út frá t.d. frásögn, smásögu eða myndum.

Málfræði – að nemandi

- þekki og geti beitt ákveðnum og óákveðnum greini.
- eintölu og fleirtölu.
- nútíð og þátíð.
- tölum.
- sögnum, nafnorðum, lýsingarorðum, forsetningum og fornöfnum.

Námsefni:

Super dansk, lesbók og vinnubók.

Hvad siger du-C, hlustun.

Sagnablað (96 óreglulegar sagnir).

Ýmis verkefni og textar á blöðum frá kennara s.s ritunarverkefni og málfræðiverkefni.

2 kjörbækur lesnar.

2 dvd myndir sýndar og unnið út frá þeim.

Kennslutilhögun: Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. beina kennslu, utanbókarnám, þemavinnu, hugtakakort, hópverkefni, umræðu- og spurnaraðferð. Unnið er markvisst með bókina Superdansk bæði í lesbók og verkefnabók yfir veturinn. Nemendur læra 96 óreglulegar sagnir og verða sagnapróf með reglulegu millibili. Sú málfræði sem farið verður í í vetur og hefur verið talin upp hér að framan er nánast allt upprifjun frá því í fyrra. Nemendur fá blöð frá kennara til að vinna með málfræðina. Áður upptaldar bækur og verkefni verða unnin samhliða Superdansk. Horft verður á 2 dvd myndir og unnin verða verkefni út frá þeim. Einnig verða lesnar valdar bækur eða sögur og verkefni unnin út frá því. Í hverjum tíma skrifa nemendur í leiðarbók, misjafnlega mikið eftir aðstæðum.

Námsmat:

Vetur: Sagnapróf	20 %	Vor: Kaflapróf	40 %
Kaflapróf	40 %	Kjörbók	10%
Kjörbók	10 %	Dvd mynd	10%
Dvd mynd	10 %	Hópverkefni	20%
		Leiðarbók	20%

Enska:

Kennari: Ragnheiður Guðný Ragnarsdóttir.

Tímafjöldi: 4 tímar á viku.

Markmið:

Hlustun – að nemandi:

- geti skilið ensku af helstu málsvæðum hennar, talaða á eðlilegum hraða.
- geti hlustað á mismunandi hátt eftir upplýsingum í töluðu máli, bæði til að ná aðalatriðum og nákvæmari upplýsingum.
- skilji meginþráð í fréttæfni.
- skilji þegar nokkrir tala saman.
- geti unnið markvisst með orðaforða.

Lestur – að nemandi:

- geti lesið aðgengilegt fræðsluefni.
- geti lesið bókmenntir, skáldsögur, ljóð og smásögur. (sögur ætlaðar enskumælandi).

- skilji megininntak úr blaða og tímaritsefni.
- geti lesið í mismunandi tilgangi.
- geti dregið ályktanir, lesið á milli lína, giskað á orð út frá samhengi og áttað sig á uppbyggingu texta.

Talað mál – að nemandi:

- geti tjáð sig skýrt og áheyrilega.
- geti tekið orðið, umorðað, leiðrétt sig, tjáð skoðanir sínar og tilfinningar.
- geti komist að sameiginlegri niðurstöðu með öðrum, látið í ljós skoðanir.
- geti bjargað sér við óvæntar aðstæður.
- geti veitt upplýsingar um menningu sína og umhverfi.

Ritun – að nemandi:

- geti skrifað samfelldan, skipulegan og viðeigandi texta þ.e. ritgerðir, skýrslur, gagnrýni, sögur, persónuleg og ópersónuleg bréf.
- geti tjáð sig í mismunandi tilgangi og kunni að beita helstu reglum um greinamerkjasetningu.
- geti beitt almennum og sértækum orðaforða í ritun.
- kunni að nota ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur.

Námsefni:

- Network 3 student's book /workbook
- English T'n'T Texts and Tasks.
- Ýmis verkefni og textar sem er að finna í verkefnamöppum.
- Bækur á bókasafni, nemendur lesi a.m.k eina bók á önn.
- Kjörbók A night without end, David Copperfield og Pelican Brief

Kennslutilhögun:

Í ensku er unnið samhliða með 4 þætti tungumálsins; hlustun, lestur, ritun og talað mál. Bókin Network er lögð til grundvallar og nemendur vinna markvisst með hana allan veturinn. Farið er yfir hvern kafla í grunnbókinni fyrir sig og verkefni í vinnubókinni unnin samhliða. Þá verður einnig unnið sérstaklega með nýjan orðaforða, nemendur þreyta svo skrifleg próf við lok hvers kafla þar sem áhersla er lögð á hlustun, málfæði, orðaforða og ritun. Áætlað er að tveir tímar á viku fari í að vinna með bókina Network þar sem farið verður í ýmis málfræðiatríði, auk þjálfunar á notkun tungumálsins svo og hlustun.

Tveir tímar á viku fara í lestur á ýmsum greinum og smásögum auk ritunar og vinnu með bókina T'n'T. Ýmsar tilhliðranir verða þegar kjörbækurnar eru teknar fyrir og verða unnin verkefni úr þeim auk tímaprófa.

Einnig munu nemendur vinna markviss í ritun og verða unnin a.m.k. eitt ritunarverkefni á mánuði þar af tvö hópverkefni á hvorri önn.

Kennsluáferðirnar eru margar, nemendur eru til dæmis hvattir til að tala á ensku og mun kennari eftir fremsta megna tala ensku í tímum þannig þjálfast nem í hlustun ásamt því að hlusta á verkefni og sögur af geisladiskum. Leitast er við að tengja enskunámið daglegu lífi og því sem er að gerast í fréttum og dægurmálum. Unnið verður með blaðagreinar af netinu en einnig dægurlagatexta. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytni í efnisvali og áherslum og þannig reynt að koma til móts við þarfir og áhugasvið flestra. Mest vinna nemendur sjálfstætt, nokkuð er þó um paravinnu og hópvinnu og talsvert um umræður sem fara fram bæði í litlum hópum og svo bekkjarumræðum sem kennari stjórnar

Námsmat:

Kaflapróf sem lögð verða fyrir í lok hvers kafla gilda öll til einkunnar. Hlustunarverkefni sem metin eru til einkunna bæði haust og vor eru unnin upp úr TOEFL prófum og gömlum samræmdum prófum. Einnig verður lagt fyrir munnlegt próf á vorönn, þar sem nemendur lesa tvær sögur og fá spurningar tengdar þeim munnlega. Nemendur skila auk þess ritunarverkefnum sem eru metin til einkunna. Þá er kjörbók metin, bæði verkefni og próf og vinnueinkunn er gefin fyrir vinnulag og ástundun námsins.

Haust:

Vinnueinkunn 10%

Hér er metin vinna í tímum sem og heimavinna. Kennari skráir nákvæmlega hjá sér og gefur einkunn skv. því.

Kaflpróf 1-3 60%

Kaflaprófin eru tekin í lok hvers kafla og gildir hvert um sig 20%. Í hverju prófi er könnuð hlustun, málfræði og orðaforði.

Ritun 5%

Nem skila 2 ritunarverkefnum sem eru metin til einkunna, og gilda 2,5% hvert.

Leskilningur 15%

Nem. þreyta eitt lesskilningspróf í nóvember sem gildir 5-10%.

Kjörbók 10%

Vor:

Vinnueinkunn 10%

Hér er metin vinna í tímum sem og heimavinna. Kennari skráir nákvæmlega hjá sér og gefur einkunn skv. því.

Kaflpróf 4-6 50%

Kaflaprófin eru tekin í lok hvers kafla og gildir hvert um sig 25%. Í hverju prófi er könnuð hlustun, málfræði og orðaforði.

Lesskilningur 20%

Ætlunin er að taka eitt lesskilningspróf sem gildir 10% og lesa eina skáldsögu sem þau vinna síðan hópverkefni úr, gildir 10%

Ritun 10%

Þau vinna tvö ritunar verkefni eitt einstaklingsverkefni sem þau kynna fyrir bekknum og eitt hópverkefni hvort um sig gildir 5%.

Hausteinkunn 20%

Hausteinkunnin gildir 20% af skólaeinkunn í 10. bekk

Að auki verða nemendur látnir meta sig sjálfir. Þá leggja þeir mat á eigin vinnu fyrir einstök verkefni eða kennslustundir sem og heildarmat yfir lengra tímabil.

Kennsluáætlun er alltaf í endurskoðun og áætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar og kennari áskilur sér rétt til að breyta áherslum í kennslu, námsefni eða námsmati gerist þess þörf.

Íslenska

Kennarar: Agnes Ósk Ómarsdóttir og Brynjar Harðarson.

Tímafjöldi: 6 tímar á viku. Unnið verður í lotum þar sem hverjum þætti íslenskunnar verður gerð skil.

Markmið:

Með markmiðssetningu í íslenskukennslu er byggt á heildstæðri móðurmálskennslu. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra þætti: **1) lestur og bókmenntir, 2) ritun, 3) talað mál og hlustun, 4) málfræði**. Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

Kennslumarkmið:

Að nemendur líti á móðurmálið sem heild en ekki fjölda stakra námsþátta.

Að nemendur geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á glöggu og auðugu máli og fái tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín.

Að nemendur fái tækifæri til margvíslegrar þjálfunar í notkunar margmiðlunarefnis, auki færi sína á því sviði og yfirfæri í þekkingarbrunn sinn.

Námsmarkmið

Að nemendur;

- styrki einstaklingsgetu, m.a. með því að þeir; auki orðaforða og efla lesskilning tengt lestri forn- og nútímabókmennta og ljóða,
- öðlist sjálfsöryggi í framsögn og framkomu með viðeigandi verkefnum
- þjálfist í að hlusta á upplestur á gagnrýninn hátt, af þolinmæði, með athygli og skilningi á samræður annarra, hlusti á frétttaflutning í fjölmiðlum og fyrirlesturum og nái helstu atriðum
- auki færni sína við öflun margmiðlunarefnis og nýtingu þess við upplýsingaleit
- þekki allar stafsetningarreglur og reglur um greinarmerkjasetningu og geti
- stafsett rétt almennan texta
- auki við hugtakþekkingu sína í málfræði og málnotkun
- þjálfist í að taka niður glósur og persónulegri ritun auk heimildavinnu
- þekki grunnhugtök í greiningu ljóða og bókmennta og auki færni í notkun þeirra
- efla færni sína í vinnubrögðum og frágangi.

Námsefni:

Englar alheimsins e. Einar Má Guðmundsson. Nútímaskáldsaga og efni tengt henni.

Finnur III e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur.

Gagnvirk verkefni.

Íslenska, kennslubók í málvísi og ljóðlist e. Gunnlaug Snævarr og Jón Norland.

Kennslubók í stafsetningu e. Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson.

Kjalnesinga saga. Forn saga.

Ljóð í tunda e. Ragnar Inga Aðalsteinsson.

Málfinnur, og Skrifinnur e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur.

Mályrkja III e. Höskuld Þráinsson og Silju Aðalsteinsdóttur.

Orðhákur 1-2 og 10x10 æfingar f.10.bekk.

Straumar og stefnur í íslenskum bókmenntum frá 1550 e. Heimi Pálsson. (ljósrít)

Kennslutilhögun:

Kennt verður samkvæmt hugmyndafræði heildstæðrar móðurmálskennslu þar sem hinir fjórir þættir íslenskunnar eru samþættir. Samfellu og stígandi er haldið allt kennsluárið með fjölbreyttum kennsluaðferðum og margvíslegu námsefni. Höfðað er til færniþátta nemenda og leitast við að laða fram það besta hjá hverjum og einum. Kennsluaðferðirnar eru margar t.d. einstaklingskennsla, yfirlitslestur, leitarnám, sóknarskrift, vettvangsnám og þá sérstaklega í tengslum við útiveru og bókmenntir. Nemendum á þessu skólastigi er jafnframt kennd námstækni og öguð vinnubrögð þegar leitað er leiða til þess að örva málkennd og færni í íslensku máli. Gagnvirkur lestur er

viðhafður sem námstækniaðferð. Leiðarbækur nota nemendur með yndislestri sem eykur lestrargetu og lesskilning, ritun og færni í öllum fjórum þáttum íslenskunnar.

Námsmat:

Janúar

Bókmenntir og ljóð	40%
Málfræði	40%
Stafsetning/ritun	20%

Vorönn

Bókmenntir og ljóð	40%
Málfræði	30%
Stafsetning/ritun	10%
Lestur og framsögn	20%

Skólaeinkunn að vori er samsett úr janúareinkunn 30% og voreinkunn 70%.

*Litið er á alla heimavinnu og samvinnu varðandi námið í 10. bekk sem sjálfsagðan hlut og áhrif á skólaeinkunn.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga gerist þess þörf. (Sérstaklega hvað varðar námsmat)

Íþróttir:

Kennari: Kristinn Óskarsson og Helena Ósk Jónsdóttir.

Tímafjöldi: 2 tímar í viku

Markmið: Reynt verður að bjóða nemendum upp á sem fjölbreyttasta þjálfun, miðað við þá aðstöðu sem fyrirfinnst, sem nær til alhliða líkams- og heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina. Við kennslu íþróttagreina skal áfram leggja áherslu á leikræna nálgun undirstöðuatriða. Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur þjálfist í samsettum hreyfingum og flóknum hreyfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu. Nemendur taka þátt í æfingum og leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla færni í íþróttagreinum. Þeir þjálfist í æfingum og leikjum sem efla líkamsþol, hraða, kraft, viðbragð, hjarta- og blóðrásarkerfið.

Kennslutilhögun: Til að ná þessum markmiðum verður farið í leiki og gerðar æfingar. M.a. verður farið í boltagreinar (fótbolta, körfubolta, blak), fimleika, hafnabolta, golf, bandý, hringþjálfun, frjálsar og leiki eins og eltingaleiki, boðhlaup, einfalda ratleiki o.fl.

Námsmat: Í formi einkunnar í lok annar og að vori.

Ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum 50%

Fimm prófæfingar, hver 10%, samtals 50%

Prófæfingar mæla; þol, kraft, samhæfingu, liðleika og hraða.

Lífsleikni:

Kennari: Brynjar Harðarson og Martha Ó. Jensdóttir

Tímafjöldi: 1 stund

Markmið:

- Sjálfsþekking, færni í samskiptum, sköpun og jákvæðum lífsstíl
- að nemandinn tileinki sér viðeigandi siðferðiskennd og siðvitund
 - að nemandinn rækti með sér samkennd, samhygð og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra til að geta átt auðug og gefandi samskipti við einstaklinga óháð kyni, kynferði, þjóðerni, trú, líkamlegu og andlegu atgervi.
 - að nemandinn öðlist samfélagslega yfirsýn sem gerir honum kleift að skilja og virða reglur samfélagsins og þannig þroska með sér styrk og ábyrgð til að móta og bæta umhverfi sitt með lýðræðislegum aðferðum og umræðu
 - að nemandinn geri raunhæfar áætlanir um náms- og starfsleiðir er standa til boða við lok grunnskóla.
 - að bekkurinn setji sér bekkjarreglur og ræði um einelti, skólareglur og viðeigandi hegðun

Námsefni:

- Leið þín um lífið
Vefefni
Olweus-hugmyndafræðin
Bekkjарfundir
Samræðuefni; áhersla lögð á;
- hvaða samræmdu próf skal velja m.t.t. framhaldsskóla
 - aga og mætingar bekkjarins
 - aga og mætingar einstaklinga
 - ábyrgð gagnvart skóla og umhverfi
 - almennar forvarnir.
 - félagsfærni og sjálfsþekkingargreind, forvörn gegn einelti
 - samfélagsvitund
 - fjölskyldu og gildi
 - sjálfsmynd
 - tilfinningar
 - námstækni
 - prófkvíða
 - próftöku

Gestir:

- Hjúkrunarfræðingur með fræðslu um getnaðarvarnir og kynsjúkdóma
- Lögregluheimsókn um forvarnir, fíkniefnaneyslu, útivistarreglur, bílpróf, ölvunarakstur og afleiðingar hans.
- Námsráðgjafi FS með fræðslu um námsframboð og inntökureglur inn á brautir Fjölbautaskólans
- Heimsókn frá námsráðgjafa með fræðslu um prófkvíða og framhaldsnám
- Starfskynningar og vinnustaðaheimsóknir dagana í maí 2008.

Kennslutilhögun: Lífsleikni er færni geta í gegnum lífið. Kennslan byggist á umræðum. Haldnir verða bekkjarfundir einu sinni í mánuði, þar sem nemendur tjá sig um málefni bekkjarins og málefni líðandi stundar. Allar heimsóknir sem farnar eru og fengnar eru þar sem reynir á félagsgreind og sjálfsþekkingargreind falla undir lífsleikni. Mikil styrking félagsgreindar og sjálfsþekkingargreindar fer fram og sérstaklega í tengslum við meðferð og í umræðu um einelti.

Námsmat: Virkni, verkefni og þátttaka í tímum.

Náttúrufræði

Kennari : María Óladóttir

Tímafjöldi : 3 stundir.

Eðlisvísindi:

Markmið:

Að nemendur þekki og geti notað hugtök eðlisfræðinnar, s.s. vinna, afl, hraði, hröðun, kraftur, orka, orkuform, rafmagn, varmi, ljós, hljóð, bylgjur, hreyfing og núningur. Að nemendur þekki lögmál um hreyfingu. Að nemendur geti beitt helstu útreikningum og notað viðeigandi einingar.

Námsefni:

Hálfðan Ó. Hálfðanarson þýddi og staðfærði.fl. 1998. **Orka**, Námsgagnastofnun, (Kafar 2 - 6) Myndbönd og ljósrit

Jarðvísindi:

Markmið:

Að nemendur þekki hugtökin, sólkerfi, halastjarna, loftsteinn, kenningar um myndun alheims og þróun stjarna

Námsefni:

Þorsteinn Vilhjálmsson þýddi og staðfærði.fl.. 2001. **Sól, tungl og stjörnur**, Námsgagnastofnun, 2. kafli.

Lífvísindi:

Markmið:

Að nemendur nái tókum á grunnhugtökum erfðafræðinnar s.s. DNA, gen, litningar, ríkjandi gen, víkjandi gen, arfhreinn og arfblendinn, kynnist Þróunarkenningu Darwins, þróun og náttúruvali.

Námsefni:

Þuríður Þorbjarnardóttir þýddi og staðfærði.fl. 2000. **Erfðafræði**, Námsgagnastofnun. (valdir kaflar)

Hálfðan Ó. Hálfðanarson þýddi og staðfærði.fl. 1999. **Lifandi veröld**, Námsgagnastofnun, (7. – 8. kafli)

Myndbönd og ljósrit

Kennsluáferðir:

Kennt er í stofu 20. Fyrirlestrar og sýnikennsla nýrra atriða, nemendur glósa og taka þátt í umræðum. Skrifleg verkefni, bæði unnin í tímum og heima, t.d. hugtakakort. Mest er unnið í hópum í verklegum æfingum en nemendur skila ýmist einir eða hópurinn. Heimavinna: lestur, skrifleg verkefni bæði sem skilað er og farið yfir í tímum. Farið verður í vettvangsferð í tengslum við rafmagn og orku.

Námsmat:

Kaflapróf úr 1 -2 köflum í senn eftir umfangi efnisins. Metin verkefni og skýrslur.

Vinnueinkunn byggð á vinnu í tímum, skýrslum, skilaðri heimavinnu. Farið er fram á góða uppsetningu og vönduð vinnubrögð, sérlega í verklegum æfingum.

Nemendur skila í annarlök vinnuöppu sem innihaldi verkefni bæði úr bók og ljósrituð, skýrslur úr tilraunum, hugtakakort, myndir, glósur ofl. Samkvæmt lista.

Haust:	Vægi:
Verkefni 7. – 8. kafli Lifandi veröld	15%
Próf 2. kafla Orkan	15 %
Próf 3. kafla Orkan	15%
Hugtakakort rafmagn	10 %
Hugtakakort orkuform	10%
Tilraunir	10 %
Vinnueinkunn	5 %
Græna mappan” skil í des	20 %

Vor:	
Próf úr kafla 1 Erfðir	15 %
Próf úr kafla 2 Erfðir	15 %
Próf úr kafla 3 Erfðir	15%
Verkefni úr kafla 4 Erfðir	15%
Próf 2. kafli Sól, tungl og stjörnur	15 %
Vinnueinkunn	5 %
Græna mappan” skil í maí	20 %

Ath. Skólaeinkunn er sett saman úr einkunnum bæði haust og vorannar.

Samfélagsfræði:

Kennari: Martha Jensdóttir

Saga

Tímafjöldi: 2 kennslustundir í viku.

Markmið:

Nemandinn kynni sér hugmyndir manna og sjónarmið um framtíð Íslands í byrjun 20. aldarinnar.

Nemandinn kynnist sögu tækninýjunga síðustu 100 árin sem opnað hafa nýjar leiðir til tjáningar og boðskipta. Landbúnaðar-samgöngu- og tæknibyltingar.

Nemandinn kynni sér tilurð unglíngamenningar eftir seinni heimstyrjöldina, skoði tísku og tónlist sem kennd hefur verið við unglínga og greini áhrifavalda og fyrirmyndir unglíngamenningar.

Nemandinn kynni sér stjórnmalasögu Íslands á 20. öldinni. Nemendur kynnist upphafi félagshreyfinga og aukið frjálsræði á 20.öld. Nemendur læri um verkalýðshreyfingu og jafnréttismál á þessum tíma. Nemendur kynnist breytingum sem urðu á þjóðfélaginu við minnkandi ríkisafskipti.

Námsefni: Úr sveit í borg e. Guðmund J. Guðmundsson
Ljósrit, myndbönd og verkefni frá kennara
Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar e.Árna Daníel Júlíusson
Valdir kaflar úr Samferða um söguna eftir Bengt Åge Hager

Kennslutilhögun: Fyrirlestrar og verkefnavinna, ritgerðir, myndbönd sýnd.

Námsmat:	Verkefni og vinnueinkunn	30%
	Próf	50%
	Ritgerð	20 %

Þjóðfélagsfræði

Tímafjöldi: 2 kennslustundir í viku

Markmið:

Nemandinn hugleiði hver hann er í augum sjálfs síns og annarra og hvernig sjálfsmýnd hans verður til og geti rökrætt hvort sjálfsmýnd (eða hlutverk) breytist eftir því hvar maður er staddur.

Nemandinn kanni hvað honum leyfist og leyfist ekki samkvæmt lögum og reglum, athugi hvernig reglum er framfylgt og ræði réttmæti þeirra.

Nemandinn kynnist og hugleiði stjórnkerfi samfélagsins með því að athuga hverjir hafa mest um að segja um ákveðin valin málefni.

Nemandinn læri að tengja umfjöllunina við hugtök á borð við þrískiptingu ríkisvaldsins, stjórnarskrá, mannréttindi, sveitarstjórnir, hagsmunasamtök, kosningar, Alþingi o.s.frv.

Nemandinn hugleiði og skilgreini hvaða kosti og galla það hefur í för með sér að búa á Íslandi með hliðsjón af ýmsum þáttum.

Nemandinn greini hvaða þjóðum Íslendingar eiga mest sameiginlegt með og helst samleið með.

Nemandinn geti takið þátt í umræðu um það sem efst er á baugi hverju sinni og geti metið upplýsingar fjölmiðla á gagnrýninn hátt.

Námsefni: Þjóðfélagsfræði e. Garðar Gíslason.
Ljósrit, myndbönd og verkefni frá kennara.
Dagblöð og aðrir fjölmiðlar.

Kennslutilhögun: Fyrirlestur og verkefnavinna.

Námsmat:	Verkefni og vinnueinkunn	30 %
	Ritgerð	20 %
	Próf	50 %

Upprifjun á efni úr 8. og 9.bekk. Landafræði 1 og 2 e. Göran Anderson, Stríðárin á Íslandi e. Jenný Björk Ólsen og Unni Hrefnu Jóhannesdóttur og Sjálfstæði Íslendinga 3. Eldri samræmd próf tekin.

Stærðfræði:

Kennarar: Haraldur Axel Einarsson og Þóra Guðrún Einarsdóttir

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku.

Markmið:

Stuðst verður við markmið stærðfræðikennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007. Samkvæmt námskránni er stærðfræðinámi í 8. bekk skipt í 10 þætti: **1) stærðfræði og tungumál, 2) lausnir verkefna og þrauta, 3) röksamhengi og röksemdafærslur, 4) tengsl við daglegt líf og önnur svið, 5) tölur, 6) reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat, 7) hlutföll og prósentur, 8) mynstur og algebra, 9) rúmfræði og 10) tölfræði og líkindafræði.**

„Með kennslu í stærðfræði í skólum er stefnt að því að nemendur

- öðlist næga kunnáttu til að takast á við stærðfræðileg verkefni sem upp koma í daglegu lífi og geti notað stærðfræði við margs konar störf í þjóðfélaginu

- öðlist nægilega kunnáttu til að þeir geti stundað framhaldsnám í ýmsum greinum
- kynnist stærðfræði sem hluta af menningararfi og almennri menntun“(2007)

Markmiðin eru:

- að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem getur nýst nemendum í daglegu lífi og námi.
- að efla vitsmunapróska þeirra, skipulagningu og skapandi hugsun á þeim sviðum sem tengjast stærðfræðinni.

Að nemandi:

Stærðfræði og tungumál

- ræði um náttúrulegar tölur, heilar tölur og ræðar tölur og sambandið milli almennra brota, endanlegra tugabrota og lotubundinna tugabrota
- taki þátt í samstarfsverkefni með bekkjarfélögum

Lausnir verkefna og þrauta

- kynnist því hvernig hægt er að leysa þraut með því að vinna sig til baka og nota form og gerð hugsanlegra lausnar til að finna hver lausnin er
- glími við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram

Röksamhengi og röksemdafærslur

- kynnist einföldum sönnunum þar sem röksemdafærslur skipta meginmáli, t.d. reglu hornasummu í marghyrningi og geti beitt henni á einfalda marghyrninga, s.s. fimmhyrning
- þjálfist í að nota röksemdafærslu við lausn verkefna

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- setji stærðfræðileg hugtök í samhengi við hversdagslega hluti til að öðlast betri skilning á þeim
- beiti stærðfræði í verkefnum sem snerta samskipti einstaklingsins við samfélagið, s.s. við afborganir af lánum sem breytast milli ára í hlutfalli við breytingu á lánskjaravísitölu

Tölur

- dragi ferningsrætur lággra ferningstalna með því að leysa þær upp í frumþætti
- einfalda brotabrot
- breyti lotubundnum tugabrotum í almenn brot
- leysi verkefni með tölum sem ekki eru ræðar

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- reikni algengan reikning með tölum á staðalformi
- nái leikni í að reikna samsett dæmi af ýmsu tagi þar sem reikniaðgerðum er blandað saman við veldi og sviga
- temji sér að prófa útkomur og leita að reiknivillum

Hlutföll og prósentur

- fáist við hlutföll við samanburð á stærðum og geti notað þau í útreikningum
- nái góðum tókum á prósentureikningi sem algengur er í þjóðfélaginu og kynnist því að hækkun stærðar um ákveðna prósentu og síðan lækkun um sömu prósentu gefur ekki upphaflegu stærðina
- nái góðum tókum á vaxtareikningi og öðrum verslunareikningi

Mynstur og algebra

- setji fram reglur um samband milli stærða með tölum, gröfum, formúlum og jöfnum og sýni góða innsýn í sambandið milli þessara mismunandi framsetningarháttanna
- tileinki sér aðferðir til að leysa saman tvær fyrsta stigs jöfnur með tveimur óþekktum stærðum
- leysi einfalda annars stigs jöfnur með þáttun
- margfaldi upp úr svigum og þátti fyrsta og annars stigs margliður
- noti veldareglur um heiltöluveldi í margvíslegu samhengi

Rúmfræði

- tileinki sér hugtökin strýta, kúla og keila, geti lýst þeim í mæltu máli og með teikningum og reiknað rúmmál þeirra
- vinni með einslögum flatarmynda og tengsl þeirra við hlutföll
- þekki samsvörun milli rúmmáls og mælieininga fyrir vökva og geti breytt þar á milli
- lesi jöfnur beinnar línu, setji hana fram í hnitakerfi og kunni að lesa úr jöfnunni hallatölu og skurðpunkt við y-ás
- kynnist ferli annars stigs falls, þ.e. fleygboga
- kynnist sönnun á reglu Pýþagórasar, útskýri hana og beiti henni á rétthyrnda þríhyrninga

Tölfræði og líkindafræði

- sýni þekkingu og skilning á hugtökunum tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, vegið meðaltal, úrtak, miðgildi og tíðasta gildi
- fáist við skilyrt líkindi
- sýni þekkingu á mun á fræðilegum líkum, líkum sem leiddar eru af tilraunum og huglægu mati á líkum án tilrauna
- reikni líkur í einföldum tilvikum þar sem einungis endanlega margar útkomur koma til greina

Námsefni:

8-tíu, bók 5 og 6.

Stærðfræðikeppni grunnskólanna, ýmis ljósrit, Skólavefurinn, vefur Námsgagnastofnunnar, Rasmus, ýmis dæma- og þrautasöfn og gömul samræmd próf.

Kennslutilhögun:

Unnið er með bókina heima og í tíma. [Leiðarabók](#) er notuð til samskipta við kennara og skráningu hinna ýmsu hugleiðinga er snúa að stærðfræðináminu.

Notast verður við fjölbreyttar kennsluáferðir s.s. sýnikennslu, beina kennslu, utanbókarnám, vettvangsferðir, samræðuáferðir, raunveruleg viðfangsefni, leikir og spil, þrautalausnir, þjálfunarforrit, frásagnir, þemavinnu og kannanir. Samþætting við upplýsingamennt þar sem farið verður inn á Rasmus, síðu Átta-tíu og aðra stærðfræðitengda vefi.

Hluti nemenda tekur þátt í stærðfræðikeppni grunnskólanna.

Mikil samvinna verður á milli kennara og nemendur eiga von á því að bekkjunum verði skipt upp eftir þörfum.

Námsmat:

Fylgst er reglulega með heimavinnu. Námsefnið er væntanlegt á skólaárinu þegar þetta námsmat er gert og því er einungis um grófa áætlun að ræða.

Námsmat: Janúar 2008	Tímabil	Hlutfall	Einkunn
Próf með gögnum	september	5%	
Kaflapróf	september	10%	
Kaflapróf	október	10%	
Heimadæmi	október	10%	

Tímadæmi	okt/nóv	5%	
Kaflapróf	nóvember	10%	
Heimadæmi	nóvember	10%	
Hópverkefni	desember	10%	
Ferilmappa og Leiðarbók	janúar	5%	
Yfirlitspróf	janúar	25 %	
		100%	

Námsmat: Vor 2008

	Tímabil	Hlutfall	Einkunn
Kaflapróf	jan/feb	10%	
Heimadæmi	febrúar	10%	
Tímadæmi	febrúar	5%	
Kaflapróf	mars	10%	
Próf með gögnum	mars/apr	5%	
Heimadæmi	mars/apr	10%	
Hópverkefni	maí	10%	
Hugtakakort	Maí	5%	
Stórt verkefni	maí	30%	
Ferilmappa og Leiðarbók	maí	5%	
		100%	

Tekið skal fram að litið er á alla heimavinnu sem sjálfsagðan hlut. Kennarar áskilja sér rétt til breytinga gerist þess þörf.

Sund:

Kennarar: Elín Gunnarsdóttir og Kristinn Óskarsson

Tímafjöldi: 1 tími í viku

Markmið: Í 10. bekk er áhersla á þátt upplifunar í allri sundkennslu. Slík nálgun hefur það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall og slaka ástundun sem oft einkennir þetta tímabil. Á unglingastigi skal einnig auka vægi sundþjálfunar þar sem efling þreppáttá í tengslum við sundiðkun er höfð að leiðarljósi. Í sundi viðhalda nemendur ennfrekar sundfærni sinni með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar. Þeir þjálfast enn frekar í fjölbreyttum samsettum hreyfingum arma og fóta með mismunandi útfærslu. Ætlast er til þess að nemendur í 10. bekk geti: a) Bringusund í 20 mín (viðstöðulaust). Lágmarksvegalengd 600 m. b) 50 m bringusund (stílsund). c) Björgun af botni laugar og 25 m björgunarsund. d) 12 m kafsund (stílsund). e) Tímataka, val nemenda, 3 atriði af 4: 100 m bringusund, 50 m skriðsund, 50 m baksund, 25 m flugsund. f) Þrjú leysitök. G) Ein lífgunaraðferð.

Kennslutilhögun: Í sundi eru gerðar ýmsar æfingar til að ná þeim markmiðum sem ætlast er til að nemendur í 10. bekk ljúki. Nemendur taka þátt í markvissri sundþjálfun sem líkams- og heilsrækt.

Námsmat: Prófað samkvæmt 10. sundstigi aðalnámskrár. Námsmati skilað í formi einkunnar í lok annar og að vori, sem samanstendur af 50% sundfærni og 50% ástundun og hegðun.

Valgreinar í 9. og 10. bekk

Bakstur

Kennari: Ólöf Jónsdóttir.

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið: Að nemendur kynnist helstu bakstursaðferðum og þjálfí verklega færni.

Námsefni: Ljósrit frá kennara.

Kennslutilhögun: Nemendur baka eftir uppskriftum og leiðbeiningum kennara. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Afraksturinn er ýmist borðaður í lok tímans eða nemendur fara með hann heim. Nemendur vaska upp og ganga frá.

Námsmat: 70% Frammistaða og hegðun í tímum, frágangur, samvinna, vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum. 30 % Verklegt próf í lok annar.

Dans 1

Kennari: Esther Níelsdóttir

Markmið

Að nemendur þekki mismunandi dansa og þekki tónlistina fyrir hvern og einn dans.

Að nemendur þekki mismunandi dansstöður og viti hvenær á að nota þær í mismunandi dönsum.

Kennslutilhögun

Kenndir/kynntir verða samkvæmisdansarnir ásamt gömlu dönsunum, línudansi og partýdönsum.

Námskeiðið endar með stóru sýningaratriði.

Námsmat

Virgni 60 %, framfarir 20%, tillitsemi og jákvæðni 10%, tækni og skapandi ferli 10%

Dans 2

Kennari: Esther Níelsdóttir

Fyrir þá sem hafa verið í dansvali áður.

Haldið verður áfram þar sem frá var horfið í síðasta dansvali. Aukið verður við spor innan þeirra dansa sem nemendur lærðu áður. Kennd verða flóknari spor með frjálsum tilþrifum og lyftum. Sýning í lok námskeiðs.

Námsmat

Virgni 60 %, framfarir 20%, tillitsemi og jákvæðni 10%, tækni og skapandi ferli 10%

Fatasaumur 1

Kennari: Hanna Vilhjálmsdóttir

Markmið

Að nemendur vinni sjálfstætt, nýti sér áunna þekkingu, læri vönduð vinnubrögð og þjálfist í að fara eftir skriflegum leiðbeiningum.

Kennslutilhögun

Nemendur sauma eitt skylduverkefni þar sem unnið er með grundvallaratriði í fatasaum. Nemendur velja síðan verkefni í samráði við kennara. Nemendur rifja upp kunnáttu frá fyrra textilnámi, læra að lesa tákni og taka upp snið úr sníðablöðum.

Námsmat

Skylduverkefni 30%, iðni, áhugi, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð 30%. Önnur verkefni 40%

Fatasaumur 2

Kennari: Hanna Vilhjálmsdóttir

Ætlað nemendum sem hafa verið í fatasaumsvali áður.

Markmið

Að nemendur læri að vinna sjálfstætt og geti nýtt sér áunna þekkingu, læri vönduð vinnubrögð og þjálfist í að fara eftir skriflegum leiðbeiningum.

Kennslutilhögun

Nemendur vinna tvær saumaprufur eftir skriflegum leiðbeiningum frá kennara. Nemendur velja sér síðan verkefni í samráði við kennara. Nemendur útbúa vinnuöppu með verkefnum sínum sem að inniheldur m.a skissur, skriflegar leiðbeiningar og ljósmyndir af vinnuferli.

Námsmat

Saumaprufur 30%, iðni, áhugi, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð 30%, verkefni og vinnuappa 40%

Gler

Kennari: Gróa Björk Hjörleifsdóttir

Tímafjöldi tvær stundir á viku hálfan vetur

Námsefni samið af kennara

Markmið

Að nemandinn

- Þekki og kundi að umgangast þau verkfæri sem til þarf við að vinna mósaik/gler verkefni.
- Nýti sér tölvutækni við hugmyndaleit.
- Læri að búa til nytjahlut.
- Hafi kunnáttu við að nota verkfærin.
- Geti metið á sjálfstæðan hátt hvaða kröfur eru gerðar til vandvirkni og frágangs.
- Geti unnið sjálfstætt og haldið sér við verkefnið.

Kennslutilhögun

Mósaik= Nemendur kynnst og fá tilsögn um Mósaik og gerð hennar. Nemendur mega nýta sér hugmyndir af veraldarvefnum og úr bókum við gerð verks þeirra. Áður en nemendur byrja á verkefninu fá þeir kennslu í hvernig nota eigi verkfærin sem til þarf, s.s. beitingu og umgengni áhalda. Þegar kennari metur að nemandinn kunni á verkfærin byrjar nemandinn á verkefninu. Kennarinn verður með ákveðinn verkefni en nemendur ráða útliti hlutsins.

Gler= Nemendur kynnst glervinnu og fá bækling um gler ásamt ýmsu öðru. Nemendur kynntir fyrir glervinnu og eru æfðir í að skera gler og læra muninn á gleri. Nemendur fá að hanna sína eigin útfærslur á ýmsu glervörum og fá einnig að nota ýmis form og liti.

Tiffanýs= Nemendur eru kynntir fyrir Tiffanys glervinnu, og fá að hanna sinn eigin hlut í samráði við kennarann.

Námsmat

Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum, hegðun, verklægni og framförum á því sviði.

Hvert verkefni er metið til einkunnar (50%)

- áhugi og hegðun (20%)
- iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki (30%)

Lokamarkmið í gleri. Nemandi hafi fengið innsýn í og öðlast þekkingu í áfanganum og vinnsluaðferðum við glervinnslu.

Hraðlestur

Kennari: Sigurbjörg Róbertsdóttir

Tímafjöldi: Þrjár kennslustundir á viku

Markmið :

Að nemendur:

- fái meiri áhuga á lestri
- auki lestrarhraða sinn
- auki lestrarskilning sinn,
- geti lesið með mismunandi hraða eftir efni,
- haldi áfram að æfa lestur eftir að vali lýkur

Námsefni:

- Markviss lestrarkennsla - Heildstætt móðurmál - ljósritað efni
- Lestu nú - grunnbók og vinnubók

Kennslutilhögun:

Nemendur æfa hraðlestur með ýmsum æfingum úr námsefninu. Farið á bókasöfn. Heimalestur á hverjum degi.

Námsmat:

Nemendur taka hraðlestrarpróf í upphafi annar og við lok annar. Árangur metinn. Einkunn samsett úr eftirfarandi þáttum:

Tímavinna 30%

Lestrardagbók og heimavinna 30%

Raddlestrarpróf 20%

Framfarir 20%

Íþróttافرæði

Kennari: Kristinn Óskarsson.

Tímalfjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið: Að nemandinn

- fái aukna hreyfingu
- öðlist grunnþekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta s.s næringarþörf og orkuþörf.
- kunni skil á helstu hugtökum þjálffræðinnar s.s þoli, krafti, hraða, liðleika, samhæfingu, upphitun, hvíld og endurheimt.
- geti sett sér markmið og skipulagt hvernig hann nær þeim

Námsefni: Ljósrit og glærur frá kennara, einkum byggt á bókinni Þjálfun, heilsa, vellíðan.

Kennslutilhögun: Í verklegum tímum fái nemendur sem mest að reyna sjálfir hinar ýmsu íþróttagreinar og mismunandi form þjálfunar. Í bóklegum tímum verða fyrirlestrar, glærur og glósur, ásamt verkefnavinnu. Spurt og spjallað. Nemendur munu vinna eitt stórt verkefni.

Námsmat:

- 50% verkefnavinna/próf
- 20% Stærra verkefni/ritgerð.
- 30% Ástundun og virkni.

Íþróttir/þjálfun

Kennari: Kristinn Óskarsson

Tímalfjöldi: Æfingar íþróttafélaganna auk funda með kennara.

Markmið: Að viðurkenna störf nemenda innan íþróttafélaganna og hvetja þá til að taka íþrótt sína alvarlega og öðlast meiri skilning á uppbyggingu þjálfunarinnar og þeim þáttum sem áhrif hafa á árangur í íþróttum

Námsefni: Þjálfáætlun íþróttafélaganna auk verkefna frá kennara.

Kennslutilhögun: Nemendur stunda þjálfun sinnar íþróttagreinar hjá sínu íþróttafélagi undir stjórn þjálfara. Heiðarskóli metur þjálfunina til jafns á við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Kennari Heiðarskóla hefur yfirumsjón með að nemendur stundi þjálfun sína af vinnusemi og alvöru. Nemendur vinna verkefni í tengslum við þjálfun sína sem kennari í Heiðarskóla leggur fyrir. Verkefnaskil verða að jafnaði einu sinni í mánuði. Nemendur mæta til fundar við kennara í Heiðarskóla eftir því sem hann óskar.

Námsmat:

Í lok skólaárs fá nemendur einkunn á vitnisburðarblað.

Námsmat: mat þjálfara á ástundun og frammistöðu 30%
verkefni vetrarins 70%

Líkams- og heilsurækt

Þátttakendur

Þessi valgrein hentar vel þeim sem eru að leita sér að góðri og fjölbreyttri hreyfingu en eru ekki í dag í neinni skipulagðri íþróttaiðkun fyrir utan skóla. Hentar vel þeim sem vilja stunda almenningsíþróttir án keppni.

Markmið

- # Að nemendur öðlist þekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta (svefn/matarvenjur)
- # Að nemendur kynnist hvernig rækta megi líkamann með margvíslegum hætti.
- # Að nemendur skilji gildi þess vera með langtíma – og skammtíma skipulag æfinga.

Framtíðarmarkmið

- # Að nemendur líti á hvers kyns þrek – og styrktarþjálfun sem jákvæðan og heillavænlegan möguleika í frístundaiðkun sinni.
- # Að nemendur líti á heilbriggt lífni sem eðlilegan lífsmáta.
- # Að nemendur geti gert greinarmun á helstu matvælum með hollustu að leiðarljósi.

Kennslutilhögun

Nemendur fá fræðslu um grunnhugmyndir líkams – og heilsuræktar. Í kjölfarið verða verklegir tímar.

Námsmat

Virgni 20%, skipulag æfingarbókar 40%, verkefni um næringu og hollar lífsvenjur 40%

Mannslíkaminn

Kennari: María Óladóttir

Tímafjöldi: Þrjár kennslustundir á viku hálfan veturinn

Markmið :

Að nemendur:

- að áhugasamir nemendur fái tækifæri til dýpka þekkingu sína í líffærakerfi mannsins
- þjálfri sjálfstæð vinnubrögð við verklega vinnu og öðlist aukna færni við hana
- læri skýrslugerð
- setji fram niðurstöður sínar á fjölbreyttan og vandaðan hátt (Aðalnámsskrá Náttúrufræði bls. 67)

Námsefni:

Maðurinn líkaminn í máli og myndum (valdir kaflar)

Heilsubót (valdir kaflar)

Myndbönd: Maðurinn Eye witness, Taugakerfið, DK, Beinagrindin DK, Líffæri líkamans, Matur og melting, Blóðrásarkerfi,

Vefsíður: <http://www.bbc.co.uk/science/humanbody/body/index.shtml?organs> bæði beinagrindin og líffærin, verkefni með líffærunum,

Kennslutilhögun:

Tvær samfelldar kennslustundir á viku hálfan veturinn. Unnið bæði bóklega og verklega, krufning og athuganir. Við hvert efnisatriði verða einhverskonar skil,s.s. hugtakakort, kennaralegar spurningar, útdrættir, skýringarmyndir, plaköt og verkefni. Unnið verður bæði einstaklingslega og í smærri hópum.

Námsmat:

Verkefnamappa, sem innihaldi skýrslur, verkefni, vinnuferla ofl. 50 %

Sjálfsmat nemenda 20 %

Ástundun, vinnubrögð og umgengni 30 %.

Matreiðsla

Kennari: Ólöf Jónsdóttir.

Tímafjöldi: Þrjár kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið: Að nemendur geti unnið sjálfstætt eftir mismunandi uppskriftum og þjálfvi verklega færni.

Námsefni: Ljósrit frá kennara.

Kennslutilhögun: Nemendur elda og baka eftir uppskriftum og leiðbeiningum kennara. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Bakstur fara nemendur með heim annað er borðað í tímanum.

Nemendur vaska upp og ganga frá.

Námsmat: 70% Frammistaða og hegðun í tímum, frágangur, samvinna, vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum. 30 % Verklegt próf í lok annar.

Myndlist

Kennari: Margrét Jónsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Sjónræn upplifun er stór þáttur skynjunar og skilnings mannsins á heiminum enda bendir flest til þess að hann hafi allt frá upphafi vega myndgert líf sitt og umhverfi í margvíslegum tilgangi.

Myndir hafa sitt eigið tungumál, myndmál, og maðurinn hefur alla tíð notað myndir sem boðtæki þeirra hluta sem ekki er hægt að lýsa á annan hátt. Myndmál miðlar viðhorfum, skoðunum og hugmyndum samfélagsins ekki síður en tungumál.

Í nútímasamfélagi er myndin gífurlega mikilvægur áhrifavaldur. Fyrir utan hefðbundna myndlist má nefna aukið vægi myndmiðla á borð við kvikmyndir, sjónvarp, auglýsingar, blaðaútgáfu og tölvur. Þáttur myndhugsunar hefur því vaxið hratt í upplýsingasamfélagi nútímans en ekki að sama skapi almennur skilningur á eðli og áhrifamætti myndar. Markmið myndlistarkennslu er því, auk þess að kenna tjáningarleiðir myndlistar, að gera nemendum kleift að skilja myndræna hugsun og gera þá læsa á sjónrænt umhverfi sitt, hvort sem um er að ræða fagurlistaverk listasafna eða myndmál „götunnar“. Nútímamanninum er nauðsynlegt að lesa myndir og skilja eðli þeirra. Til þess að hafa vald á umhverfi sínu þarf hann að vega og meta myndræn skilaboð.

Á þessu stigi er áhersla lögð á sjálfstæða vinnu nemenda á grundvelli fyrra náms. Myndlist er skyldunámsgrein í 8. bekk en í 9. og 10. bekk er um valgrein að ræða.

Valið er hugsað eins og stutt námskeið fyrir unglinga í listaskóla.

Myndlistarnám felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og mat hins vegar.

Kennslan byggist á að þroska færni nemanda á báðum þessum sviðum. Nemendur vinna verkefni sem fela í sér hugmyndavinnu, ítarlega skissugerð og verklega útfærslu.

Farið er á listasafn eða myndlistarsýningu og unnið út frá listasögunni, bæði skriflega og verklega.

Lögð er áhersla á öguð vinnubrögð.

Námsefni: Höfundur er kennarinn.

Kennslutilhögun: Kennslan byggist á að þroska færni nemanda, námið felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og mat hins vegar. Myndlistarkennsla skal byggjast á því að þroska færni nemanda á báðum þessum sviðum.

Sköpun/túlkun/tjáning

Þessir færniþættir vísa til notkunar nemandans á fjölbreytilegu úrvali efniviðar og miðla greinarinnar til þess að skapa og tjá tilfinningar, hugsanir, hugmyndir og lausnir.

Skynjun/greining/mat

Þessir færniþættir vísa til þekkingar og skilnings á eðli myndlistar og á menningarlegu samhengi hennar; enn fremur til hæfninnar til að skynja og skilgreina myndlist og meta á rökstuddan hátt.

Inntak myndlistarnáms er flokkað í

- o lögmál og aðferðir greinarinnar
- o félagslegt og sögulegt samhengi
- o fagurfræði og rýni

Námsmat: Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, uppdrættir og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnir til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Lokaeinkunn byggist á símati þar sem verkefni/vinnubrögð gilda 40%, ástundun 20%, frumkvæði 20% og hegðun 20%.

Myndlist/þrívídd

Valið í myndlistinni er hefðbundið myndlistarnám, hugsað eins og námskeið í listaskóla.

Myndlistarnám felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og mat hins vegar. Kennslan byggist á að þroska færni nemanda á báðum þessum sviðum. Nemendur vinna verkefni sem fela í sér hugmyndavinnu, skissugerð og útfærslu. Þrívídd: Mótað er á þrívíðan hátt úr pappamassa og lögð áhersla á öguð vinnubrögð.

Unnið út frá listasögunni skriflega og verklega, listasöfn og listamenn eru skoðaðir á netinu, í bókum, myndbandsspólum og DVD diskum. Farið á listasöfn og sýningar og listamenn ef til vill heimsóttir.

Kennslutilhögun: Kennslan byggist á að þroska færni nemanda, námið felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og mat hins vegar. Myndlistarkennsla skal byggjast á því að þroska færni nemanda á báðum þessum sviðum.

Sköpun/túlkun/tjáning

Þessir færniþættir vísa til notkunar nemandans á fjölbreytilegu úrvali efniviðar og miðla greinarinnar til þess að skapa og tjá tilfinningar, hugsanir, hugmyndir og lausnir.

Skynjun/greining/mat

Þessir færniþættir vísa til þekkingar og skilnings á eðli myndlistar og á menningarlegu samhengi hennar; enn fremur til hæfninnar til að skynja og skilgreina myndlist og meta á rökstuddan hátt.

Inntak myndlistarnáms er flokkað í

- o lögmál og aðferðir greinarinnar
- o félagslegt og sögulegt samhengi
- o fagurfræði og rýni

Námsmat: Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, upprættir og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnir til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Lokaeinkunn byggist á símati þar sem verkefni/vinnubrögð gilda 40%, ástundun 20%, frumkvæði 20% og hegðun 20%.

Poppsaga

Kennari: Guðmundur Hermannsson

Poppsaga er valnámskeið þar sem könnuð er saga dægurtónlistar. Viðfangsefnið er saga dægurtónlistar frá því fyrir daga Bill Hailys til dagsins í dag. Farið verður yfir þróun dægurtónlistar í grófum dráttum.

Markmið

Að nemendur kynnist helstu tímamótum í sögu dægurtónlistar og þeirra tónlistarmanna sem höfðu mest áhrif á þróun hennar. Læri fagleg vinnubrögð í heimildanotkun og frágangi texta. Þjálfist í að vinna í hóp.

Þjálfist í framsögn og að kynna efni fyrir áheyrendum. Sýni frumkvæði og skipulagshæfni við öflun upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum um valin efni

Kennslutilhögun

Kennsla byggist mikið á fyrirlestrum frá kennara sem og kynningum nemenda. Verkefnavinna er töluverð og þurfa nemendur bæði að vinna einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Námsmat

Byggist á frammistöðu og hegðun í tímum og úrvinnslu þeirra verkefna sem úthlutað verður.

Námsmat	Efnistöð og úrvinnsla á kynningum	60%
	Framsögn og flutningur kynninga	15%
	Vinna og frágangur á kynningum	15%
	Ástundun og hegðun í tíma	10%

Skartgripagerð

Kennari: Gróa Björk Hjörleifsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku.

Markmið:

Að nemandinn

- þekki og kunnist að umgangast þau verkfæri sem til þarf við gerð skartgripa
- Læri að hanna og búa til skartgripa úr silfri
- Nýti sér tölvutækni og bækur við hugmyndaleit.
- Hafi kunnáttu við að nota verkfærin.
- Geti metið á sjálfstæðan hátt hvaða kröfur eru gerðar til vandvirkni og frágangs.
- Geti unnið sjálfstætt.

Kennslufyrirkomulag:

Kennari fer yfir kennslutillögu með nemendum, segir frá markmiðum námskeiðsins. Nemendur fá að sjá gripi frá kennara, skoðaðar eru bækur, rætt er um skartgripagerð og hvernig sú vinnsla fer fram. Nemendur hanna sjálfir sína gripi, teikna þá upp og yfirfæra þá á silfrið. Nemendur læra að

saga út með silfursögum, læra að kveikja málma saman og læra almennt um alla vinnslu í skartgripagerð.

Lokamarkmið áfanga. Nemandi hafi fengið innsýn í og öðlast þekkingu á efnum og vinnsluaðferðum við smíði skartgripa.

Námsmat:

Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum, hegðun, verklægni og framförum á því sviði. Frágangi skartgripa og allri vinnu við þá.

Hver gripur/verkefni er metinn til einkunnar (50%)

- Áhugi og hegðun (20%)
- Iðni, sjálfstæð vinnubrögð og frumleiki (30%)

Skák

Kennari: Haraldur Axel Einarsson

Markmið

Nemendur kynnist skáklistinni, læri mannganginn, einfaldar byrjanir, geti leyst ákveðnar skákstöður, geti tekið þátt í skákmóti.

Kennslutilhögun

Fyrirlestrar og verklegar æfingar

Námsmat

Mat lagt á vinnu í tímum og þau verkefni sem nemendur vinna að og skila til kennara.

Skrautskrift

Kennari: Eygló Pétursdóttir

Tímafjöldi: 2 tímar á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Að nemendur

- Læri að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift
- Læri myndun stafa, stafagerð, form þeirar og lögun.
- Læri einfaldar skreytingar s.s. lykkjur og skyggingar.

Námsefni:

Ljósritað efni frá kennara.

Kennslutilhögun:

Nemendur læra með tilsögn kennara að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift. Þegar búið er að ná tókum á beitingu verkfæra er farið í myndun stafa og stafagerð. Nemendur æfa sig í tímum eftir forskrift og smám saman læra þeir einnig einfaldar skreytingar. Auk verkefna í tímum vinna nemendur verkefni heima sem þeir safna í nemendamöppu.

Námsmat:

Yfir önnina safna nemendur öllum sínum verkefnum í svokallaða nemendamöppu sem þeir skila í lok annar og er hún metin ásamt frammistöðu nemenda í tímum. Í lok annar fá nemendur einkunn sem byggð er á eftirfarandi þáttum:

Verkefnamappa	40%
Heimavinna	10%
Ástundun, virkni, áhugi og vinnubrögð	50%

Smíði

Kennari: Gunnar Valdimarsson

Kennslufyrirkomulag: Kennslan byggist á einstaklingsmiðuðu námi þar sem hver einstaklingur hennar og býr til einhvern hlut td. hillu, skáp, borð eða annan nytjahlut úr timbri. Farið er í örlitla efnisfræði samhliða smíði og hönnun hlutarins og efnisvali.

Námsmat: Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum, verklægni og framförum á því sviði.

Frágangi smíðahlutar og allri vinnu við hann. Vinnsla hugmyndar til veruleika.

Hvernig nemandi tekur og vinnur úr þeirri tilsögn sem hann hlýtur í tímum.

Ástundun	15%
Virkni í tímum	15%
Verklægni	20%
Frágangur hlutar og smíði	38%
Vinnsla hugmyndar	12%

1. vika. Áfangin kynntur og unnið að frumhugmyndum nemanda. Nemendur teikna upphugmynd og málsetja hana gróflega og taka með heim til að skoða við þær aðstæður sem þeir hugsa hlutinn í.

vika. Hugmyndin skoðuð með nemandanum og útfærð nánar. Farið í efnisval og útvegum á því.

2. vika. Smíði hefst.

15. vika. Smíði lýkur með fullunnu stykki með yfirborðsmeðhöndlun og öllu tilheyrandi.

Lokamarkmið áfanga. Nemandi hafi fengið innsýn í og öðlast þekkingu á eignum og vinnsluaðferðum við smíði nytjahlutar.

Spænska

Kennari: Kristinn Óskarsson

Markmið

Að nemandinn

- fái innsýn í spænsku og geti undirbúið frekara nám í framhaldsskóla
- geti lesið einfaldan texta í nútíð.
- geti kynnt sig og nánasta umhverfi í töluðu og rituðu máli.
- auki orðaforðann markvisst.
- kynnist beygingu reglulegra sagna og þremur óreglulegum sögnum í nútíð
- þjálfri færni sína í notkun orðabóka og uppléttirita.
- kynnist menningu, lifnaðarháttum, landafræði og sögu Spánar

Kennslutilhögun

- Nemendur fá þjálfun í hlustun með textuðum og ótextuðum myndböndum, hlustunaræfingum tengdum dægurlögum og samskiptum við kennara.
- Nemendur þjálfra munnlega þátt námsins með samtalsæfingum, tveir saman og/eða í hópum og samtölum þeirra við kennara.
- Nemendur auka lesskilning sinn með notkun textablaða, glósuvinnu og vinnu á netinu.
- Ritunarþátturinn er þjálfður með verkefnum á ljósriti og stílagerð.
- Nemendur læra grunnatriði málfræðinnar með því að skilja málfræðiuppbyggingu tungumálsins, að bera saman við móðurmál og jafnvel önnur tungumál og markvissum málfræðiæfingum.
- Nemendur fá innsýn í menningu, lifnaðarhátt, landafræði og sögu Spánar með fyrirlestrum, myndböndum og bókum.

Námsmat

Verkefni annarinnar 50% og lokapróf 50%

Staðbundin ferðamálafræði

Kennari: Martha Jensdóttir

Markmið:

-að nemendur þekki sitt nánasta umhverfi: sögu, örnefni, jarðfræði, gróður og dýra- og fuglalíf.

-að nemendur þekki nágrannabyggðir sínar: atvinnuhætti, íbúafjölda, sérkenni og sérstöðu, þjóðsögur og merkisstaði svo og kirkjur, söfn og orkuver.

Námsefni:

Efni frá kennara: Fuglar, hvalir, gróðurfar, jarðfræði, saga svæðisins.

Upplýsingar frá hverju byggðarlagi fyrir sig. Kort t.d. sérkort af svæðinu svo sem sögukort eða göngukort.

Kennsla:

Farið í dagsferð að hausti um Reykjanesskagann.

Unnið út frá því sem þar er að sjá. Fyrirlestrar um efnið. Nemendur vinna við einstaka þætti að eigin vali. Nemendur afli sér upplýsinga gegnum tölvu og/eða með viðtölum við íbúa (t.d. eldri borgara) eða bæjaryfirvöld hér og í nágrannabæjum. Nemendur vinni upplýsingaspjald um Reykjanesið og haldinn er hugarflugsfundur þar sem nýjar hugmyndir um möguleika þessa svæðis sem ferðamannastaðar eru ræddar.

Verkefnakynning/námsmat:

Nemendur kynni verkefni sín og námsmat byggist á þeirri vinnu. Nemendur meti eigin vinnu og frammistöðu. Einnig fer fram jafningjamat.

Stuttmyndagerð

Kennari: Brynjar Harðarson

Leiðsögn við gerð stuttmynda. Farið verður í handritagerð, myndatöku og klippingar. Nemendur vinna saman í hóp, þróa hugmynd og útfæra hana sem kvikmynd. Gert verður ráð fyrir að nemendur vinni talsvert utan skólatíma (við tölur og klippingar).

Námsmat: Lagt verður mat á það hversu vel nemendur tileinka sér eftirfarandi þætti stuttmyndagerðar: handritsgerð, kvikmyndatöku, eftirvinnslu – hljóðvinnslu, klippingu og lokafrágang.

Textíl

Kennari: Hanna Vilhjálmsdóttir

Markmið

Að nemendur læri undirstöðuatriðin í prjóni, hekli, útsaum og fatasaum. Læri að fara eftir skriflegum leiðbeiningum og einföldum uppskriftum.

Kennslutilhögun

Í fyrstu tímunum vinna nemendur litlar prufur og setja í möppu. Nemendur velja sér síðan verkefni út frá þessum flokkum sem þeir fullvinna. Nemandi fær þjáfun í að móta hugmynd og vinna út frá henni fullunnið verk.

Námsmat

Prufumappa 40%, verkefni 30%, iðni, áhugi, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð 20%, heimavinna 10%

Tjáning

Kennari: Guðný Kristjánsdóttir.

Tímafjöldi: 2 stundir á viku samliggjandi.

Markmið: Nemendur geti staðið upp og tjáð sig frjálsglega um almenn málefni og eigin skoðanir. Hafi tileinkað sér grunntækni greinarinnar í skapandi vinnu. Nemendur þróa raddbeitingu og látbragð, skapi og túlki leikþætti með mismunandi aðferðum, leiklesi og setji jafnvel upp bókmenntaverk.

Námsefni: látbragð og hreyfing til túlkunar á líðan og tilfinningum, hlutverkaleikir, leikverk valið í samráði við nemendur, texti til upplestrar, ýmist sem kennari velur eða nemendur sjálfir.

Kennslutilhögun: kennari býr til aðstæður þar sem nemendur þurfa að setja sig í spor annara, þurfa þannig að túlka og skapa persónur. Leikverk lesið og sett upp.

Námsmat: frumleiki í hugsun, túlkun á niðurstöðum (framkoma, framsögn, hæfni til að túlka) hlustun á aðra nemendur, samstarfshæfni. Hafi öðlast skilning á leiklist sem tjáningarformi og geta notið leiklistar á jákvæðan og gagnrýninn hátt. Geta sett sig íg í spor annarra í viðteknum mannlegum samskiptum.

Tónlist

Nemendur sem stunda nám í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar fá nám sitt metið sem eina valgrein, þ.e. tvær kennslustundir.

Tæknilego

Kennari: Hanna Vilhjálmsdóttir

Markmið

Að nemendur hanni tölvustýrðan Legó-róbót sem þarf að leysa ákveðin verkefni. Að nemendur læri að vinna saman að hugmynd, þróa og finna lausnarferlið.

Kennslutilhögun

Nemendur vinna með Legó Mindstorm Robót ásamt tölvuforriti og sérstakri þrautabraut. Nemendur vinna saman í hópum þar sem allir hafa hlutverki að gegna. Nemendur í valinu taka þátt í First Lego League keppninni sem haldin er eina helgi í nóvember.

Námsmat

Samvinna í hópastarfi 30%, virkni í kennslustundum 30%, áhugi 30%, frágangur og vinnubrögð 10%

Undur vísindanna

Markmið

Að nemendur:

- fái tækifæri til að afla sér nýrrar og dýpri þekkingar á sviði náttúruvísinda
- þjálfji sjálfstæð vinnubrögð við verklega vinnu
- setji fram niðurstöður sínar á fjölbreyttan og vandaðan hátt (Aðalnámsskrá Náttúrufræði bls. 67)

Kennslutilhögun

- Unnið að 2-3 verklegum æfingum
- Heimildarvinna, heimilda aflað úr bókum, af neti og með eigin athugunum og könnunum
- Dæmi um viðfangsefni, rafmagn, kjarnorka, hvalir, sólkerfið, ljós, vistkerfi í heimabyggð, erfðafræði

Nemendur velja í samráði við kennara 2 -3 viðfangsefni til að kynna sér ítarlega. Unnið verður bæði einstaklingslega og í smærri hópum.

Námsmat

Verkefnamappa, sem innihaldi skýrslur, vinnuferla o.fl. 30%

Heimildarverkefni og kynning 40 %

Ástundun, vinnubrögð og umgengni 30 %

Hluti af námsmati er sjálfsmat og jafningjamat

Uppeldi og menntun

Kennari: Eygló Pétursdóttir

Markmið

Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi á menntastofnunum og fái innsýn í þau störf sem þar eru unnin s.s. í grunnskóla, leikskóla og á bókasafni. Einnig öðlast nemendur grunnfærni í skyndihjálpi.

Kennsluhættir

Valáfanginn byrjar á námskeiði í skyndihjálpi. Eftir það fara nemendur á vinnusvæði og eru á hverju svæði í 2 kennslustundir á viku í u.þ.b. 2 - 3 vikur í senn. Nemendur aðstoða starfsmenn í

yngrri bekkjum skólans, á bókasafni og í leikskólum. Nemendur skila stuttri greinagerð þegar kynningu á vinnusvæði lýkur. Í lok annar eiga nemendur að halda kynningu þar sem þeir stikla á stóru varðandi þau verkefni sem þeir hafa unnið yfir önnina.

Námsmat

Ástundun, sjálfstæð vinnubrögð, virkni 60%

Verkefnin 20%

Lokakynning 20%

Í samvinnu við Njarðvíkurskóla:

Tákn með tali

Markmið: Að nemendur læri grunnatriði í notkun tákna með tali (TMT) og kynnist uppbyggingu þess. Nemendur læri orðaforða/tákn sem tengjast fólki, nánasta umhverfi, tölum, litum, mat og drykk. Kennari sýnir nemendum hvernig hvert tákn er myndað og þjálfar nemendur í að tjá sig með táknum. Nemendur læri að spyrja einfaldra spurninga, gefa einföld fyrirmæli og þjálfist í að tjá sig með táknum sín á milli. Nemendur fara í vettvangsferðir sem tengjast námsefninu. Nemendur kynnast táknum úr fingrastafrófi heyrnarlausra.

Námsmat: Verkefnamappa nemenda er metin, gildir 20% af lokaekunn, námsbók, Upp með hendur metin, gildir 10% af lokaekunn, sex kannanir úr námsefninu lagðar fyrir nemendur og gildir hver könnun 10% af lokaekunn, vinnusemi og áhugi nemenda í tímum er metin og gildir sem 10% af lokaekunn

Í samvinnu við Holtaskóla:

Tölvugrafík

Markmiðið er að kynna fyrir nemendum möguleika myndvinnslu í tölvum. Kennt verður á forritið Photoshop elements. Að loknum þessum áfanga er gert ráð fyrir að nemendur geti unnið á markvissan og skapandi hátt við myndvinnslu í Photoshop.

Námsmat: Frammistaða í tímum, meðferð efnis og áhalda, skylduverkefni þurfa að klárast, kurteisi, iðni, jákvæðni, áhugi og sjálfstæð vinnubrögð.

Valgreinar aðeins í 10. bekk

Enska ENS 103

Námfni:

New First Certificate Master Class : lesbók

Ensk-íslensk skólaorðabók (Örn og Örlygur)

New First Certificate Master class : vinnubók (án svara)

Killing Mr. Griffin

Áfangalýsing:

Málfræði og orðaforði

Í beinu framhaldi af námi í grunnskóla eru undirstöðuatriði enskrar málfræði, sérstaklega þau atriði sem reynast íslenskum nemendum erfið, rifjuð upp í efnislegu samhengi við aðra þætti námsins. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Hraðlesið efni valið við hæfi nemenda. Markvissar hlustunaræfingar. Enskt talmál æft

m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Skriflegi þátturinn þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í tengslum við þá efnisflokkka sem unnið er með. Nemendum leiðbeint í notkun orðabóka. Kennt í Fjölbrotaskóla Suðurnesja.

Íslenska grunnur

Valið er ætlað nemendum sem vilja þjálfa betur undirstöðuatriði greinarinnar. Áhersla er lögð á að vinna með grunnþætti íslenskunnar á heildstæðan og skapandi hátt s.s. með söguaðferðinni, útfært með myndrænum hætti og tónlist í nánum tengslum við umhverfið og náttúruna, þjóðsögur og ævintýr. Markmiðið er að efla móðurmálsgrunn nemenda fyrir áframhaldandi nám í íslensku, bæði í 10. bekk og í framhaldsskóla. Þetta val er mjög gott fyrir þá sem vilja styrkja námstökin. Nemendur vinna bæði í skólanum og skila heimaverkefnum.

Námsmat: Nemendamappa, skapandi ritun og framsögn.

Kynning á rafmagni RAL 103

Í áfanganum fá nemendur að kynna störfum rafvirkja og rafeindavirkja auk þess sem handverkfæri eru kynnt og nemendum kennt að nota þau rétt. Farið er m.a. í rafmagnsfræði, rofabúnað og rafeindarásir þar sem nemendur fá að smíða einfaldar rafeindarásir, eins og t.d. blikkara. Áfanginn er metinn til þriggja eininga í grunndeild rafiðna.

Náttúrufræði

Kennari: María Óladóttir

Tímafjöldi: Þrjár kennslustundir á viku hálfan veturinn

Markmið :

Að nemendur:

- Að styðja við þá nemendur sem stefna á samræmt próf í greininni
- Farið verður ítarlegar í námsefni 10. bekkjar, með áherslu á eðlisfræði og efnafræði.
- Góð upprifjun á lífvísindahluta 8. bekkjar fruman, frumuskipting, einkenni lífvera og nauðþurftir, vistkerfi
- Góð upprifjun á lífvísindahluta 9. bekkjar ríkin fimm og einkenni þeirra
- Góð upprifjun á eðlisvísindahluta 8. bekkjar kraftar, núningur, lögmál Newtons, hraði , hröðun
- Fara vel í útreikninga, hraða, hröðun, lestur myndrita, afl, vinna, orka
- Að nemendur læri um byggingu frumeinda og þekki helstu eindir þeirra. Fór í þetta með bekkjunum
- Þekki kjarnorku, geislavirkni og krafta þar að lútandi
- Að nemendur þekki lotukerfið og röðun efna í það Fór í þetta með bekkjunum
- Að nemendur geti stillt efnajöfnur Fór í þetta með bekkjunum
- Að nemendur skilji og geti lýst bruna og ljóstillífun m.a. með hjálp efnaformúla og efnajafna.
- Einnig upprifjun á helstu hugtökum sem farið var í 9. bekk
- Farið í 2. kafla STS, einkenni stjarna, tilurð alheimsins, HR- línuritið

Kennslutilhögun:

Þrjár samfelldar kennslustundir á viku eftir áramót. Fyrirlestrar, verkefnavinna, vinna í tölvuveri.

Námsmat:

Tvö stutt próf á önninni úr efnafræði og 6. kafla Orku, varð 1 próf úr STS. Nemendur skili verkefnamöppu, sem innihaldi skýrslur, vinnuferla o.fl., heimaverkefni, tímavinna o.fl. metið til einkunnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat reglulega yfir önnina

Vinumappa 25 %

Sjálfsmat af áætlun 25 %

Vinnueinkunn kennara 25 %

Próf út 2. kafla Sól, tungl og stjörnur 25 %

Námsefni:

Þórir Ólafsson . 1990. **Efnafræði**. Námsgagnastofnun, Rvk. Myndbönd og ljósrit. Kafla 7 – 12 farið var í kafla 1 – 6 í 9. bekk var ekki notuð

Hálfðan Ó. Hálfðanarson þýddi og staðfærði.fl. 1998. **Orka** ,Námsgagnastofnun, (6. kafla)

Þorsteinn Vilhjálmsson þýddi og staðfærði.fl.. 2001. **Sól, tungl og stjörnur** , Námsgagnastofnun, 2. kafla.

Gömul samræmd próf.

Ljósrituð upprifjunarhefti.

Orkuvefurinn <http://www.nordlingaskoli.is/orka/>

Saga með áherslu á styrjaldir í fortíð og nútíð

Kennari: Martha Jensdóttir

Markmið

- að nemendur fái áhuga á að kynna sér sögu mannkyns
- að nemendur skilji áhrif fyrri styrjalda á landskiptingu/menningu í dag
- að nemendur kunnir skil á heimsstyrjöldunum tveimur
- að nemendur fái hugmynd um kalda stríðið, njósir, vígbúnaðakapphlaup stórveldanna, stjórnmálasögu síðari tíma og þau áhrif sem þetta hefur á nútímann
- að nemendur skilji betur og fái aukinn áhuga á fréttum og atburðum samtímans, geti rætt þær og velt fyrir sér hugsanlegum áhrifum þeirra á framtíðina

Kennslutilhögun

Unnið verður með valda kafla úr námsefni áfangans. Auk þess verða lesin dagblöð og hlustað og /eða horft á fréttir í ljósvakamiðlum eftir því sem hentar. Tölvuleit og bókalestur á öllu efni sem tengist sögu, styrjöldum, njósnum eða öðru tengdu efni.

Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, umræðna, hópverkefna, sýningu myndbanda og námsferða ef mögulegt er. Unnin verkefni úr kvikmyndum. Langmestur hluti af vinnu nemenda fer fram í kennslustundunum.

Námsmat

Ritgerð um sjálfvalið efni 50%

Lokapróf úr afmörkuðu efni 20%

Vinna í tímum 10%

Jafningjamat 10%

Sjálfsmat 10%

Spænska 103

Málfræði og menning. Í áfanganum er lögð áhersla á grundvallaratriði í málfræði spænskrar tungu og menningu spænskumælandi þjóða. Einnig eru nemendur þjálfaðir í að tjá sig um almenn atriði

daglegs lífs í ræðu og riti. Réttitun og framburður er æfður ásamt þjálfun í les-skilningi. Nemendur eru hvattir til að nota kennsluforrit á spænsku til að æfa sig í málfræði, orðaforða, framburði, réttitun og lesskilningi.

Stærðfræði STÆ 103

Námsefni:

STÆ 103

Áfangalýsing:

Jöfnur, rúmfræði og hlutföll

Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna og þrauta. Meginviðfangsefnin eru á sviði rúmfræði en jafnframt er talnameðferð rifjuð upp og jöfnur. Fjallað er um nokkur hugtök evklíðskrar rúmfræði og hlutverk hennar í vestrænni menningu, hnitakerfið og jöfnu beinnar línu. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á hlutfallshugtakið frá mörgum hliðum. Auk styttri verkefna vinni nemendur a.m.k. eitt samvinnuverkefni eða stutta ritgerð, t.d. um rúmfræði í sögulegu eða menningarlegu samhengi.

Stærðfræðigrunnur

Kennari: Þórey Garðarsdóttir

Tímafjöldi: 2 tímar á viku hálfan veturinn

Markmið:

Að nemendur:

- Styrki þá þætti sem koma fyrir í námsefni fyrri ára.
- Styrkja grunn nemenda undir áframhaldandi nám í stærðfræði bæði í 10. bekk og í framhaldsskóla

Valið er ætlað nemendur sem standa ekki nógu vel í grunnatriðum stærðfræðinnar og hafa ekki náð undirstöðuatriðum greinarinnar í 8. og 9. bekk. Áhersla verður lögð á að styrkja þætti sem koma fyrir í námsefni fyrri ára. Markmiðið er að styrkja grunn nemenda undir áframhaldandi nám í stærðfræði bæði í 10. bekk og í framhaldsskóla. Þetta val er upplagt fyrir þá sem vilja taka sig á í námi. Nemendur vinna bæði í skólanum og heima að verkefnum.

Helstu efnisþættir:

Talnareikningur

Prósentur

Rúmfræði

Stæður og jöfnur

Almenn brot

Tugabrot

Tölfræði

Námsefni:

- Stærðfræði handa fornámi
- Ýmis ljósrít úr STÆ I og STÆ II

Kennsluáætlun

Vika 1 – 4: Talnareikningur og prósentur

Vika 5 – 8: Rúmfræði og stæður og jöfnur

Vika 9 – 12: Almenn brot og tugabrot

Vika 13 – 15: Tölfræði og lokapróf

Námsmat:

- Heimadæmi 20%
- Vinna og ástundun 40%
- Próf 40%